



KVENNAVELDI Í BORGARBYGGÐ ▶ 26



HJÓN HANNA UPPLIFUN ▶ 30

Margt smátt ...
Jólablað Hjálparstarfs
kirkjunnar fylgir
Fréttablaðinu í dag!



FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
29. nóvember 2014
281. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



GEFST EKKI UPP

Dóra S. Bjarnason hefur ítrekað óskað eftir nauðsynlegri þjónustu fyrir son sinn Benedikt. Með hækkandi aldri getur hún sjálf ekki veitt honum þá aðstoð sem hann þarf en heldur ótrauð áfram að leita lausna fyrir son sinn. ▶ 22



TÁNINGABÓK Sigurður Pálsson segir svakalegt að vera táningur, það ætti ekki að leggja á nokkurn mann. ▶ 44



VILJA EFLA ÖRYGGI KVENNA Í BORGUM HEIMS ▶ 38



TEIKNING ER ÁHUGAMÁL
Matthildur Margrét Árnadóttir myndskreytir bók. ▶ 62

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka

OPÍÐ
24
TÍMA

Iceland

**TENDRUM
JÓLALJÓS!**

Dagskrá á bls. 14-15

SMÁRALIND

KL 15.30
TENDRUM VIÐ LJÓSIN

OPÍÐ FRÁ
KL 10-18 Í DAG

Kringlan


GLEÐIFRÉTTIN

Fyrsta myndlistarsýning Ladda

Það var vegna fjölda áskorana sem grínistinn Þórhallur Sigurðsson, Laddi, og eiginkona hans, Sigríður Rut Thorenson, ákváðu að halda sína fyrstu myndlistarsýningu. Á sýningunni sem opnuð verður í dag eru akrýlteikningar og nokkur olíumálverk. Tvær myndanna gerðu hjónin í sameiningu en þau hafa verið að dunda við myndlist í frístundum undanfarnin þrjú ár, sagði Laddi við Fréttablaðið.

„Við vorum að sýna eitthvað af þessum myndum á Facebook og eftir það vorum við mönud upp í þetta,“ sagði hann.

Laddi gat þess að þau hjónin væru með ólíkan stíl, hann væri meira í fígúrum, andlitum og svoleiðis.



FIMM Í FRÉTTUM NÚLL PRÓSENT VERÐBÓLGA OG LÆKNIR Á LEIKSKÓLA



Björn Porri Viktorsson er lögmaður Sævars Jóns Gunnarssonar sem höfðaði mál gegn Landsbankanum vegna neytendaláns sem hann tók. EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri leyfilegt að miða í verðtrygðum lánasamningum við 0 prósent verðbólgu.



Birgir Jakobsson var ráðinn landlæknir til næstu fimm ára. Snýr Birgir heim til Íslands eftir 36 ára veru í Svíþjóð. Geir Gunnlaugsson var ekki endurráðinn en hann sótti einnig um stöðuna.



Eygló Harðardóttir velferðarráðherra hefur skipað starfshóp til að fara yfir virkni fæðingarorlofskerfisins. Hlutfall feðra sem tekur fæðingarorlof hefur farið minnkandi ár frá ári síðan 2009.



Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, var í fréttum í vikunni. Að mati lektors við lagadeild HÍ ræður innihald greinargerðar sem Sigríður sendi aðstoðarmanni innanríkisráðherra því hvort lögbrot hafi verið framið.

→ **Liana Belinska** vinnur á leikskóla og maðurinn hennar vinnur á eldhúsi á spítala. Hún er menntaður kvensjúkdómalæknir og hann er menntaður í skurðlækningum. Hún segir menntun sína ekki metna að verðleikum.



Mikil vætutíð yfir helgina:

Viðbúnaður vegna vatnavár

VEÐUR Búist er við mikilli úrkomu um helgina og fram á mánudag og hefur veðurstofan sent út viðvörðun vegna mögulegra vatnavaxta.

Gert er ráð fyrir úrkomu á Vestur-, Suðvestur-, Suður- og Suðausturlandi og mest verði af henni í kringum fjöll og jökla. Þar sem sólarhringsúrkomu verður mest gæti hún orðið um og yfir 100 millimetrar.

Vöð yfir ár gætu orðið varhugaverð og eru ferðalangar á Snæfellsnesi og við Eyjafjalla- og Mýrdalsjökul beðnir um að hafa varann á.

- joe

Olíuverð hrífellur áfram:

Olíuverð ekki lægra í fimm ár

VIÐSKIPTI Heimsmarkaðsverð á olíu lækkaði áfram í gær eftir að Samtök olíuframleiðsluríkja sögðu að ekki yrði dregið úr framleiðslu. Verð á hráolútunnu er nú undir 75 dólum í Bandaríkjunum og hefur ekki verið lægra í fimm ár. Verðið hefur lækkað um þrjátíu prósent frá því í sumar.

Ástæða lækkunarinnar er að Bandaríkin og OPEC-löndin eiga miklar olíubirgðir en jafnframt er eftirspurn minnkandi í Evrópu og Kína.

Framkvæmdastjóri FÍB segir verðið hér ekki hafa lækkað í takt við þróunina ytra.

- joe



GULLFOSS Stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar (SAG) hefur ályktað gegn upptöku náttúrupassans.

FRÉTTABLAÐIÐ/SAG

Náttúrupassi í gegn hjá ríkisstjórninni

Frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra um náttúrupassa var samþykkt í ríkisstjórn í gær. Þingflokkur Framsóknarflokksins ræddi passann í gær en málið var ekki afgreitt á fundinum. Dósent í ferðamálafræði gagnrýnir áformin harðlega.

FERÐAÞJÓNUSTA Ríkisstjórnin samþykkti í gær frumvarp Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um náttúrupassa. Samkvæmt frumvarpinu verður passinn seldur átján ára og eldri fyrir fimmtán hundruð krónur og mun hann gilda í þrjú ár.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var frumvarpið rætt á þingflokksfundum ríkisstjórnarflokka á gærkvöldi. Engin ákvörðun var tekin á fundi þingmanna Framsóknarflokksins þar sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra gat ekki mætt til að kynna málið. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins samþykkti aftur á móti að veita málinu þinglega meðferð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að öll svæði í eigu og umsjá ríkis og sveitarfélaga verði undir gjaldinu og að það sama gildi gagnvart Íslendingum og útlendingum. Hvati verður



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR

fyrir einkafyrirtæki að taka þátt með greiðslum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Ekki verður skylt að ganga með passann á sér heldur mun rafrennt kerfi halda utan um handhafana.

Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði við Háskóla Íslands, gagnrýnir áform um náttúrupassa og segir þau leggja gjald á landsmenn vegna útpenslu einnar atvinnugreinar og átroðnings erlendra gesta.

„Þá þurfa Íslendingar að fara að borga fyrir að skoða náttúru landsins sem þeir hafa hingað til haft frjálstan aðgang að. Vegna þess að það er vöxtur í atvinnugreininni

„Þetta finnst mér hættuleg þróun.“

Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði við Háskóla Íslands

ferðaþjónustu og vegna þess að erlendum ferðamönnum fjölga það mikið að það veldur ágangi á náttúru landsins. Þetta finnst mér hættuleg þróun.“

Anna bendir á að lög hafi verið í gildi í margar aldir um að landsmenn megi ferðast frjálst um land sitt.

„Það gilda lög hér í landinu um almennarétt og það þýðir að almenníngur hefur frjálstan aðgang að landi og ef það er ekki lengur til staðar þá er búið að breyta lögum um almennarétt. Að ætla að fara að breyta þeim lögum vegna þess að hér er mikill vöxtur í einni atvinnugrein er stórmál,“ segir Anna.

- lb / hg



ÁNÆGJA Íslensku kokkarnir léku á als oddi við heimkomuna í gær.

MYND/SVEINBJÖRN ÚLFARSSON

Íslenska kokkalandslíðið náði sínum besta árangri til þessa:

Matreiddu sig upp í fimmta sæti

IÐNAÐUR „Þeir voru að keppa við stórar þjóðir sem setja mikið í þessa keppni,“ segir Margrét Sigurðardóttir, sem fylgdi íslenska kokkalandslíðinu á heimsmeistararnót í Lúxemborg.

Íslensku kokkarnir fengu gull fyrir bæði heita rétti og kalt borð og enduðu í fimmta sæti. Lið Singapúr fór með sigur af hólmi. „Þetta er besti árangur Íslands hingað til,“ segir Margrét. Þrjátíu þjóðir kepptu í flokki Íslendinganna en alls voru þrettán í liðinu.

„Liðið lagði áherslu á íslenskt hráefni og tók allt sem hægt var með sér út, meðal annars fisk og lambakjöt,“ segir Margrét.

Kokkarnir fengu konunglegar móttökur við heimkomuna síðdegis í gær. Meðal annars sprautaði slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli vatni í heiðurssskyni yfir þotuna sem liðið flaug með.

- gar

www.n1.is facebook.com/enneinn

Komdu inn úr kuldánnum



Hluti af öruggri vetrarumferð



Formaður ÍTR lenti í stappi við öryggisvörð á Schiphol-flugvelli í Amsterdam: Neitaði að fara í líkamsskanna

SAMFÉLAGSMÁL Þórgnýr Thoroddsen, varaborgarfulltrúi Pírata og formaður ÍTR, lenti í stappi á Schiphol-flugvelli í Amsterdam er hann var á heimleið úr fræðsluferð menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur.



ÞÓRGNÝR THORODDSEN

„Ég vissi að þarna hafði verið hætt með hefðbundin málmleitartæki og í staðinn eru notaðir líkamsskannar,“ segir Þórgnýr. Slíkt tæki tekur mynd af líkamanum með því að skjóta háttíðnibylgjum á hann. Með því sést hvort aðili er að fela eitthvað innan klæða. Þórgnýr hafði ekki áhuga á því að fara í slíka skönnun og óskaði eftir líkamssleit í staðinn.

„Öryggisvörðurinn krafði mig um gilda ástæðu fyrir þeirri afstöðu en eftir smá stapp var leitað á mér á gamla mátann. Ég kalla þetta fríkeypis heilun.“

Í kjölfar þessa hafi hann sent stjórnendum



ÖRYGGISLEIT Skanni á borð við þann sem Þórgnýr neitaði að fara í.

NORDICPHOTOS/AFF

vallarins bréf og bent á vankanta málsins. Honum hafi borist svar frá öryggisfyrirvöldum þar sem fram kemur að réttur farþega verði ítrekaður við öryggisverði flugvallarins.

- joe

Í DAG
KLUKKAN
15.30

TENDRUM LJOSIN

Það verður töfrandi jólastemning þegar Lína Langsokkur kveikir á jólatré Kringlunnar í dag. Regína Ósk syngur og jólasveinar bregða á leik.

GEFÐU GJÖF SEM GLEÐUR
- AF ÖLLU HJARTA -

Árleg pakkasöfnun Kringlunnar í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpi Íslands hefst einnig í dag.


PÓSTURINN

Á landsbyggðinni tekur Pósturinn á móti pökkum og kemur þeim í Kringluna, sendendum að kostnaðarlausu.

Kringlan

OPIÐ LAUGARDAG FRÁ 10-18
SUNNUDAG FRÁ 13-18

22.11.2014 → 28.11.2014


300
PRÓSENTA

fjölgun hefur orðið á útköllum meindýraeyðis á höfuðborgarsvæðinu milli ára vegna músagangs.



Íslenskir handboltaþjálfarar stjórna landsliðum á HM í handbolta í Katar í janúar.

60tonn



af lambkjöti frá Kaupfélagi Skagfirðinga bíða dreifingar í frystigeymslum í Sankti Pétursborg í Rússlandi.

75KM²

rúmlega þekur nú nýja hraunið sem rennur frá eldstöðinni í Holuhrauni.



aukalega er ætlaður heilbrigðisstofnunum eftir breytingar á fjárlagafrumvarpinu.



var erlend greiðslukortavelta í október, sem er 1,5 milljörðum meira en í fyrra.

1% verðbólga er á Íslandi, samkvæmt nýjustu mælingu Hagstofu Íslands.

77%

karla nýta sér rétt sinn til feðraorlofs í ár, sem er lægsta hlutfall frá hrúni.



OXFORD-STRÆTI Breska lögreglan hefur gagnrýnt verslunareigendur fyrir að taka þátt í svarta föstudeginum. NORDICPHOTOS/AFP

Tveir handteknir og kona slasaðist þegar sjónvarp féll á hana: **Mikil læti á svarta föstudeginum**

BRETLAND, AP Kalla þurfti til lögreglu í nokkrum borgum Bretlands í gær þegar átök brutust út milli viðskiptavina verslana sem buðu veglegan afslátt í tilefni svarta föstudagsins. Mestu lætin áttu sér stað í verslunum í Manchester-borg þar sem lögreglan var kölluð í sjö verslanir smásölu-keðjunnar Tesco. Tveir voru handteknir og kona slasaðist þegar sjónvarp féll ofan á hana.

Svarti föstudagurinn er dagurinn eftir þakkargjörðarhátíðina í Bandaríkjunum. Hann er yfirleitt annasamasti dagur ársins hjá kaupmönnum vestanhafs og verslunareigendur í Bretlandi reyna í auknum mæli að laða að viðskiptavini með miklum afslætti á þessum degi. -hg

Kanadamaður á Íslandi: **Fundaði með forsætisráðherra**

STJÓRN MÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra átti í gær fund með John Baird, utanríkisráðherra Kanada, sem er hér í boði starfsbróður síns.

Rædd voru menningartengsl landanna, sameiginlegir hagsmunir ríkjanna á norðurlöndum, staðan í Írak, Sírylandi og Úkraínu og aukin viðskipti milli landanna tveggja. -joe



JOHN BAIRD

Jólasöfnun hjálparstarfs: **Safnað til að byggja brunna**

GÓÐGERÐARMÁL Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar er hafin. Yfirskrift söfnunarinnar þetta sinnið er Hreint vatn breytir öllu.

Stærsti þáttur verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar er að byggja brunna, grafa vatnsþrær og reisa vatnssöfnunartanka til að tryggja aðgang fólks að hreinu vatni.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin áætlað að 748 milljónir manna hafi ekki aðgang að hreinu vatni.

Leggja má fé í söfnunina með valgreiðslu í heimabanka eða með gjöf inn á framlag.is. -joe

Krabbameinsvaldandi asbest grafið og falið

Starfsmaður Íslenska gámafélagsins losaði asbestplötur ofan í malarhaug en þær fundust svo undir malarplani. Asbest er flokkað sem spilliefni og strangar reglur gilda um meðferð. ÍG hefur ekki leyfi til að meðhöndla spilliefni á Akureyri.

UMHVERFISMÁL Starfsmaður Íslenska gámafélagsins losaði sjálfur asbestplötur ofan í malarhaug á iðnaðarlóð við hlið Íslenska gámafélagsins. Plöturnar fundust nýlega undir malarplani á lóðinni og voru þær grafnar upp.

Strangar reglur gilda um förgun asbests, efnið er flokkað sem spilliefni og talið krabbameinsvaldur. Starfsstöð Íslenska gámafélagsins hefur ekki leyfi Umhverfisstofnunar til að meðhöndla spilliefni.

Ekki hefur verið skoðað hvort Íslenska gámafélagið missi starfsleyfi sitt vegna þessa brots.

Sigríður Kristjánsdóttir, teymisstjóri eftirlitsteymis Umhverfisstofnunar, segir að almennt þegar menn brjóti starfsleyfi þá sé það skráð og fylgt eftir.

„Þegar alvarleg brot eiga sér stað er hægt að innsigla og loka starfsstöð og endurmeta starfsleyfi, skoða þjálfun starfsfólks í meðhöndlun spilliefna til að mynda,“ segir Sigríður.

Asbestplöturnar komu frá Ólafsfirði í septembermánuði til Íslenska gámafélagsins til urðunar. Í Ólafsfirði hafði asbest verið rífið niður úr gömlu húsi. Efnið var mikið notað sem byggingarefni áður fyrr en er nú ólöglegt.

Asbestið kom til Íslenska gámafélagsins og átti fyrirtækið að sinna förgun þess eftir þeim verklagsreglum sem eiga að gilda um efnið. Það var ekki gert heldur var það sett undir malarplan norðan við hús gámafélagsins.

Alfred Schiöth, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, fékk ábendingu um að asbest hefði verið sett



ÁLITSHNEKKIR Íslenska gámafélagið á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

þarna undir malarplanið. Það hafi komið á daginn. Um er að ræða þrjú þúsund og átta hundruð kíló af asbesti sem fór þessa leið.

Jón Þór Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, segir að fyrirtækið hafi gatað trausti með þessu og nú þurfi fyrirtækið að vinna sér inn traust á nýjan leik. Hann segir einn starfsmann hafa gert þetta og vitað að hann hafi verið að gera rangt.

„Einn starfsmanna okkar losaði þarna gám af asbesti í fullu óleyfi við allt sem fyrirtækið stendur fyrir. Hann hefur sínar skýringar á athæfi sínu,“ segir Jón Þór. Nú sé málið upplýst og að litlir eftirmálar verði af þessu nema álitshnekkir og sektargreiðslur.

„Þegar alvarleg brot eiga sér stað er hægt að innsigla og loka starfsstöð og endurmeta starfsleyfi.“

Sigríður Kristjánsdóttir, teymisstjóri eftirlitsteymis Umhverfisstofnunar.

„Ég tel að þetta brot hafi slæm áhrif. Þegar starfsmenn okkar eða við sjálf gerum mistök þá er það auðvitað bagalegt. Hins vegar skiptir máli hvernig við vinnum úr þeim mistökum og við áréttum að enginn hefur orðið fyrir skaða vegna þessa,“ segir Jón Þór Frantzson. sveinn@frettabladid.is

15% afsláttur af Nicorette QuickMist af öllum pakkningastærðum

Lyf & heilsa Við hlustum!

Gildir til 7. desember 2014

Veðurspá Gildistími korta er um hádegi

Alicante 17°	Friedrichshafen 12°	New York 6°
Apéna 17°	Gautaborg 3°	Orlando 21°
Basel 13°	Kaupmannahöfn 3°	Ósló 1°
Berlín -1°	Las Palmas 22°	París 10°
Billund 4°	London 13°	San Francisco 14°
Frankfurt 5°	Mallorca 17°	Stokkhólmur 1°

Á MORGUN
Vaxandi SA-læg átt, stormur með kvöldinu, 15-30m/s.

MÁNUDAGUR
SV-stormur framan af degi.

Vordís Eiríksdóttir veðurfréttamaður

VONSKU VEDUR í aðsigi seinni part sunnudags og fram á mánudag með SA- og svo SV-stormi og mikilli úrkomu V-, S- og A-lands. En í dag ganga kuldasíl yfir landið með hvassri SA-lægri átt og úrkomu en handan þeirra fremur hæg V-læg og stöku él.

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jon@frettabladid.is, **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is

FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrnarrar Helgason hrnarrar@365.is, Viðarr Ingi Pétursson vip@365.is **PIÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

Víð elskum jólin

TAX FREE ALLAR JÓLAVÖRUR*

JÓLASERÍUR • AÐVENTULJÓS
AÐVENTUSKREYTINGAR • KERTI
JÓLASKRAUT • JÓLATRÉ • JÓLALJÓS
AÐVENTUKRANSAR • GRENI
OG ALLT FYRIR AÐVENTUNA!

Tax free gildir alla helgina!

OPIÐ TIL **21:00**
SKÚTUVOGI ALLA DAGA TIL JÓLA

OPIÐ ALLA AÐVENTUHELGINA UM LAND ALLT
LAUGARDAG OG SUNNUDAG SJÁ NÁNAR AFGREIÐSLUTÍMA Á WWW.HUSA.IS



JÓLAHLAÐBORD SKÚTUVOGI

Virkadaga kl. 17-20 • Helgar kl. 12-15 og 17-20



Aðeins
1.980kr
Börn 10 ára og yngri aðeins 500kr

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA



*Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ Tax Free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



Auglýsing um sveinspróf

Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin í janúar, febrúar og mars ef næg þátttaka fæst:

Í málmíðngreinum í janúar - mars. Umsóknarfrestur til **1. desember**.

Í snyrtifræði í janúar. Umsóknarfrestur er til **1. desember**.

Í bilgreinum í janúar - febrúar. Umsóknarfrestur er til **1. desember**.

Í hönnunar- og handverksgreinum í janúar - febrúar. Umsóknarfrestur er til **1. desember**.

Í vélvirkjun í febrúar. Umsóknarfrestur er til **1. desember**.

Í hársnyrtiðni í mars. Umsóknarfrestur er til **15. janúar**.

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsýfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í desember 2014.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður er mismunandi eftir iðngreinum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, veffang: www.idan.is og á skrifstofunni.

IDAN
Fræðisúsetur
Skúli 2
103 Reykjavík
Sími 590 4400
Sími 590 4401
www.idan.is



Nú er best að setja upp jólaseríurnar! – með réttu græjunum



A015-105
Altrappa 6 þrep

16.990

Altrappa 5 þrep
6.690

Altrappa 4 þrep
4.990

LLA-112

Alstigi 12 þrep 3,38 m

7.990

10 þrepa 7.190
12 þrepa 7.990
8 þrepa 6.690

TVÓFALDUR STIGI
Stigi SM-LLA2188 með
reiþi 338-550cm
28.990

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ



MURBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Landsbankinn seldi þriðjungshlut í Borgun í lokuðu ferli fyrir 2,2 milljarða:

Þingmenn krefjast skýringa

STJÓRNMÁL „Það lítur mjög sérkennilega út ef þessi eignarhlutur er seldur án þess að það sé gert með opnum hætti og öðrum gefinn kostur á að bjóða,“ segir Árni Páll Árnason um sölu Landsbankans á 31,2 prósentu hlut sínum í greiðslumiðlunarfirmatækinu Borgun.

Hluturinn var ekki auglýstur og var seldur fyrir 2,2 milljarða króna til eignarhaldsfélags Borgunar, að því er Kjarninn greindi frá. Meðal hluthafa þar er Einar Sveinsson, föðurbróðir Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra.



STEINÞÓR PÁLSSON

sem ræddi sölu á Alþingi í gær. Þorsteinn benti á að ríkið ætti 98 prósentu hlut í Landsbankanum.

„Þessi sala og hvernig er að

„Mér þykir þetta nokkuð alvarleg tíðindi og mér finnst eiginlega læðast að manni gamlir draugar,“ sagði Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokks,

henni staðið hlýtur að kalla á sérstaka athugun á því hvers vegna þessi hlutur fór ekki í opið söluferli,“ sagði Þorsteinn.

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, gaf ekki kost á viðtali í gær en í tilkynningu bankans segir að réttmætar undantekningar geti verið frá opnu söluferli. Borgun sé í meirihlutaeigu Íslandsbanka. Landsbankinn hafi haft takmarkaðar upplýsingar um fyrirtækið. „Þegar álitlegt tilboð barst taldi Landsbankinn rétt að skoða það.“

- kak, - hmp

Krefst helmings af eignum Kaupþings

Krafa Vincents Tchenguiz á hendur Kaupþingi, Grant Thornton og fleiri aðilum nemur um 54 prósentum af heildareignum Kaupþings. Upphæðin er um fimmtán prósent af samþykktum kröfum slitabúsins. Málið verður höfðað í Bretlandi.

DÓMSMÁL Krafa Vincents Tchenguiz á slitastjórn Kaupþings, Grant Thornton og tengda einstaklinga nemur meira en helmingi af eignum þrotabúsins.

Eins og fram kom í breskum fjölmiðlum í gær hefur Tchenguiz stefnt endurskoðunarfirmatækinu Grant Thornton, slitastjórn Kaupþings, Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni, meðlimi slitastjórnarinnar, og fleiri aðilum.

Krafa Vincents nemur 2,2 milljörðum punda eða um 430 milljörðum íslenskra króna miðað við gengi dagsins í dag. Samkvæmt árshlutauppgjöri Kaupþings námu eignir búsins þann 30. júní síðastliðinn hins vegar um 789 milljörðum íslenskra króna.

Kröfurnar í bú Kaupþings nema 2.793 milljörðum króna. Þetta þýðir að krafa Tchenguiz nemur um fimmtán prósentum af heildarkröfum í bú Kaupþings.

Málið er höfðað fyrir breskum dómstólum vegna tjóns sem Tchenguiz varð fyrir í tengslum við rannsókn bresku efnahagsbrotaeildarinnar Serious Fraud Office á honum vegna meintra efnahagsbrota. Mál SFO var fellt niður.

Tchenguiz telur að Grant Thornton, Kaupþing og starfsmenn þeirra beri ábyrgð á tilhæfalausri rannsókn á hendur sér. Auk áður nefndra aðila hefur Tchenguiz höfðað mál á hendur Stephen Akers og Hossein Hamedani sem eru hluthafar og starfsmenn Grant Thornton.

Málsókn Tchenguiz byggist á því að þessir aðilar hafi unnið saman að því að fá SFO til að rannsaka hann í þeirri von að það leiddi til ógildingar á 1,6 milljarða punda kröfu hans á Kaupþing banka.

Kaupþing sendi seint í fyrrakvöld frá sér tilkynningu þar sem fram kemur að hvorki þrotabúið né



VILL BÆTUR Vincent Tchenguiz vill yfir 430 milljarða frá Kaupþingi, Grant Thornton og fleiri aðilum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Prátt fyrir að upplýsingar um mögulegar kröfur og málaferli hafi verið sendar fjölmiðlum, þá hafa hvorki Kaupþing né Jóhannes Rúnar fengið upplýsingar eða gögn um kröfurnar og er þeim því ómögulegt að taka afstöðu til málsins í smáatriðum.

Úr tilkynningu frá Kaupþingi.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson slitastjórnarmaður hafi fengið sendar upplýsingar um kröfu Tchenguiz á hendur þeim.

„Prátt fyrir að upplýsingar um mögulegar kröfur og málaferli hafi verið sendar fjölmiðlum, þá hafa hvorki Kaupþing né Jóhannes Rúnar fengið upplýsingar eða gögn um kröfurnar og er þeim því ómögulegt að taka afstöðu til málsins í smáatriðum,“ segir í tilkynningu sem birt er á vef Kaupþings.

Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um það á þessari stundu hvort krafan verður forgangskrafa eða almenn krafa.

jonhakon@frettabladid.is

Samtök atvinnulífsins segir svigrúm fyrir lækkun stýrivaxta seðlabankans:

Kalla eftir frekari lækkun vaxta

EFNAHAGSMÁL Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, kallar eftir frekari vaxtalækkun Seðlabanka Íslands í nýrri grein sem birt var á föstudag.

Þorsteinn segir mikla hjöðnun verðbólgu undanfarið gefa tilefni til frekari stýrivaxtalækkana en þeirrar sem varð fyrir skömmu um 0,25%. Kaupmáttur hafi aukist um nærri 5% að meðaltali ásamt því sem verðbólga hafi farið hjaðnandi.

„Sú verðlækkun sem varð í október felur í sér að virkir raun-

stýrivextir bankans hafa hækkad umtalsvert og eru nú komnir yfir 4%. Viðmið bankans hefur verið að raunvextir séu í kringum 3% þegar efnahagslífið fer úr slaka í spennu, eins og um þessar mundir. Ljóst er því að umtalsvert svigrúm hefur skapast fyrir vaxtalækkun,“ segir í greininni.

Þorsteinn segir mikilvægt að góður árangur í hagstjórn skili sér í lægri raunvöxtum og því sé brýnt að Seðlabankinn lækki vexti enn frekar við næstu vaxtaákvörðun þann 10. desember.

- fbj



GÓÐUR ÁRANGUR SA segir umtalsvert svigrúm hafa skapast fyrir vaxtalækkanir.

GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann. Kortíð er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

JÓLA SPRENGJA 30% AFSLÁTTUR

AF JÓLASKRAUTI OG JÓLASERÍUM

GILDIR LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Gildir aðeins 29. og 30. nóvember. Mesta úrvalið er í Krínglumni, Smálandi, Skeifunni og Garðabæ.



EINFALT AÐ
SKILA EÐA SKIPTA

Skilamið
Þessi vörur eru brennt
HAGKAUP og frá
skilandi eða skipti
HAGKAUP
HAGKAUP
Þessi vörur eru brennt
HAGKAUP og frá
skilandi eða skipti
HAGKAUP
HAGKAUP

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VARAN Ekkert kjöt fannst í Nautabökum Gæðakokka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kræsingar ehf. fer fyrir dóm: Ákært fyrir nautabökurnar

DÓMSMÁL Lögreglustjórnin í Borgarnesi hefur ákært Kræsingar ehf., áður Gæðakokkar ehf., fyrir að hafa framleitt nautabök með röngum upplýsingum á vörubúðum. Rannsókn Matvælastofnunar í fyrra leiddi í ljós að ekkert nautakjöt var í tveimur vörum sem Gæðakokkar höfðu framleitt og markaðssett og sögðu að innihéldu nautakjöt. Farið er fram á í ákæru að fyrirtækið verði látið sæta refsingu, sem er sektargreiðsla, og að það greiði allan sakarkostnað.

Aðalmeðferð átti að fara fram fyrir Héraðsdómi Vesturlands í gær en var frestað vegna vitna sem komust ekki í dóminn. -skh

MENNTUN

Gullmerkið afhent

Háskóli Íslands afhendir 79 doktorum, sem brautskráðst hafa skólanum á tímabilinu 1. desember 2013 til 1. desember 2014, gullmerki skólans. Afhendingin fer fram við Hátíð brautskráðra doktora sem fram fer fullveldisdaginn 1. desember í Hátíðasal skólans. Um metfjölda brautskráðra doktora er að ræða. Forseti Íslands og menntamálaráðherra verða viðstaddir.

Nýr héraðssaksóknari með fimmtíu menn að störfum

Ef Alþingi afgreiðir frumvarp um framtíðarskipan ákærvalds fyrir áramót gæti embætti héraðssaksóknara hafið störf 1. janúar 2016. Embættið leysir sérstakan saksóknara af hólmi. Málið var kynnt í ríkisstjórn í gær.

STJÓRNSÝSLA Gert er ráð fyrir að fimmtíu manns muni starfa hjá embætti héraðssaksóknara sem til stendur að stofna. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson dómsmálaráðherra kynnti frumvarpið í ríkisstjórn í gær.

Frumvarpið var samið á vegum réttarfarsnefndar að frumkvæði dómsmálaráðherra, meðal annars á grundvelli minnisblaðs stýrihóps um mótun réttaröryggisáætlunar og vinnuhóps um framtíðarskipan ákærvalds.

Samkvæmt frumvarpinu verður ákærvald á tveimur stigum. Annars vegar ríkissaksóknari á efra ákærustigi og hins vegar níu lögreglustjóraembætti og héraðssaksóknari á lægra ákærvaldsstigi.

Í minnisblaðinu segir að héraðssaksóknari muni fara með ákærvald vegna flestra þeirra brota sem ríkissaksóknari fer nú með ákærvald í fyrir héraðsdómi og fari jafnframt með rannsókn og saksókn alvarlegra skattalaga- og efnahagsbrota, brota gegn valdstjórninni og brota starfsmanna lögreglu.

Þá segir að ársverk við embætti sérstaks saksóknara hafi orðið flest 94 á árinu 2012 og litlu færri á árinu 2013. Reikna megi með að ársverk við embættið á árinu 2014 séu 68. Starfsmenn við embætti héraðssaksóknara verði talsvert

færri, eða um 50, þrátt fyrir að verkefni þess verði aukin.


Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sú deild sem fengist við þau ákærvaldsverkefni sem flutt yrðu frá ríkissaksóknara og vegna brota starfsmanna lögreglu og brota gegn valdstjórninni yrði nokkuð afmörkuð frá annarri starfsemi og að yfir þeirri deild yrði yfirsaksóknari. Yfir ákærvaldsverkefnum á sviði skattalaga- og efnahagsbrota yrði saksóknari efnahagsbrota. Auk forstöðumanns yrðu 6 ársverk við stöðþjónustu. Um 28 yrðu við verkefni sem embætti sérstaks saksóknara hefur sinnt en 15 við verkefni frá ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra og öðrum lögregluembættum svo og ný verkefni.

Í minnisblaðinu segir að því gefnu að Alþingi ljúki löggjafarvinnunni fyrir næstu áramót ætti að vera raunhæft að lögin tækju gildi 1. janúar 2016 og embættið tæki þá til starfa. Ekki virðist þjóna neinum tilgangi að gera breytingar á starfsemi embættis sérstaks saksóknara fyrr en embætti héraðssaksóknara tæki við verkefnum þess, en þó ætti að vera unnt að fækka starfsmönnum sérstaks saksóknara verulega frá 1. janúar 2015 eða niður í 45-50.

jonhakon@frettabladid.is



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Talsverðar breytingar verða á skipan dómskerfisins samkvæmt frumvarpi forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



5 ÁRA
Ábyrgð
Ótakmarkaður
Akstur

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur

OPIÐ Í DAG
FRÁ KL. 12-16

Hyundai i10

Verð frá: **1.990.000 kr.**

Eyðsla frá 4,7 l/100 km*

Comfort útgáfa verð 2.190.000 kr. / upphitað leðurstýri / upphitað sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar / rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.

10% ÚTBORGUN / Mánaðargreiðsla 29.857 kr. í 84 mánuði** Kynntu þér lánakjör Lykils á www.lykill.is

Hyundai i10 verðlaunabíll

Loksins smábíll í fullum gæðum

Þú Hyundai i10 hefur unnið til 10 verðlauna á síðastliðnum mánuðum og er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Bládamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að þar sé á ferðinni smábíll í fullum gæðum.

Finnur Thorlacius bílalaðamaður / 9. apríl 2014 / www.visir.is

„Magnaður smábíll. Undirritaður hefur reyndar aldrei ekið eins góðum smábíl og það er auðvelt að gleyma því við akstur hans að þar fari í raun smábíll. Aksturseginnleikar hans eru miklu frekar í ætt við stærri og dýrari bíla og fjöðrunin fer langt framúr væntingum.“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

VIÐ EIGUM 2 ÁRA AFMÆLI Á SELFOSSI

Í TILFNI ÞESS ÆTLUM VIÐ AÐ BJÓÐA LANDSMÖNNUM ÖLLUM FRÁBÆR TILBOÐ!
LAUGARDAGINN 29.11.14 OG SUNNUDAGINN 30.11.14

ALLAR
JÓLASERÍUR
20%
AFSLÁTTUR

44% AFSLÁTTUR

5 PÖR

FULLT VERÐ: 895

499

ÍÞRÓTTASOKKAR
Góðir sokkar 5 pör saman í pakka. Litir: Hvítir og svartir. Stærðir: 41-46. Vnr. 24000540

33% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.495

995

KARLSEN LÚFFUR OG HANSKAR
Fást í 5 litum. Lúffur: 1-8 ára. Hanskar: 3-10 ára. Vnr. 5888901, 5888902

50% AFSLÁTTUR

3 STK.

FULLT VERÐ: 2.995

1.495

HALIMA HANDKLÆÐASETT
Fallegt sett með blómamunstri. Stærðir: 33 x 33, 40 x 71 og 68 x 127 sm. Vnr. 201-14-1004

ALLT AÐ

40% AFSLÁTTUR

KING COLE GARN



1 PAKKI

2.495

KAUPTU 2 PAKKA OG SPARADU

2000

LÚXUS BOXERNÆRBUXUR
St. S-XXL 2 stk. saman í pakka. 2.495
Nú 2 pakkar 2.990 Vnr. MB-31068

50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 2.995

1.495

HEILSUINNISKÓR
Heilsuinniskór með MEMORY FOAM svampi sem lagar sig að fætinum. Stærðir: 43-47. Vnr. 607-136-1024, 607-136-1017



SPARIÐ ALLT AÐ

50.000

NÚ VERÐ FRÁ:

39.950

VEGAS HÆGINDASÓFAR OG HÆGINDASTÓLL
Mjög flottir hægindasófar og hægindastóll í stíl með PU áklæði. Fást í svörtu og brúnu. Stærð á 2ja sæta: B157 x H94 x D96 sm. 109.950 nú 69.950
Stærð á 3ja sæta: B213 x H94 x D96 sm. 139.950 nú 89.950
Stærð á stól: B99 x H94 x D96 sm. 64.950 nú 39.950

33% AFSLÁTTUR

57 LTR.

FULLT VERÐ: 2.995

1.995

57 LÍTRA PLASTKASSI Á HJÓLUM
Með smelltu loki og á hjólum. Stærð: 59 x 41 x 33 sm. Vnr. 301-11-1003

FULLT VERÐ: 12.950

7.450

42% AFSLÁTTUR

DALMOSE SKRIFBORÐSSTÓLL
Skrifborðsstóll á krómfæti með lágu baki. Þverband er í bakinu sem gefur stuðning. Hægt að rugga. Litur: Svartur. Vnr. 3620061

ÖLL KREP SÆNGURVER

20% AFSLÁTTUR

Koddi 50 x 70 sm. 7.995 nú 4.995

PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI

FULLT VERÐ: 19.950

9.950

ALLT AÐ

50% AFSLÁTTUR

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIN GILDA TIL 30.11.14

KRONBORG
OF DENMARK

SIRIUS CLASSIC DÚNSÆNG
Gæðasæng fyllt með 750 gr. af mjúkum andadúni, andafiðri og holtrefjum. Andadúnninn gefur sænginni mjúka fyllingu og holtrefjarnar stuðla að því að sængin þornar fyrr eftir þvott. Áklæði úr 100% bómull. Sængin er saumuð í ferninga svo dúnninn haldist jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C. Taska fylgir með. Stærð: 135 x 200 sm. Vnr. 4031350, 4231304

Formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga fagnar samkomulagi fyrirtækjanna Arctic Odda, Valbjófs og Vísis:

Góður samningur fyrir Þingeyri og Flateyri

BYGGÐAMÁL „Við fögnum þessari niðurstöðu og þessari samfélagslegu ábyrgð sem fyrirtæki eru að sýna þarna þrátt fyrir að þetta séu keppinautar í viðskiptum með fiskinn,“ segir Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

Fyrirtækin Arctic Oddi ehf., Valbjófur ehf. og Vísir hf. komust á fimmtudag að samkomulagi sem á að styrkja stöðir atvinnulífsins á Flateyri og Þingeyri. Samkomulagið felur í sér að Arctic Oddi mun flytja fiskvinnslu sína frá Flateyri í húsnæði á Þingeyri sem var áður í eigu Vísis. Við það skapast 15 störf við vinnslu og þökkun á eldisfiski og frekari uppbyggingu á fiskeldi fyrirtækisins. Fiskvinnslufyrirtækið Valbjófur tekur við fasteignum og tækjum Arctic Odda á Flateyri og gerir ráð fyrir að skapa um 20 árs-

störf. Aðkomu Vísis að útgerð og vinnslu á Þingeyri lýkur með samkomulaginu en það er gert með fyrirvara um samþykki Byggðastofnunar.

„Vissulega verða þetta færri störf til að byrja með en þetta er auðvitað töluvert meiri vinnsla en stefndi í því við vorum farin að gera ráð fyrir að fiskvinnsla myndi nánast leggjast af á báðum stöðum,“ segir Finnbogi og heldur áfram:

„Þetta byggir að stóru leyti á því að Byggðastofnun sýni samstarfsvilja varðandi sérstakan byggðakvóta þannig að fyrirtækinu Valbjófi verði gert kleift að blómstra á Flateyri. Þetta eru heimamenn sem hafa sterkar rætur á Vestfjörðum og ætla sér að halda áfram að byggja upp.“ - hg



FINNBOGI SVEINBJÖRNSSON



ÞINGEYRI Stjórnendur Vísis hf. tilkynntu í vor að þeir ætluðu að flytja alla starfsemi fyrirtækisins til Grindavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skoðanakönnun í Noregi: 74 prósent vilja ekki ESB-aðild

NOREGUR Aðeins 16,8 prósent Norðmanna eru hlynnt aðild að Evrópusambandinu, ESB, samkvæmt könnun blaðanna Nationen og Klassekampen.

74 prósent eru andvíg aðild en 9,2 prósent eru óákveðin. Í þjóðaratkvæðagreiðslu 1994 sögðust 52,2 prósent vera andvíg ESB-aðild en við atkvæðagreiðsluna 1972 voru 53,5 prósent andvíg.

Meirihluti norskra þingmanna er fylgjandi aðild að ESB. - ibs

Veitingastaður í Svíþjóð: Lögregla skoðar dans gestanna

SVÍÞJÓÐ Eigendur veitingastaðar í Gävle í Svíþjóð hafa fengið viðvörðun frá lögreglunni eftir að gestir saúst hreyfa sig í takt við tónlistina á staðnum án leyfis. Eftirlitsmenn á vegum sveitarfélagsins tóku myndir af hreyfingum 50 til 80 manna sem líktust dansi. Lögreglan tók við annað tilfelli dansinn upp á myndband og dró þá ályktun að ekki hefði verið um um að ræða hreyfingar upp úr þurru.

Leyfi fyrir dansi á veitingastöðum í Svíþjóð hefur þurft frá árinu 1993. - ibs



TRYGGVI GUNNARSSON Umboðsmaður Alþingis segir viðbótarvinnu ólokið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samskipti við lögreglustjóra: Athugun lýkur ekki í vikunni

STJÓRNSÝSLA Niðurstaða athugunar umboðsmanns Alþingis á samskiptum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra og Stefáns Eiríkssonar, fyrrverandi lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, verður ekki birt í þessari viku eins og umboðsmaður hafði áður sagst vonast til að yrði reyndin.

„Þeirri vinnu sem þurfti að vinna til viðbótar er ekki lokið en þess er áfram vænst að þessu verði lokið sem allra fyrst,“ segir Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis. - gar



Ert þú að rannsaka orku og umhverfi?

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar styrkir námsmenn og rannsóknarverkefni á sviði umhverfis- og orkumála.

Ísland er ríkt af endurnýjanlegum orkuauðlindum. Þess vegna felast mikil verðmæti í því að nýta íslenskt hugvit til þess að auka þekkingu á orku og umhverfismálum.

Til úthlutunar úr Orkurannsóknasjóði árið 2015 eru 54 milljónir króna.

Styrkir til efnilegra nemenda í meistara- eða doktorsnámi á sviði umhverfis- eða orkumála.

Styrkir til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála, veittir til að mæta kostnaði vegna vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema og öðrum útgjöldum.

Nánari upplýsingar um sjóðinn og úthlutunarreglur eru á landsvirkjun.is/orkurannsoknasjodur. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til 9. janúar 2015.



JÓNSSON & LEIÐMÁKS • JULIUS • SÍA

SIEMENS



SIEMENS Þvottavél
WM 12E267DN
Tekur mest 7 kg, vindur upp í 1200 sn./mín. Orkuflokkur A+++.

Jólaverð: **96.900** kr.

Fullt verð án vörugjalda: 103.900 kr.



Jólabæklingurinn er kominn út. Sjá nánar á sminor.is. Fullt af glæsilegum vörum á jólaverði.

SIEMENS Þurrkari
WT 46B267DN
Tekur mest 7 kg. Gufuþétting, enginn barki.

Jólaverð: **99.900** kr.
Fullt verð án vörugjalda: 111.900 kr.



SIEMENS Uppþvottavél
SN 45M231SK
13 manna. Fimm kerfi. Sérlega hljóðlát: 44 dB. Zeolite-þurrkun. Orkuflokkur A+++.

Jólaverð (hvít): **139.900** kr.
Fullt verð án vörugjalda: 151.900 kr.



Ráð Rön
HÆSTA EINKUNN
April 2013

Við höfum þegar lækkað verð um **20%** og gerum nú enn betur.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Smith & Norland hefur þegar lækkað verð um 20% til áramóta af þeim tækjum, sem nú bera vörugjöld; ofnum, helluborðum, eldavélum, uppþvottavélum, kælikápum, þvottavélum og þurrkurum. Öll verð miðast við að vörugjöld séu fallin niður.

VELKOMIN Á AÐVENTUHÁTÍÐ Í KÓPAVOGI

Glæsileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna, laugardaginn 29. nóvember!

Á laugardaginn verða ljósin tendruð á jólatré Kópavogsbæjar á Hálsatorgi. Skemmtiatriði verða á torginu og jólalegt fjör af ýmsu tagi í miðbæ Kópavogs þessa fyrstu helgi í aðventu.



Hálsatorg

14.00 Félagasamtök úr Kópavogi opna sölubása og skapa jólastemningu.

15.00 Dagskrá hefst á sviðinu. Tendrað á ljósum vinabæjarjólaláti.

Persónur úr **Ævintýraskógi Leikhópsins Lottu** kynna dagskrána.

Skólahljómsveit Kópavogs spilar jólalög.

Sendiherra Svíþjóðar, **Bosse Hedberg**, afhendir vinabæjartréð frá Norrköping.

Forseti bæjarstjórnar, **Margrét Friðriksdóttir**, tekur á móti jólatrénu fyrir hönd Kópavogsbæjar.

SamSam systur taka lagið.

Jólaball á Hálsatorgi. Jólasveinar, söngur og gleði!



Menningarhús

Við menningarhúsin á Borgarholtinu verður hugguleg jólastemning og í **litlum jólahúsum** á torginu við húsin verður góðgæti og varningur til sölu. Aðventuafsláttur í safnbúð Gerðarsafns af öllum gjafavörum og minjagripum.

Gerðarsafn

11.00–17.00 Tvær sýningar eru í Gerðarsafni, Hughrif með verkum Hólmfríðar Árnadóttur og Óp/Op með verkum Jóns B. K. Ransu.

12.00–17.00 Pop-up eldhús Gerðarsafns.

15.00 Jón Proppé listheimspekingur leiðir gesti um sýninguna Hughrif.

16.00 Karlakór Kópavogs.

Félagsmiðstöðin Gjábakka

Í Gjábakka er hinn árlegi laufabrauðsdagur og eru allir velkomnir í yllinn og huggulegheitin.

13.00 Handverksmarkaður opnar og laufabrauðsgerðin hefst.

13.30 SamSam systur taka lagið.

14.30 Samkór Kópavogs.

15.15 Klarinettuhópur Skólahljómsveitar Kópavogs.

Veitingar, kaffi og súkkulaði verður afgreitt í kaffitíu frá 13.30–16.30.

Bókasafn og Náttúrufræðistofa

13.00–17.00 Dýrin í Náttúrufræðistofunni skryðast jólabúningi og nýjar og gamlar jólabækur til útláns á bókasafninu.

14.00 Í Kórnum í Safnahúsinu verður boðið upp á skemmti- og fræðsluerindi um **jólaöttinn** í máli og myndum fyrir 4–6 ára börn. Slóð kattarins verður rakin um húsið og lesin skemmtileg jólasaga. Jólaötturinn verður á kreiki í Safnahúsinu og heilsar upp á krakka.

Salurinn Tónlistarhús Kópavogs

14.00–17.00 Jólastemning í forsal Salarins. Kaffisala, kökur og jólatónlist.

20.30 Jól í stofunni – jólatónleikar Þórs Breiðfjörð í Salnum. Nánar á www.salurinn.is.

Safnaðarheimili Kópavogskirkju

11.00–17.00 Á sýningunni **Hönnun og handverk í Kópavogi** gefst einstakt tækifæri til að kynna sér skapandi kraft hönnuða og handverksfólks í Kópavogi. Listamennirnir verða á staðnum og kynna vörur af margvíslegu tagi, fót, skart og nytjalist. Tilvalið tækifæri til að kaupa jólagjafir í jólalegu andrúmslofti.

Hamraborg og Auðbrekka

Listamenn í Kópavogi hafa tekið sig saman og opna vinnustofur sínar og listasali. Komið og **skoðið listameninguna í Kópavogi**. Veitingar í boði og allir velkomnir í jólastemningu og smitandi gott jólaskap.

MEINVILLT, samsýning í **Anarkía**, Hamraborg 3. Gengið inn að norðanverðu.

Opið 14.00–18.00, 29. og 30. nóv.

Glegallerí, Auðbrekku 7. Jónas Bragi og Catherine Dodd.

Opið 13.00–17.00, 29. og 30. nóv.

Listamenn **ART11**, Auðbrekku 4, 3. hæð. Gengið inn að ofanverðu.

Opið 13.00–17.00, 29. og 30. nóv.

Listamenn í **Auðbrekku 6** (Norm-X húsinu), 2. og 3. hæð. Opið 13.00–17.00, 29. nóv.

Stúdíó Subba, Hamraborg 1–3.

Opið 13.00–17.00, 29. og 30. nóv.

Vinnustofa **Helgu Ástvaldsdóttur**, Auðbrekku 28–30, 2. hæð, gengið inn Löngubrekku megin.

Opið 15.00–18.00, 29. nóv.



Kópavogsbær



kopavogur.is

Faghópar lamaðir vegna fjárskorts

Ekki var hægt að skipa faghópa í haust til að hefja matsvinnu á fimm virkjunarkostum í biðflokki rammaáætlunar. Atvinnuveganefnd vill færa þessa sömu kosti úr bið- í nýtingarflokk án aðkomu verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Formaður efast um lögmæti þeirrar aðgerðar.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

ORKUMÁL Vegna fjárskorts gat verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar ekki skipað faghópa í haust til að hefja vinnu við mat á nokkrum virkjunarkostum í biðflokki. Meirihluti atvinnuveganefndar samþykkti á fimmtudag að fimm þessara kosta verði nú færðir úr bið- í nýtingarflokk rammaáætlunar, þrátt fyrir að verkefnisstjórn 2. og 3. áfanga hafi ekki haft forsendur til að meta virkjunarkostina samkvæmt lögum þar um.

Vilji meirihluta atvinnuveganefndar er að færa átta virkjunarkosti úr biðflokki í nýtingarflokk án aðkomu verkefnisstjórnar. Stefán Gíslason, formaður verkefnisstjórnarinnar, segir að umræddir virkjunarkostir hafi mjög ólíka stöðu, og greina megi þá í fernt eftir því hvar þeir eru staddir í meðförum verkefnisstjórnarinnar.

Grænt ljós

Verkefnisstjórnin hefur lagt til að Hvammsvirkjun í neðri hluta Þjórsár verði færð í nýtingarflokk, og tillaga nefndarinnar lýtur aðeins að því að það mat verði staðfest. Tvær aðrar virkjanir í margumtalaðri virkjanabrennu í neðri hluta Þjórsár, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun, hefur verkefnisstjórnin fjallað um, en gat ekki tekið afstöðu til þeirra á grundvelli fyrirliggjandi gagna um áhrif þeirra á stofna laxfiska í Þjórsá.

Engin svör um greiðslur

Hinir virkjanakostirnir fimm eru á allt öðrum stað í meðförum verkefnisstjórnarinnar en fyrrnefndar virkjanir í Þjórsá.

Skrokkölduvirkjun og Hágöngu-



Fljótt á litið virðist þessi tillaga meirihlutans á skjön við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Stefán Gíslason, formaður verkefnisstjórnar.

virkjanir I og II fóru í nýtingu í 2. áfanga rammaáætlunar, en voru síðar færðar í biðflokk vegna athugasemda sem fram komu í lögbundnu umsagnarferli. Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar hefur ekki fjallað um þessa virkjunarkosti.

„Ætlunin var að taka þá fyrir síðastliðið haust en það reyndist ekki mögulegt þar sem ljóst var að endurmeta þyrfti m.a. áhrif virkjananna á víðerni og verndarsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, svo og samlegðaráhrif virkjananna og flutningskerfa raforku,“ segir Stefán.

Verkefnisstjórn taldi sig ekki hafa forsendur til að meta þessa þætti án aðkomu fullskipaðra faghópa, enda óljóst hvort slíkt vinnuferli stæðist ákvæði laga. Faghópa var hins vegar ekki hægt að skipa á þessum tíma, þar sem ekki lágu fyrir svör frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um greiðslur til fulltrúa í faghópum, að sögn Stefáns, og því er tillaga atvinnuveganefndar um nýtingu tilkomin þrátt fyrir að faglegri umfjöllun um virkjanakostina sé ekki lokið.


Lög brotin?

Síðustu tveir virkjanakostirnir, Hagavatnsvirkjun og Hólmsárvirkjun við Atley, eru alveg sér á parti. Verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar lauk aldrei við flokkun

VIRKJANAKOSTIR SEM Á AÐ FÆRA ÚR BIÐ- Í NÝTINGARFLOKK

- Hágönguvirkjun I **45 MW**
- Hágönguvirkjun II **90 MW**
- Skrokkölduvirkjun **45 MW**
- Hagavatnsvirkjun **20 MW**
- Hvammsvirkjun **93 MW**
- Holtavirkjun **57 MW**
- Urriðafossvirkjun **140 MW**
- Hólmsárvirkjun, Atley **65 MW**

SAMANLAGT AFL 555 MW



Heimild: Landsvirkjun

Virkjunarkostur	Tillaga verkefnastj. RÁ3	Gildandi rammaáætlun	Tillaga verkefnastj. RÁ2	Afgreiðsla RÁ2
Hvammsvirkjun	Nýtingarflokkur	Biðflokkur	Nýtingarflokkur	Röðun lokið
Holtavirkjun	Ekki raðað			
Urriðafossvirkjun	Ekki tekið til umfjöllunar, m.a. v/skorts á faghópum		Biðflokkur	Röðun ólokið v/ skorts á tiltækum gögnum
Skrokkölduvirkjun				
Hágönguvirkjun I				
Hágönguvirkjun II				
Hagavatnsvirkjun				
Hólmsá við Atley				
Aðrir kostir í biðflokki	Biða umfjöllunar			Röðun lokið

þeirra, m.a. vegna mistaka sem gerð voru í meðhöndlun gagna á þeim tíma.

Stefán segir að verkefnisstjórn 3. áfanga hafi stefnt á að taka kostina tvo fyrir síðastliðið haust. Það reyndist ekki mögulegt þar sem ljóst var að endurmeta þyrfti m.a. áhrif á sandfok, náttúrulega landmótun, útvist og ferðaþjónustu, auk þess sem óljóst

var hvernig tengingu Hagavatnsvirkjunar við flutningskerfið yrði háttáð.

Að vel athuguðu máli taldi verkefnisstjórn sig ekki hafa forsendur til að meta virkjunarkostina. Til þess hefði þurft að skipa sérstaka faghópa, sem var ekki hægt vegna óvissu um greiðslur frá ráðuneytinu. Því felur tillaga meirihluta

atvinnuveganefndar í sér að Hagavatnsvirkjun og Hólmsárvirkjun við Atley verði færðar í nýtingarflokk þrátt fyrir að hvorki fyrrverandi né núverandi verkefnisstjórn hafi lokið faglegri umfjöllun um þær.

„Fljótt á litið virðist þessi tillaga meirihlutans á skjön við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun [rammaáætlun],“ segir Stefán.

Faghópar leggja grunninn að tillögum verkefnastjórnarinnar

- Þann 14. janúar 2013 var samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þar með öðlaðist rammaáætlun í fyrsta sinn lögformlegt gildi. Með þingsályktuninni lauk 2. áfanga rammaáætlunar, sem staðið hafði með hléum frá árinu 2003.
- Þar eru virkjunarkostir flokkaðir í orkunýtingar-, bið- og verndarflokk á grundvelli laga um verndar- og orkunýtingaráætlun [rammaáætlun]. Flokkunin tekur til alls 67 virkjunarkosta en þar af eru 16 í orkunýtingarflokki, 31 í biðflokki en 20 í verndarflokki.
- Alþingi er ekki bundið af niðurstöðum verkefnisstjórnar

rammaáætlunar. Hins vegar er Alþingi bundið af lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

„Verkefnisstjórn annast upplýsingasöfnun, faglegt mat [...] og gerð tillagna til ráðherra vegna verndar- og orkunýtingaráætlunar og er samráðsvettvangur vegna hennar. Verkefnisstjórn skal skipa faghópa með sérfræðingum á viðeigandi sviðum sem fari yfir virkjunaráform hver frá sínum sjónarhóli, meti þá með stigagjöf og geri tillögur til verkefnisstjórnar. Fjöldi faghópa og skipan þeirra verður ákveðin af verkefnisstjórninni.“

Lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

BÚRFELLSVIRKJUN Næstu verkefni Landsvirkjunar eru stækkun Búrfellsvirkjunar og væntanlega Hvammsvirkjun. Báðar verða teknar í gagnið 2018, að óbreyttu.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Falleg jólatré

Gæðajólatré - sem endist ár eftir ár!

Þessi jólatré eru í hæsta gæðaflokki auk þess að vera mjög falleg og líkjast þannig raunverulegum trjám. Einföld samsetning.

- Ekkert barr að ryksuga
- Eldtraust
- Ekki ofnæmisvaldandi
- Engin vökvun
- 12 stærðir (60-500 cm)
- 10 ára ábyrgð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stálfótur fylgir

Fæst einnig í Hagkaupi Smáralind, Skeifunni og Garðabæ.

Skátarnir

Hraunbær 123 | s. 550 9800 | skatar.is

Opunartímar:
Virkir dagar kl. 09-18
Laugardagar kl. 11-18
Sunnudagar kl. 12-18

JÓLABAKSTUR

KEX smiðjan

Njóttu adventunnar með góðgæti frá Kexsmiðjunni. Smakkaðu jólasnákökurnar frá Kexsmiðjunni.

Gleðileg íslensk jól

Jólasnákökur frá Kexsmiðjunni fást í helstu verslunum

LAUGARDAGS- SPRENGJA

BARA Í DAG:

30%

afsláttur af útivistar-
fatnaði, skóm og
veiðivörum

EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ GERA
GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN.
OPIÐ FRÁ KL. 10-16.



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

Munið gjafabréfin!



Ellingsen

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



TENDRUM JÓLALJÓS!



Jólahátíðin nálgast og við tendrum ljós
jólaljósa kl. 14 í dag við hátíðlegan
söng Barnakórs Kársnesskóla, Þórunnar
Clausen og Guðrúnar Árnýjar.

Ípróttaálfurinn og
Solla stírða
kíkja í heimsókn!

PAKKAJÓL

Kauptu eina jólagjöf til
viðbótar og settu undir
jólaljósa Smáralindar.
Fjölskylduhjálpi Íslands,
Mæðrastyrksnefnd og
Hjálparstarfi Kirkjunnar
sjá um að koma
gjöfunum í réttar hendur.



BÓKAFJÖR

Sölkudagurinn
í Gryfjunni 1. hæð.
Bókakynningar
og skemmtilegar
uppákomur.



HANDBÓKIN

Hundruð
jólagjafahugmynda!



SMÁRALIND

Góða skemmtun

Leyndarviðskipti Landsbankans kalla á spurningar:

Fengu einir að kaupa Borgun

Með öllu er rangt að ætla að Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hafi komið að sölu á eignarhlut Landsbankans, eina ríkisbankans, á þriðjungs eignarhlut í Borgun. Föðurbróðir Bjarna, Einar Sveinsson, og Benedikt sonur hans eru á meðal þeirra sem keyptu hlutinn á rúma tvo milljarða. Nú er upplýst að Landsbankinn seldi hlutinn nánast eftir pöntun. Íslenska ríkið á 98 prósentu hlut í Landsbankanum og Landsbankinn seldi alls 31,2 prósentu hlut í Borgun og fékk fyrir 2,2 milljarða, að lesa má í fréttum. Ekki hefur komið fram með hvaða hætti kaupendurnir greiddu Landsbankanum fyrir hlutinn í Borgun. Ekki hvort kaupin voru staðgreidd eða hvort lánað var fyrir kaupunum. Það á eftir að skýrast.

Sigurjón Magnús Egilsson

sm@frettabladid.is



Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, tók málið upp á Alþingi í gær, og sagði meðal annars: „Og Landsbankinn er að 98 prósentum í eigu ríkisins og þá er í raun um ríkiseign að ræða sem er verið að selja í þessu tilfelli. Þessi sala og hvernig er að henni staðið hlýtur að kalla á sérstaka athugun á því hvers vegna þessi hlutur fór ekki í opið söluférlu. Eða hvers vegna var ekki farið með hann eins og á að fara með eignir ríkisins,“ sagði Þorsteinn. Þorsteinn sagði Borgun hafa alla tíð verið rekið með miklum hagnaði og spyr hvers vegna félagið var ekki sett í almenna sölu. „Mér þykir þetta nokkuð alvarleg tíðindi og mér finnst eiginlega læðast að manni gamlir draugar. Ég hélt að menn hefðu lært eitthvað hér fyrir nokkrum árum síðan. En svo virðist ekki vera. Þannig að það er full þörf á því að fara dýpra í þetta mál og spyrjast fyrir um það hvers vegna söluférlu á þessum hlut Landsbankans í Borgun var með þessum hætti,“ sagði Þorsteinn Sæmundsson á Alþingi í gær.

Ekki er annað að sjá en að bankinn hafi selt sinn hlut eftir pöntun frá þeim feðgum, öðrum var ekki gefinn kostur á að kaupa hlutinn, ekkert opið söluférlu var viðhaft og þessi einkavæðing kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti.

Þorsteinn Sæmundsson fann eitt og annað að sölunni í gær. Víst er að Landsbankamenn eru annarrar skoðunar, þeim þykir vel hafa tekist til og í tilkynningu segir: „Enn fremur hefur það verið markmið samkeppnisyrivalda að aðeins einn banki sé hluthafi í hverju greiðslukortafyrirtæki á hverjum tíma. Þessi staða var óviðunandi fyrir Landsbankann og því teljum við þetta vera farsæla úrlausn fyrir bankann, félagið og nýja eigendur.“

Nú er ekki vitað, eins og áður sagði, hvernig kaupendurnir fjármögnuðu kaupin. Fyrir tíu árum hefði verið eðlilegast að ætla að Landsbankinn hefði lánað fyrir kaupunum. Vonandi höfum við lært nóg af mistökum fyrri ára til að sú sé ekki raunin. Þessi einkaframkvæmd tókst illa. Það er ekki hægt að ríkið eða fyrirtæki þar sem það á mestan hluta ráðstafi eignum. Ef á að selja þær verður að gera það þannig, að allir sem vilja og geta keppi um eignirnar í opnu ferli. Annað er ómögulegt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

AÐVENTUÓNLEIKAR Í HALLGRÍMSKIRKJU 2014

Líður að helgum tíðum

Kórar Margrétar Pálmadóttur

Vox feminae Cantabile

Stúlknaór Reykjavíkur

Miðvikudagur 3. desember kl. 20.30

Miðasala í Domus vox og á midi.is

Domus vox www.domusvox.is

SPOTTIÐ



MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

Hreinir og einir

Einhver mesti ótti sem ungur karlmaður upplifir er tilhugsunin um að hann muni fara í gegnum lífið án þess að sofa hjá. Það má gera grín að þessu. En óhamingjan og skömmin sem fylgja því að ganga illa í þessum efnum eru samt ekkert grín.

Samfélagið hjálpar varla til. Það þrýstir á fólk að festa ráð sitt en hæðist samt að mörgum leiðum sem fólk notar til þess. Stefnumótasíður? Ekki finn pappír. Makaleit í útlöndum? Uss...



Við hefðum ekki fyllt plánetuna ef við hefðum ekki sterka kynhvöt. Ef við spyrjum hóp fimmtán ára manna hvort þeir vilji fara í gegnum lífið sem hreinir sveinar og deyjja 95 ára eða deyjja úr krabbameini um fertugt en með reynslu á umræddu sviði, þá þykist ég vita

hvert svar drjúgs meirihluta þeirra myndi vera. Grínlaust: í dag er örugglega um hálfur milljarður manna að stressa sig á þessu. Oftast að ástæðulausu. En ekki alltaf.

Í því ljósi er ekki skrítið að fram komi aðilar sem telja sig geta aðstoðað þetta fólk. Í raun er skrítið að ekki sé meira um það. Hér á landi eru hundruð líkamsræktarþjálfara. En hvað eru margir sem segjast vinna við að kenna fólk betri samskipti við hitt kynið?

Skáldað í forvitnisgötin

Engum mun takast að njóta ásta með annarri manneskju nema að hann eða hún finni aðra manneskju sem deilir þeim áhuga. En þessi partur, makaleitin, hefur varla fengið næga athygli í hefðbundinni kynfræðslu.

Maður situr í skólastofu í 9. bekk og les um slímlosun og það hvernig eigi að setja á sig smokkinn. Á þessum tíma virðast þessar upplýsingar álíka gagnlegar og handbók um geim-

göngu. En opnan „Hvernig er best að haga sér í kringum strák / stelpu þannig að hann / hún vilji kyssa þig?“ er hvergi sjáanleg. Kannski flissar einhver við tilhugsun um slíkt kennsluefni. En auðvitað er ekkert hlægilegra við það að kenna fólk að maður kreistir ekki brjóst eða eistu.

Ef fólk getur ekki nálgast upplýsingar eftir opinberum leiðum, eða ef það treystir því ekki að þær upplýsingar séu

með öllu réttar, þá mun það leita til jafnaðra sinna eða annarra sem virðast hafa svörin á reiðum höndum. Hvort sem um er að ræða „óhefðbundið“ kynlíf, eiturlyf eða eitthvað annað: fólk mun finna leiðir. Á sama hátt er markaður fyrir fyrirlestra með mönnum sem segjast geta kennt árangursríkari samskipti við hitt kynið. Allavega meðan lítið annað er í boði fyrir þá sem halda að þeir þurfi á slíkri leiðsögn að halda.

Hösslþjálfarinn

Það átti að flytja einn svona hösslþjálfara hingað til landsins. Það fór í gang undirskriftasöfnun gegn því að hann fengi að koma Íslands sem margir skrifuðu undir. Áskorun um að hann yrði beittur kynferðisofbeldi fór víða.

Nú er því ekki að neita að þessi gaur, Julien Blanc, virtist ekki laus við það að vera þó nokkur þvottapoki. Það má til dæmis finna djammmyndbönd af honum að ganga um götur í Japan þar sem hann grípur um höfuð kvenna og ýtir þeim í áttina að klofinu á sér. Og svona huggulegheit.

Ef menn starfa í bransa þar sem afkoma þeirra byggist á ímynd þá er svo sem ekki ástæða til að vorkenna þeim ef þeir, án nokkurrar utanaðkomandi aðstoðar, rústa þeirri ímynd. Ef fólk vill ekki lengur borga fyrir að mæta á fyrirlestra manna sem hafa sýnt vont fordæmi af ótta við samfélagslega fordæmingu þá geta þeir menn sjálfum sér um kennt.

En það má velta því fyrir sér hvort þær miklu undirtektir sem fordæming þessa manns hefur fengið megi ekki að einhverju leyti að rekja til þess hvað það er sem hann þykist vera að kenna.

Að sú nálgun að líta á viðreynslu sem tækni þyki hlutgerandi og óhugnanleg. Ég get skilið þær áhyggjur en held samt að þetta sé vond nálgun. Þetta er, þrátt fyrir allt, tegund af samskiptum. Fólk er misgott í samskiptum. Það er fullt af fólk, fullt af karlmönnum, sem skortir sjálfstraust til að tala við konur. Það veldur þeim hugarangist. Það væri mjög gott að fólk gæti nálgast þetta vandamál án þess að hætta að þá. Stór hluti mannkyns er að spyrja sig ákveðinna spurninga. Það væri gott ef þeir sem kæmu með svörin væru ekki allir algjörir labbakútar.



BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO
RALPH LAUREN

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti

Stenströms

BELLINI
collezione

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18

laugardaga frá kl. 11 til 17

sunnudaga frá kl. 13 til 17

Sími 568 9512



Jólagleði!

40- 70%

afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



HELGIN



Kristín Steinsdóttir, rithöfundur

Kertaljós og huggulegheit

Ég ætla bara að vera heima hjá mér. Ég er búin að vera um alla borg að lesa úr bókinni minni Vonarlandi og verð að þvíf alla næstu viku. Þessa helgi á ég frí, þarf reyndar að skrifa eina adventuhugleiðingu, en það er bara skemmtilegt. Annars ætla ég helst ekki út úr húsi, bara kveikja á kerti og hafa það huggulegt. Það verða svo þrjár upplestrar á mánudag, svo verð ég á Höfn í Hornafirði á miðvikudag og fimmtudag, þetta er svo skemmtilegt.



Daniel Ólafsson, plötusnúður

Ætla að narta í lóðin

Er að fara í frumsýningarpartíð á Hreinum Skildi. Á laugardag ætla ég að taka því rólega, jafnvel narta aðeins í lóðin. Á sunnudaginn er ég að fara í einhver adventukaffi og ætla jafnvel að fá mér ís.



Jóhannes Felixson, bakari

Grillstuð um helgina

Það verður sko sannkallað grillstuð hjá mér um helgina, í þessu líka fína sumarveðri. Ég ætla að grilla hamburgara í kvöld og rib eye á morgun með bernaise. Sannkölluð lúxus veisla.



Helga Braga Jónsdóttir, leikkona

Verð úti um allt land

Ég er að fara í Mývatnssveit að skemmta í Skjólbrekku í kvöld. Svo er Thanksgivingboð á sunnudag hjá systur minni, hún hefur alltaf haldið upp á þessa hátíð. Svo ég verð úti um allt land þessa helgi.

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



Á FYRSTA ÞÁTTINN af Hreinum Skildi á Stöð 2 annað kvöld. Steindi leikur aðalhlutverkið en Pétur Jóhann Sigfússon og Saga Garðarsdóttir fara einnig með stór hlutverk í þáttunum.

MEÐ FJÖLSKYLDUNNI og fylgstu með þegar Óslóartréð verður tendrað á Austurvelli á morgun klukkan þrjú.



Á SAFNPLÖTUNA Fyrir Gaza þar sem 19 listamenn og hljómsveitir koma saman í nafni mannréttinda og mannúðar.

APENA, OHIO sem er örsagnasafn eftir Karl Ágúst Úlfsson þar sem hann lýsir á meinfyndinn hátt daglegu lífi sínu þegar hann bjó í Ohio fyrir rúmum tuttugu árum.



Í ÚTVARPINU Nadja Hjorton, Zoë Poluch, Jessyka Watson-Galbraith og Halla Ólafsdóttir fá innblástur í hljóðveru Ríkisútvarpsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við viljum skoða hvernig dans gæti verið en ekki fara eftir fyrir fram ákveðnum hugmyndum um hvað dans á að vera.

Halla Ólafsdóttir, kóreógráfer og dansari.

Útvarpið færð á sviðið

Reykjavík Dance Festival er í fullum gangi í borginni og er markmiðið að rífa þökin af með dansi.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

okadagur hátíðarinnar Reykjavík Dance Festival er í dag og er boðið upp á dagskrá frá morgni til kvölds. Í Tjarnarbíói klukkan átta verður dansverkið On Air sýnt þar sem útvarpsmiðillinn er rannsakaður. „Við höfum áhuga á að taka aðra miðla inn í danssýninguna.

Við viljum skoða hvernig dans gæti verið en ekki fara eftir fyrir fram ákveðnum hugmyndum um hvað dans á að vera,“ segir Halla Ólafsdóttir, dansari og kóreógráfer. „Það eru ákveðnir hlutir sem hægt er að gera í gegnum útvarp sem ekki er hægt að gera öðruvísi, það er þessi tenging við áheyrendur.“

Verkið er eftir Nöjdu Hjorton en ásamt þeim Höllu dansa Zoë Poluch og Jessyka Watson-Galbraith í verkinu. Þær eru allar

dansarar og kóreógráferar, en Halla segir það vera annað en að vera danshöfundur og biður því um að rétt orð sé notað. „Kóreógraf merkir að skrifa hreyfingu og þarf því ekki endilega að vera tengt dansi. Alveg eins og arkitektinn teiknar ekki endilega hús.“

Dagurinn mun þó hefjast á heitapotsumræðum í Sundhöll Reykjavíkur klukkan tvö þar sem listamenn og áhorfendur geta spjallað saman um það sem

hefur átt sér stað á hátíðinni. Um kvöldið verða svo sýnd þrjú verk og verður hátíðinni slaufað með lokapartíi sem Hlynur Páll Pálsson býður alla velkomna í.

„Í síðasta lokapartíi hátíðarinnar ætlaði þakið að rifna af húsnæðinu og við munum reyna að toppa það. Enda er markmiðið með hátíðinni ekki einungis að fólk horfi á dans heldur líka að fá fólk út á gólf og dansa. Það er meira að segja í stefnuskránni,“ segir Hlynur.

VIÐ FELLUM NIÐUR ÖLL VÖRUGJÖLD
ENGIN VÖRUGJÖLD
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÁTÖLURUM, HEYRNARTÖLUM, SKJÁVÖRPUM OG FLEIRI VÖRUM AF ÖLLUM VÖRUM SEM ÁÐUR VORU MEÐ VÖRUGJÖLD

4BLS
NÝR BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SPENNANDI JÓLAGRÆJUM

HITUM UPP FYRIR JÖLIN
ENGIN VÖRUGJÖLD OG EKKERT VESEN BARA JÓLASTUÐ!
0% VEXTIR
Ókeypis SNJALLUR
19.900

ÓPIÐ Í DAG FRÁ 11-16

TÖLVUTEK

Síminn

Snjallpakkarnir okkar eru sveigjanlegri

Sveigðu pakkann

Ef þú klárar gagnamagnið í farsímaleiðinni geturðu nú skipt mínútum út fyrir gagnamagn og haldið áfram að vafra.

90 mín. | 50MB 60 mín. | 200MB 30 mín. | 500MB
● ————— ● ————— ●
fleiri mín. 990 kr. fleiri MB

120 mín. | 500MB 90 mín. | 750MB 60 mín. | 1GB
● ————— ● ————— ●
fleiri mín. 1.990 kr. fleiri MB/GB

350 mín. | 1GB 250 mín. | 3GB 120 mín. | 10GB
● ————— ● ————— ●
fleiri mín. 3.990 kr. fleiri GB

Kynntu þér nýju sveigjanlegu Snjallpakkana

Allir sem eiga snjallsíma vita að suma mánuði talar maður meira en aðra mánuði er maður meira á netinu í símanum. Sveigjanlegu Snjallpakkarnir okkar eru farsímaleið þar sem þú sveigir pakkann þinn, hvort sem er í áskrift eða Frelsi, með því að skipta mínútum út fyrir gagnamagn eða öfugt, allt eftir þörfum hverju sinni. Þú stjórnar og aukakostnaðurinn er enginn!


Þú getur meira með Símanum

siminn.is



MONTARIO – svefnsófi

ÁTTU VON Á
GESTUM?
Mikið úrval af
svefnsófum



JÓLATILBOÐ
79.900
KRÓNUR

Stærð: 158 x 90 cm.
Slitsterkt dökk og ljósgrátt áklæði.
Dýnustærð 140 x 200 cm.
Rúmfatageymsla

Fullt verð 99.900
ÞÚ SPARAR
20.000 KR.



JÓLATILBOÐ
169.900
KRÓNUR

Stærð: 276x203 H: 82 cm.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Fullt verð 189.900

ÞÚ SPARAR 20.000 KR.



JACKPOT fjölskyldusófinn

NATURES REST – heilsurúm



JÓLATILBOÐ
69.900
120X200 CM

Stærð: 120x200 cm
Dýna, botn og lappir. Fullt verð 79.900
ÞÚ SPARAR 10.000 kr.



NATURES COMFORT – heilsurúm



JÓLATILBOÐ
111.120
140X200 CM

Stærð: 140x200 cm
Dýna, botn og lappir. Fullt verð 138.900
ÞÚ SPARAR 27.780 kr.



NATURES LUXURY – heilsurúm



JÓLATILBOÐ
135.920
160X200 CM

Stærð: 160x200 cm
Dýna, botn og lappir. Fullt verð 169.900
ÞÚ SPARAR 33.980 kr.



SHAPE – heilsurúm



JÓLATILBOÐ
147.920
180X200 CM

Stærð: 180x200 cm
Dýna, botn og lappir. Fullt verð 184.900
ÞÚ SPARAR 36.980 kr.



Tvennutilboð

Hlý og vönduð dúnsæng
og dúnkoddi

Fullt verð: 23.800.
ÞÚ SPARAR 4.900 kr.



TVENNUTILBOÐ
18.900
SÆNG+KODDI

BREYTT OG STÓRGLÆSILEG

DORMA

Full verslun af nýjum og spennandi vörum á jólatilboði!

Fyrir þínar bestu stundir!

C&J stillanlegt rúm með
Shape heilsudýnu

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- 5 ára ábyrgð



TIL Í ÖLLUM
STÆRÐUM
Á JÓLATILBOÐI

Charlotte  Julien
Dream your world™

SHAPE
BY NATURE'S BEDDING



JÓLATILBOÐ
375.955
2X80X200 CM

Stærð: 2x80x200 cm. Fullt verð 442.300

ÞÚ SPARAR 66.345 kr.

DORMA 

– býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ☎ 512 6800 • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00
Dalsbraut 1, Akureyri ☎ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ☎ 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði ☎ 456 4566



FJÖLSKYLDAN Dóra og Benedikt hafa alla tíð verið tvö en Dóra segir að hún, Benedikt og fólkið í þeirra daglega lífi sé þeirra hugmynd um hina fullkomnu fjölskyldu. Hér eru Theódór Karlsson, umboðsmaður Benedikts, og Lara García Menendes, aðstoðarkona hans, með meðgínunum við borðstofuborðið heima hjá Benedikt á Reynimelnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Er um hin fullkomna fjölskylda

Dóra S. Bjarnason hefur ítrekað reynt að fá lífsnauðsynlega aðstoð fyrir **Benedikt Hákon Bjarnason**, fjölfatlaðan son sinn, án árangurs. Hún hefur alið hann ein upp og með hækkandi aldri getur hún ekki veitt honum þá aðstoð sem hann þarf.

Sunna Karen
Sigurbórsdóttir
sunnak@365.is



Nú er ég að komast á aldur eins og það heitir, að nálgast sjöugtug og ég vil bara fá að verða gömul og rugluð eins og hinar kellingarnar. Sonur minn getur lifað eðlilegu lífi ef hann fær þá aðstoð sem hann þarf. Ég vil geta sagt við starfsfólkið með fullri reisn: Eitt ykkar fær borgaðar næturvaktir,“ segir Dóra S. Bjarnason prófessor og móðir Benedikts Hákonar Bjarnasonar, 34 ára fjölfatlaðs manns.

Bládamaður kemst fljótt að því að Dóra er einstök baráttukona. Fátt, ef nokkuð, skiptir hana meira máli í lífinu en sonur hennar. Velíðan Benedikts er henni því mikið hugðarefni og hjartans mál.

Undanfarin fjögur ár hefur Dóra ítrekað óskað eftir sólarhringsaðstoð fyrir Benedikt sem býr á sínu eigin heimili með stuðningi hennar og aðstoðarfólks. Hingað til hefur Reykjavíkurborg útvegað honum fjármagn fyrir aðstoðarfólk í 16-19 klukkustundir á sólarhring. Því er það undir móður, vinum og aðstoðarfólki Benedikts komið að vera honum til aðstoðar hátt í átta klukkustundir á sólarhring, en það gerir aðstoðarfólk hans launalaust.

Hættan alltaf fyrir hendi

„Aðstoðarfólk Benedikts vinnur launalaust á nóttunni, en því vil ég auðvitað breyta. Það er nauðsynlegt. Þetta er frábært fólk og ekki bara starfsfólk heldur líka vinir hans sem deila með honum heimili. Það er ekki hægt að segja til um það hver staðan væri í dag án þeirra.“

Benedikt er sem fyrr segir fatlaður. Hann getur ekki tjáð sig og er flogaveikur en án aðstoðar gæti hann orðið fyrir miklum skaða. „Benedikt getur alveg komið sér sjálfur úr rúminu og við höfum fundið hann frammi á gangi um nætur. Hann hefur verið að fá flogaköst en krampinn sem fylgir þeim getur verið lífshættulegur. Fólk getur dáið í þessum aðstæðum. Þessir hlutir verða að vera gulltryggðir, því maður veit aldrei. Allt getur gerst.“

Stefndi borginni

Dóra ákvað að fara með mál Benedikts fyrir dómstóla í von um að hann fengi þá aðstoð sem hann þarf á að halda. Þau biðu lægri hlut í málinu fyrir héraðsdómi. Málinu tapaði hún meðal annars vegna þess að Benedikt fær meiri aðstoð en gert er ráð fyrir í svokölluðum beingreiðslusamningi, sem er úrræði á vegum Reykjavíkurborgar.

Hann fær aðstoð í allt að 588 klukkustundir á mánuði en í 30 daga mánuði eru 720 klukkustundir. „Það er staðfest af lækni að Benedikt þurfi aðstoð allan sólar-

hringinn og því vantar aðstoð í 132 klukkustundir á mánuði,“ segir Dóra en henni sýnist, miðað við dóminn, að verklagsreglur Reykjavíkurborgar vegi þyngra en landslög og er afar ósátt.

Beingreiðslusamningar lýsa sér þannig að fólk býr á eigin heimili með stuðningi sveitarfélagsins. Sveitarfélagið úthlutar ákveðnu fjármagni sem það svo ráðstafar sjálft til kaupa á þjónustu sem það hefði annars fengið frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar á grundvelli mats á stuðningsþörf.

„Þetta mat höfum við aldrei fengið. Ég veit ekki hver tók það, ekki hvenær það var gert, hef aldrei fengið það í hendurnar og aldrei litið það augum, þrátt fyrir að hafa óskað ítrekað eftir skriflegu svari,“ segir Dóra. „Það var ekki fyrr en málareksturinn var hafinn fyrir héraðsdómi að ég áttaði mig á hvers vegna ég fékk þetta ekki. Þá fyrst fengum við upplýsingar um verklagsreglur Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,“ segir hún og leggur reglurnar fram.

Þar segir á einum stað í stuttu og einföldu máli að séu gerðar athugasemdir við ákvarðanir vegna útfærslu á þjónustu í tengslum við beingreiðslusamningana sé ekki hægt að skjóta ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar. Í verklagsreglunum segir að ef Reykjavíkurborg hafnar beiðni um stuðning vegna fötlunar skuli viðkomanda gerð grein fyrir því munnlega, ekki skriflega. Þó sé

hægt að áfrýja ákvörðunum er tengjast mati á þjónustuþörf. Dóra telur að þetta þýði í tilvikum Benedikts að honum sé gert erfitt um vik að leita réttar síns.

Ætlar alla leið með málið

„Þetta er það sem er alvarlegt, háalvarlegt. Það er verið að gera fötluðu fólki erfiðara fyrir að átta sig á réttarstöðu sinni í borginni og kemur í veg fyrir að það geti leitað réttar síns. Ef þú áttar þig ekki á réttarstöðu þinni þá geturðu ekki leitað réttar þíns. Þú verður að hafa hlutina skriflega. Og ef ég skil þetta rétt þá er það þannig samkvæmt verklagsreglum að borgin geti tekið ákvörðun um hvar fólk býr.“

Dóra ætlar því að fara með málið fyrir Hæstarétt. „Þetta mál er svo miklu stærra en bara hann Benedikt. Þetta varðar alla þá sem þurfa á sambærilegri aðstoð að halda. Ég er bjartsýn og vænti þess að fá málefnalegan og sanngjarnan dóm.“

Málefni fatlaðra eru Dóru einkar hugleikin en hún er félagsfræðingur að mennt og lauk árið 2003 doktorsprófi í sérkennslufræðum. Fræðin hefur hún kennt um heim allan síðustu áratugi, oftast með Benedikt sér við hlið.

Hin fullkomna fjölskylda

„Ég er virkilega þakklát fyrir Benedikt. Ekki bara vegna þess að hann er einstök manneskja, heldur vegna þess að ef ég ætti hann ekki þá hefði ég aldrei fengið að ▶

„Ástin blómstrar í kringum Benedikt, það hefur sýnt sig og sannað. Hann ber ábyrgð á hjónaböndum og samböndum.“

„Það er verið að gera fötluðu fólki erfiðara fyrir að átta sig á réttarstöðu sinni í borginni og kemur í veg fyrir að það geti leitað réttar síns.“

„Ég er virkilega þakklát fyrir Benedikt. Ekki bara vegna þess að hann er einstök manneskja, heldur vegna þess að ef ég ætti hann ekki þá hefði ég aldrei fengið að upplifa allt það sem ég hef upplifað í lífinu. Við bæði, saman.“

VETRAR LÍF 2014



KOMDU Í KAAPTÚN GARÐABÆ

Stórsýning um helgina!

Verið velkomin á stórsýninguna **Vetrarlíf 2014** í Kaaptúni Garðabæ á mótí Ikea. Til sýnis verða 2015 árgerðir af vélsleðum, fjórhjólum og allar nýjustu græjurnar í vetrarsporti. Útivistarfatnaður, leiðsögutæki, ferðafélög, tryggingar, **kraftmesti vélsleði í heimi** og margt fleira. Félagar í **Landsbjörg** kynna búnað og tæki auk þess sem **Landhelgisgæslan** og **Hjálparsveit skáta** verða með æfingu kl 12 í dag og verður þyrlunni lent á svæðinu. Kíktu við, **það kostar ekkert!**

FJÓRHJÓL
VÉLSLEÐAR
LEIÐSÖGUTÆKI
FATNAÐUR
O.FL. O.FL.

**Aðgangur
er ókeypis!**

Opið
laugardag 10 - 17.30
sunnudag 11 - 17

Staður
Kaaptún, við hliðina
á Bónus (á mótí IKEA)



LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA
VÉLSLEDAMANNA

FYRSTA MÁL SINNAR TEGUNDAR



„Þetta er ekki einsdæmi og það eru fleiri sem þurfa á mun meiri aðstoð að halda en

þeir fá. Enginn hefur þó höfðað mál vegna þess líkt og í þessu máli. Það er í raun mjög alvarlegt að Reykjavíkurborg greiði ekki fyrir þá aðstoð sem fatlað fólk þarf á að halda líkt og í tilfalli Benedikts.

Ellen Calmon,
formaður Öryrkjabandalags Íslands

→ Stuðla á að fullri þátttöku án aðgreiningar

Ísland undirritaði samning Sam-einuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 30. maí 2007. Unnið hefur verið að fullgildingu sáttmálans frá 2012. Þar segir að ríkin sem eiga aðild að samningnum skuli viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og rétt til þess að eiga valkosti til jafns við aðra. Þar segir einnig að fatlað fólk skuli fá að njóta þess réttar til fulls og að stuðla eigi að fullri þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að veita því tækifæri til að velja sér búsetustað og með hverjum það býr, til jafns við aðra.



TÓNELSKUR Benedikt hefur dálæti á tónlist en tónlistin er hans helsta tjáningarform. Julio Romero Romeral og Lara Garcia Menendes, aðstoðarmenn Benedikts, búa með honum og segja mikla gleði einkenna heimilislífið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

► upplifa allt það sem ég hef upplifað í lífinu. Við bæði, saman,“ segir Dóra en þau mæðginin hafa búið í fimm löndum í þremur heimsálfum.

Dóra og Benedikt hafa alla tíð verið tvö og eru afar góðir vinir. „Við Benedikt erum hin fullkomna fjölskylda. Ég, Benedikt og aðstoðarfólk hans. Það er okkar hugmynd um hina fullkomnu fjölskyldu.“

Hefur hugsað fyrir öllu

Dóra vill gjarnan geta verið áhyggjulaus. Hún hefur þó hugsað fyrir öllu varðandi stuðning fyrir

Benedikt og sýnir það með líkani sem hún hefur útbúið. Líkanið er í laginu eins og píramídi.

„Ég tróni þar efst á meðan ég hef vit en maður veit aldrei. Næstur kemur umboðsmaðurinn, Theódór Karlsson, og bekkjarfélagar Benedikts. Benedikt eignaðist góða vini í æsku sem hafa verið honum til halds og trausts frá því hann var lítill strákur. Þeir munu fylgja honum í lífinu og mér finnst líklegt að einhverjir úr þeim hópi komi inn í myndina þegar ég er ekki til staðar. En þetta eru ungir menn, flestir fjölskyldumenn

og það er auðvitað ekki hægt að skuldbinda ungt fólk. Ég vona að þetta geti gerst.“

Við ákveðum að fara í aðeins léttari mál og ræða Benedikt sjálfan og hvaða mann hann hefur að geyma.

Tónlistin einkennir lífið

Benedikt er fæddur 22. desember árið 1980 og vinnur í Hallgrímskirkju. Hann býr ásamt þremur aðstoðarmönnum í Vesturbænum í Reykjavík og hefur dálæti á tónlist. Bláðamanni gafst tækifæri til að heimsækja hann og það fór

ekki á milli mála að tónlistin einkennir líf hans. Í hlýlegri íbúð sem hann sjálfur á er ýmis hljóðfæri að finna, meðal annars píanó, hljómborð og gítar.

„Benedikt er mikill tónlistarmaður og hann hefur lokið námi í raftónlist. Tónlist hans er rytmísk og skemmtileg en hún hefur meðal annars verið spiluð í útvarpi. Hann getur ekki tjáð sig með orðum en tjáir sig með augunum, bendingum og svipbrigðum. Hans tjáir sig líka í gegnum tónlistina sjálfa. Hann er yfirleitt glaður og hress en þegar hann verður reiður þá spilar hann þyngri og reidari tónlist. Ég sá það vel þegar ég komst að því að aðstoðarmaður sem ég hafði ráðið hafði vanrækt hann. Hann var auðvitað látinn fara strax.“

Ástin blómstrar

Dóra segir að alla tíð hafi mikið líf og fjör verið í kringum Benedikt og strax á unga aldri hafi hann eignast marga góða vini. „Hann fór í almennan skóla og eignaðist mikið af góðum vinum. Þegar við vorum á landinu þá var heimilið alltaf fullt af litlum strákum sem síðan stækkuðu saman og urðu merkilegir menn, alveg fádæma flottir gæjar. Þeir urðu vinir hans fyrir lífstíð.“

En það eru ekki bara vinirnir sem hafa glatt hann. „Ástin blómstrar í kringum Benedikt, það hefur sýnt sig og sannað. Hann ber ábyrgð á hjónaböndum og samböndum. Starfsfólk og vinir hans hafa hitt sína maka í gegnum Benedikt. Það hangir saman við það að Benedikt leyfir engum að vera annar en hann er. Veggirnir fara og þá sér fólk hvert annað,“ segir Dóra stolt að lokum og bætir við að hún muni ótraud halda áfram að gera allt sem í hennar valdi stendur til að leita lausna fyrir son sinn.

Nú hringja börnin og senda SMS fyrir 0 kr.

Börn viðskiptavina í RED áskrift geta hringt ótakmarkað innanlands og sent SMS fyrir 0 krónur í alla og fá 50 MB gagnamagn í hverjum mánuði.*

Skráðu börnin í RED Young í síma 1414 eða í næstu verslun Vodafone.

Vodafone

Góð samskipti bæta lífið



*RED áskrift kostar frá 5.990 kr./mán. Með RED áskrift fylgja tvær RED Young áskriftir án endurgjalds fyrir börn yngri en 18 ára. Nánar á Vodafone.is.

Mest selda ævisagan



„Áhrifamikil ævisaga ...
Afar áhugaverð bók.“

GUÐMUNDUR MAGNÚSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Gríðarlega lifandi frásögn og skemmtileg
... kraftmiklar og hugaðar konur.“

ÓÐINN JÓNSSON / RÚV

„Stór og mikil saga.
Heillandi ... aldarspegill ...
Bók sem ég held að margir eigi eftir
að vilja drekka í sig um jólin.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„... afbragðsævisaga ...“

STEINUNN LILJA EMILSDÓTTIR / SIRKÚSTJALDIÐ

„... dramatik alveg eins og hún gerist best.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„... bók sem enginn ætti að láta
fram hjá sér fara ...“

STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR / VIKAN

„Þetta er stór saga og ævintýraleg ...
skemmtileg saga, vel gert hjá Helgu.“

HILDIGUNNUR ÞRÁINSDÓTTIR / KILJAN

JPL

JPV ÚTGÁFA





MEÐ BORGARFJÖRÐINN Í BAKGRUNNI Kolfinna, Guðrún og Signý búa allar og starfa í Borgarnesi og eiga það sameiginlegt að hafa tekið við nýrri stjórnunarstöðu á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kvennaveldi í Borgarfjarðarbyggð

Þrjár konur hafa tekið við áhrifamiklum stjórnunarstöðum í Borgarnesi á þessu ári. **Kolfinna Jóhannesdóttir** er sveitarstjóri í Borgarfjarðarbyggð, **Signý Óskarsdóttir** er skólustjóri grunnskólans og **Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir** er skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar. Þær eiga það sameiginlegt að hafa rifið sig upp með rötum í kringum þrítugt og drifið sig í nám.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Íf Kolfinnu, Signýjar og Guðrúnar var komið í ákveðinn farveg þegar þær fundu þörfina til að breyta til og hófu allar nám við Háskólann á Bifröst. Sú ákvörðun hafði mikil áhrif á líf þeirra og líta þær til baka til námsáranna með mikilli hlýju þótt þetta hafi verið strembið á stundum.

Kolfinna: „Ég var bóndi í Norðtungu hér í sveitinni með manni mínum og þremur börnum. Svo ákvað ég að fara í nám sem er ein besta ákvörðun sem ég hef tekið. En þetta var erfitt. Þetta var hálf-tíma keyrsla, stundum í snjó og vondu veðri, með tvö börn í leikskóla á háskólasvæðinu og einn sem gekk í grunnskóla sveitarinnar. En ef háskólinn hefði ekki verið svona nálægt mér með allri þjónustu, hefði ég líklega ekki farið í nám.“

Guðrún: „Ég var að vinna á pósthúsinu á Húsavík og fann að það væri ekki það sem mig langaði að gera í lífinu. Vinkona mín var að fara á Bifröst og ég ákvað bara að drífa mig með henni með tveggja ára son. Fyrirverandi maðurinn minn kom með mér en var á sjó svo að ég var mikið ein með barnið. Ég hafði alltaf verið nokkuð leikin með tölur og vissi að viðskiptafræðinám myndi henta mér vel og ég sé ekki eftir að hafa tekið þessa ákvörðun því líf mitt er mun betra í dag.“

Signý: „Ég ákvað að fara í nám einstæð, ólétt og með lítið barn. Ég bjó í litlu þorpi austur á landi og pakkaði öllu saman sem ég átti í lítið rautt rúgbrauð sem ég fékk að láni. Ég ákvað að láta slag standa og byrja á einni önn. En svo kláraði ég námið. Ég hefði svo sannarlega ekki getað ímyndað mér fyrir tíu árum, þegar ég ákvað að hefja nýtt líf, að ég myndi enda sem skólustjóri í grunnskólanum í Borgarnesi.“

Konurnar þrjár höfðu allar farið í nám með það í huga að fara í stjórnunarstöðu þótt þær hafi ekki endilega séð fyrir sér að þær myndu enda í því starfi sem þær sinna í dag og það í Borgarnesi, fyrir utan Kolfinnu sem hafði það að markmiði.

Kolfinna: „Það er draumastarfið að fá að vera sveitarstjóri í Borgarfirði þar sem ég er alin upp. Mín sýn hefur alltaf verið sú að koma aftur heim og leyfa samfélaginu að njóta góðs af menntuninni, nýta kraftana. Maður er hluti af samfélaginu, þessari menningu og er að vinna með því. Mér finnst það algjör forréttindi.“

Skipuleggja tímann vel

Þær eru allar í krefjandi störfum í dag og með stórar fjölskyldur. Þær eru þó sammála um að það að vera í námi með börn sé góður undirbúningur fyrir atvinnulífið því maður læri að forgangsraða og skipuleggja tíma sinn.

Kolfinna: „Ég lít svo á að ég hafi þurft að vera ofurkona til að gera þetta. Það tók smá tíma að sleppa tókunum á útiverkunum og heimilisverkin í sveit geta verið mjög mikil.

Breyttist í ofurkonu



ad þessu eða hvenær ég svaf eiginlega.

Kolfinna Jóhannesdóttir

„Í tvö ár fór ég ekki að sofa fyrir en seint og um síðir á næturnar en vaknaði klukkan fimm til að hafa allt tilbúið fyrir daginn. Ég skil ekki hvernig ég fór

Ákvað að hefja nýtt líf



slag standa og byrja á einni önn.

Signý Óskarsdóttir

„Ég bjó í litlu þorpi austur á landi og pakkaði öllu saman sem ég átti í lítið rautt rúgbrauð sem ég fékk að láni. Ég ákvað að láta

Get allt eftir námsárin



held ég að maður geti allt.

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir

„Pegar maður er búinn að fara í gegnum nám með tvö börn, vera óléttur í miðju námi, eiga barnið en klára samt á réttum tíma þá

Maðurinn minn vann mjög mikið og var að byggja upp búskapinn á þessum tíma. Á sama tíma vorum við að ala upp þrjú börn. Þetta var gríðarlegt álag og mjög krefjandi. En áhuginn á náminu dró mig áfram.“

Signý: „Ég held að þetta verkefnadriifna nám sem við vorum í sé góður undirbúningur því maður þarf alltaf að skila einhverju frá sér og maður lærir að búa til tíma fyrir fjölskylduna, námið og sjálfan sig. Stundum tekst að halda þessu jafnvægi og stundum ekki, af því að fólk er bara mannlegt. Ég geymi tölvuna meðvitað í vinnunni af og til svo ég freistist ekki til að vinna heima og viti menn, heimurinn ferst ekki á meðan.“

Guðrún: „Já, ég þarf að læra þetta. Stundum kíkí ég á tölvupóstinn klukkan tvö að nóttu og er allt í einu farin að svara þegar ég átta mig á að það er mið nótt. Ég er annars ein með tvo stráka núna og er fótoltamma númer eitt ásamt því að koma mér í allar stjórnir í skólum og tómstundum. En mér finnst ég höndla þetta vel enda búin

ad læra að skipuleggja mig mjög vel. Ég passa að eftir vinnu eigi ég tíma með börnunum mínum fram að háttatíma. Þegar maður er búinn að fara í gegnum nám með tvö börn, vera óléttur í miðju námi, eiga barnið en klára samt á réttum tíma þá held ég að maður geti allt.“

Kolfinna: „Ég skal alveg viðurkenna að ég hef velt fyrir mér hvort ég muni líta til baka og spyrja sjálfa mig af hverju ég hafi alltaf þurft að vera svona upptekin, í námi með vinnu og svo taka að mér mjög krefjandi störf. Ég held ég hafi mjög oft tekið vinnuna fram yfir fjölskylduna. Ég er hrædd um að ég muni hugsa þegar ég verð áttædd að ég hefði átt að gefa fjölskyldunni meiri tíma.“

Gott að hafa bæði kynin í stjórnun

Talandi um samviskubit leiðist umræðan út í konur í stjórnunarstörfum og hvort við séum enn að venjast því að það sé í lagi að meirihluti tíma kvenna fari í krefjandi og gefandi störf. Ætli það hafi verið hugsanlegt fyrir þrjátíu árum að

konur sætu í helstu stjórnunarstöðum sveitarinnar?

Signý: „Nei, samfélagið hefur breyst gífurlega. Það er hreinlega betra aðgengi að menntun almennt, fyrir alla og tækifærin fleiri.“

Kolfinna: „Ég man að þegar ég byrjaði í náminu þá fannst fólk ekki sjálfsagt að ég færi með börnin á leikskóla og það skildi ekki af hverju þeir væru ekki heima hjá mér eins og önnur börn í sveitinni. Það var því ákveðið skref fyrir mig. En margt hefur breyst í rétta átt og sérstaklega viðhorfið en við eigum langt í land með ýmislegt enn þá.“

Signý: „Það þarf að vera kynjajafnvægi í stjórnun. Það er heldur ekki gott að það séu bara konur alls staðar.“

Þannig lauk samræðum við konurnar sem stjórna í Borgarfjarðarbyggð. Í lokin var gert góðlátlegt grín að því að það þyrfti bara að koma konum í stjórnunarstöður í háskólanum á Bifröst og á Hólum og þá væri málið í höfn í sveitarfélaginu en svo var maldað í móinn með að best væri jú góð blanda af báðum kynjum.



50 ÁRA VINSKAPUR

Á árunum eftir síðari heimsstyrjöld sigldu hjálpfúsir íslenskir sjómenn til Hamborgar og gáfu bágstöddum íbúum fisk. Allt frá þessum tíma hefur ríkt mikill vinarhugur milli þjóðanna og hófu Þjóðverjar að gefa Íslendingum jólatré sem þakklætisvott til íslenskra sjómanna fyrir matargjafir til barna í Hamborg. Í ár er jólatréð það fimmtugasta í röðinni og hefur Eimskip flutt trén endurgjaldslaust til Reykjavíkur í öll skiptin.


Ljósín verða tendruð á fimmtugasta Hamborgartrénu í dag, laugardag kl. 17:00 á Miðbakka við Reykjavíkurhöfn. Eimskip býður upp á heita kjötsúpu, á meðan birgðir endast, í tilefni tímamótanna. Að athöfn lokinni bjóða Faxafloahafnir og Þýsk-Íslenska viðskiptaráðið upp á heitt súkkulaði í Listasafni Reykjavíkur.

Allir velkomnir.





7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum.



Við fr nýjan

Komdu og sjáðu magnaðan



SOUL EV

Kia Soul EV Luxury — rafbíll
Verð **4.750.777** kr.

Kia Soul — dísilbíll
Verð frá **3.890.777** kr.



umsýnum sálufélagi

nýjan Kia Soul hjá Öskju í dag frá kl. 12–16



The Power to Surprise

Komdu upp á Krókháls 11 og fagnaðu með okkur. Við tökum vel á mót þér.



ASKJA · Krókháls 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



„... virkilega fyndin – og á svo yndislega lúmskan hátt ... Bráðfyndin saga sem byggir á norrænum sagnarfi en fjallar ekki síður um nútímasamfélag.“

Halla Þórlaug Óskarsdóttir / Fréttablaðið

www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu



Í LÍFI OG STARFI Hafsteinn og Karitas starfa saman á vinnustofunni á daginn og halda áfram að ræða hugmyndir heima.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hanna upplifanir og rétta andrúmsloftið

Hjónin **Hafsteinn Júlíusson** og **Karitas Sveinsdóttir** eru með vinnustofu í Bankastræti þar sem þau hanna allt frá smáum hlutum upp í heilu hótelin. Tilgangurinn er þó alltaf sá sami, að skapa ákveðna stemningu.

Erla Björg Gunnarsdóttir

erlabjorg@frettabladid.is



Það er heimilislegt um að líta á vinnustofu Hafsteins og Karitasar og auðvitað mjög smart, eins og við var að búast. Tafla með verkefnalistanum hangir á veggnum, sem er ansi langur. Alls kyns hlutir eru í hillunum sem þau hafa hannað, allt frá merkingum á bjórflöskur í skartgripum og púða. Einnig hanga myndir uppi á veggjum af innanhúshönnun þeirra í verslunum og í fyrirtækjum. Alla þessa hönnun er hægt að flokka sem upplifunarhönnun.

„Upplifunarhönnun er blanda af arkitektúr, grafík og auglýsingamennsku,“ segir Hafsteinn. „Við leggjum mikið upp úr því að þetta tali allt saman hvort sem það er grafísk framsetning, litaval, textagerð eða stemning. Þetta þarf að vera ein órjúfanleg heild.“

Hafsteinn er lærður iðn- og vöruhönnuður og Karitas er innanhússarkitekt. Þau lærðu í Milanó en fluttu heim fyrir þremur árum, stofnuðu HAF-stúdíó og hafa haft nóg fyrir stafni síðan.

„Við hönnum bæði konsept og framsetningu frá grunni en svo leita líka til okkar fyrirtæki með rótgróin vörumerki. Þá vinnum við með fyrirtækinu við að draga fram vörumerkið með því að byggja upp rétta stemningu í gegnum hönnun,“ segir Hafsteinn.

„Við sýnum með hönnuninni hver skilaboðin eru, gerum óáþreifanlega hluti áþreifanlega. Það má segja að það sé verið að bakka upp vöruna með hönnun og stemningu,“ bætir Karitas við. Þau segja fyrirtæki leggja meira upp úr að skapa rétt andrúmsloft en áður.

„Fólk er búið að læra að það er ekki nóg að fá brunamat og opna staðinn. Það þarf að þæla hvernig maður ætlar að nálgast kunnann og aðgreina sig frá öðrum til að láta staðinn lifa um ókomin ár,“ segir Hafsteinn. Karitas bætir við að það dugi ekki að hlaupa til korteri fyrir opnun og segir svo hlæjandi að Íslendingar séu kannski aðeins að læra að gera langtímaplön þegar þeir fara út í rekstur.

Hjónin eru með mörg járn í eldinum. Hvert verkefni tekur oft langan tíma og unnið að því með hléum. Þau eru ánægð með hvað gengur vel og finnst þægilegt að

→ Upplifunarhönnun er blanda af arkitektúr, grafík og auglýsingamennsku þar sem grafísk framsetning, litaval, textagerð og hönnun verður ein órjúfanleg heild.

vera eigin herrar á vinnustofunni sinni, þar sem þau dvelja löngum stundum saman. Við vinnuborðið er barnastóll, sem stingur órlítið í stúf við annað í rýminu.

„Já, dóttir okkar á öðru ári þarf að hafa sína aðstöðu,“ segir Karitas. „Henni finnst sem betur fer gaman að koma í vinnuna til mömmu og pabba. Þegar hjón vinna svona saman þá verða náttúrulega mörkin á milli einkalífs og vinnu minni. Ég leggst stundum niður á kvöldin og fæ mikla þörf til að ræða nýjasta verkefnið og einhverjar hugmyndir.“

Hafsteinn bætir við að ferð sem þau eru að fara í hafi til dæmis breyst úr þægilegu fríi með dótturinni í hálfgerða vinnuferð. „Það eru strax komnir tveir fundir. En þetta er áhugamálið okkar og okkur finnst þetta skemmtilegt, það hlýtur að skipta mestu máli.“



SÍMINN

Hafsteinn og Karitas gerðu nýtt útlit á Kringluverslun Símans. Vörur Símans eru óáþreifanlegar, gígabæt, mínútur og nethraði. Því höfðu þau að markmiði að gera upplifun kunnanna af heimsókn í verslunina sjónrænni en áður. Öll tæki eru uppi á borðum og verslunin gerð líflegri til dæmis með því að afgangi frá því að afgangi fólk yfir búðarborðið.

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU 2014

30. NÓVEMBER - 31. DESEMBER

SJÁ, HIMINS OPNAST HLIÐ

JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU



LAU. 6. DES. KL. 17 / SUN. 7. DES. KL. 17 / ÞRI. 9. DES. KL. 20

LENKA MATEOVA ORGEL EINSÖNGVARAR ÚR RÖÐUM KÓRFÉLAGA STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKESSON

Á EFNISSKRÁNNI ER AÐVENTU- OG JÓLATÓNLIST M.A. EFTIR
PRAETORIUS, ECCARD, SIGVALDA KALDALÓNS,
GUSTAV HOLST, ANDREW CARTER, ERIC WHITACRE
OG MORTEN LAURIDSEN.

HUGLJÚFIR OG HÁTÍÐLEGIR JÓLATÓNLEIKAR MEÐ ÚRVALSKÓR, SEM NÝVERIÐ VANN HUG OG HJÖRTU ÍSLENSKRA
OG SPÆNSKRA ÁHEYRENDA OG HLAUT ÞRENN GULLVERÐLAUN OG GRAND PRIX Í ALPJÓÐLEGRI KÓRAKEPPNI.

Miðaverð: 3.500 / 2.500

30. NÓVEMBER 1. SUNNUDAGUR Í AÐVENTU 17.00 Nú kemur heimsins hjálparráð-orgeltónleikar

Björn Steinar Sólbergsson flytur aðventu- og jólatónlist, m.a. sálmforleiki eftir Bach, A. Carter o.fl. Falleg stund með Klais orgelinu á 1. sunnudegi í aðventu.

Miðaverð 2.500 / 1.500 kr.



3. DESEMBER MIÐVIKUDAGUR

12.00 -12.30 Kom þú, kom vor Immanúel - aðventutónleikar með Schola cantorum

Á fyrri hádegistónleikum sínum á aðventunni býður Schola cantorum upp á fagra kórtónlist tengda aðventu og jólum. Stutt og hátíðleg stund í aðdraganda jóla. Stjórnandi og orgelleikari Hörður Áskelsson.

Miðaverð 2.000 / 1.500 kr.

12. DESEMBER FÖSTUDAGUR KLAIS-ORGELIÐ 22. ÁRA!

20.00 Jólaorgeltónleikar með heimsorganista

Pýska orgelstjarnan Christian Schmitt, sem nýverið hlaut ein æðstu verðlaun tónlistarmanna í Pýskalandi "Echo", flytur orgelverk eftir Bach, Mendelssohn, úr La Nativité eftir Messiaen o.fl. Tónleikarnir eru samvinnuverkefni Pýska sendiráðsins í Reykjavík og Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Ókeypis aðgangur.



17. DESEMBER MIÐVIKUDAGUR

12.00-12.30 Hátíð fer að höndum ein - hádegistónleikar með Schola cantorum

Á síðari hádegistónleikum sínum á aðventunni býður Schola cantorum upp á fagra jólatónlist með einsöng og orgelleik.

Stutt og hátíðleg stund í aðdraganda jóla. Stjórnandi og orgelleikari Hörður Áskelsson.

Miðaverð 2.000 / 1.500 kr.




28. DESEMBER SUNNUDAGUR

17.00 Jólatónleikar Schola cantorum

Schola cantorum flytur hrífandi jólatónlist með og án undirleiks, m.a. ný gullfalleg jólalög eftir Hafliða Hallgrímsson, Ó, hljóða nótt eftir Adams o.fl. Einsöngvarar: Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir, Fjölín Ólafsson o.fl. Organisti Björn Steinar Sólbergsson.

Stjórnandi Hörður Áskelsson.

Miðaverð 3.500 / 2.500 kr.



31. DESEMBER GAMLÁRSDAGUR

17.00 Hátíðarhljómar við áramót

Hátíðartónlist fyrir 3 trompeta, orgel og pákur.

Trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, Hörður Áskelsson orgelleikari og Eggert Pálsson pákuleikari flytja glæsileg hátíðarverk m.a. eftir Vivaldi, Purcell, Bach og Albinoni. Áramótastemningin byrjar með hátíðarhljómunum þeirra félaga, enda njóta þessir tónleikar gríðarlegra vinsælda og hafa þeir leikið fyrir fullu húsi á gamlárskvöld allt frá vígslu Klaisorgelsins 1992!

Miðaverð 3.500 / 2.500 kr.


► BÝRÐ TIL PINN EIGIN MINJAGRIP

Hafsteinn og Karitas þróðu og hönnuðu minjagrip fyrir Kirkjubæjarklaustur. Ferðamaðurinn kaupir tómt flát með korti og innsigli. Gripurinn er fullkomnaður þegar ferðamaðurinn hefur fundið staðinn á kortinu þar sem hann má tína það sem hann vill úr náttúrunni, setja í flátið og innsigla.




JÓLA-VÆTTIRNAR

Hugmyndin um jólavættirnar koma frá Hafsteini og Karitas en Gunnar Karlsson teiknaði verurnar. Jólavættirnar eru á húsveggjum og götuhornum í miðbænum í desember og er ætlað að skapa áhrifaríka og skemmtilega jólaupplifun á einfaldan hátt.



Pétur í essinu sínu



„Mér fannst mjög gaman að lesa þetta ... mjög fallegir kaflar ...“

FRÍÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / KILJAN

„Mjög skemmtileg og falleg bók eins og það sem Pétur skrifar er eiginlega alltaf.“

ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu



BARNAFATAVERSLUN 66° NORDUR

Hafsteinn og Karitas hafa sérhæft sig í að hanna verslunarrými og hönnuðu til að mynda barnafataverslun 66° Norður í Kringlunni. Þar er barnafötunum stillt upp í hressandi og litríku umhverfi sem fangar um leið sjóklæðaarfleið vörumerkisins. Þannig fær hið hefðbundna vörumerki nýtt og barnvænna líf.



REYKJAVÍK LIGHTS

Karitas og Hafsteinn tóku þátt í hönnun hótelsins strax frá byrjun. Til að gefa hótelinu sinn eigin karakter þá gerðu þau birtudagatal sem lýsir birtunni á Íslandi eftir árstíma. Dagatalið varð síðan útgangspunkturinn í allri hönnun. Hótelinu er skipt upp í tólf álmur eins og fjölda mánaða og í hverju herbergi er notað birtustig þess mánaðar. Hafsteinn segir þetta konsept vera gott dæmi um að upphæfja séreinkennin og skapa ákveðið andrúmsloft því án dagatalsins væru herbergin bara rúm og hvítir veggir, og ferðamaðurinn gæti verið staddur í hvaða borg sem er.

← Mánuður þessa herbergis er ágúst og er birtustigið eftir því.



2. sæti

Eymundsson - Allar bækur
26.11.2014

„Yrsa kann það sem mestu máli skiptir, að fylla lesandann spennu og óvissu, gróðursetja í honum hrylling og skelfingu.“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR,
FRÉTTATÍMANUM

„*Besti glæpasagnahöfundur Norðurlandanna*“

ADRESSEAVISEN 24.11.2014

**„SPENNA
OG ÓVISSA“
Í DNA YRSU**

VERÖLD





JÓLA

í Tölvulistanum og

ÆVAR VÍSINDAMAÐUR GERIR TILRAUNIR!

Á **sunnudaginn** milli klukkan
13-15 ætlar Ævar vísindamaður
að koma og gera skemmtilegar
tilraunir með jólaslím og
reykfylltar jólasápukúlur.



GISKAÐU Á FJÖLDANN!

Sá sem kemst næst því að giska á fjölda
mandarína í mandarínufjallinu vinnur
Philips Fidelio Bluetooth ferðahátalara frá
Heimilistækjum.

KAFFIKYNNING FRÁ ILLY OG DOLCE GUSTO

Komdu og smakkaðu eðal
kaffi frá illy eða eina af
30 mismunandi tegundum
af kaffi frá Dolce Gusto.



TÖLVULISTINN

tl.is

OPIÐ LAUGARDAG
11-16

HÁTÍÐ

Heimilistækjum á Suðurlandsbraut



PIPARKÖKUSKREYTINGAR MED JÓLASVEININUM ALLA HELGINA!

Jólasveinarnir ætla að vera hjá okkur alla helgina og hjálpa börnunum að skreyta piparkökur. Öll börn fá sælgætisglæðing og hægt verður að fá mynd af sér með jólasveininum.



Heimilistæki

ALNO INN lifun VÁRIR FANTASÍUR



HEITT SÚKKULAÐI OG PIPARKÖKUR FYRIR ALLA!

Allir sem koma fá súkkulaði af bestu gerð og ljúffengar piparkökur.



FRÁBÆR TILBOÐ ALLA HELGINA



LJÓTASTA JÓLAPEYSAN?

Starfsmenn Heimilistækja og Tölvulistans styrkja og taka þátt í Jólapeysuátaki Barnaheilla. **Komdu um helgina í skemmtilegri jólapeysu** og vertu með í átakanu. Ljósmyndari okkar tekur mynd sem þú getur notað til þess að safna áheitum meðal vina þinna á jolapeysan.is. Facebook vinir Tölvulistans munu velja þann sem kemur í ljóstustu peysunni um helgina. **Vinningshafinn fær í verðlaun Asus spjaldtölvu.**

Ef þig vantar jólapeysu þá er hægt að fá þær hjá Ljóta jólapeysumarkaðnum í Grænatúni 1 í Kópavogi. Sjá nánar á Facebook undir „Ljótár jólapeysur“.

OPIÐ SUNNUDAG
13-17



Heimilistæki ht.is



HELGAR

í Tölvulistanum og

nextbook

8" SPJALDTÖLVA Á 14.990!

Spjaldtölvur eru vinsæl jólagjöf fyrir börn og fullorðna. Ótrúlegt jólaverð á þessari 8" spjaldtölvu þrátt fyrir að vera með 1.5GHz tvíkjarna örgjörva, myndavél að framan og aftan og HDMI tengi til að tengja við sjónvarp. Hægt að nálgast þúsundir ókeypis leikja og skemmtilegra smáforrita, fara á netið, horfa á bíómyndir og hlusta á tónlist.

14.990

FULLT VERÐ 19.990



NEX-NX008HD8G



**-30.000
UM HELGINA**

TVÆR TÖLVUR Í EINNI

Físlétt og meðfærileg fartölva sem breytist í 13,3" spjaldtölvu með einum smelli. Rafhlaða sem dugar allt að 8,5 tíma og öflugur fjögurra kjarna Intel Pentium örgjörvi. Frábær kaup.

HELGARTILBOÐ

89.990

FULLT VERÐ 119.990

TOSHIBA TOS-L30WB10D

27" SKJÁR MEÐ AMBIGLOW

Fyrsti tölvuskjárinn frá Philips með Ambiglow lýsingu sem lætur hann virka stærri með LED lýsingu úr bakhlið. Herbergið fyllist af birtu sem gæðir leikjaspilun og kvikmyndaáhorf nýrri upplifun. Framúrskarandi AH-IPS skjátækni og þrjú HDMI tengi.

PHILIPS PHS-278C4QHSN



HELGARTILBOÐ

44.990

FULLT VERÐ 54.990

FLOTT HEYRNARTÓL MEÐ HÁGÆÐA HLJÓM

**33%
AFSLÁTTUR
UM HELGINA**



Hin fullkomnu heyrnartól fyrir þá sem gera kröfur um glæsilegt útlit og hljóm í hæsta gæðaflokki. Samanbrjótanleg og hægt að svara í síma á snúru.

noontec NOO-ZOROHD

HELGARTILBOÐ

9.990

FULLT VERÐ 14.990

SMÁVAXIN BORÐTÖLVA

Framfarir í þróun fartölva og spjaldtölva gera það að verkum að nú er hægt að fá góða borðtölvu sem er ekki nema 19cm á lengd og breidd. Intel Dual Core örgjörvi og Intel HD skjákort.

ASUS ASU-VIVOPCVM40B5036K



HELGARTILBOÐ

49.990

FULLT VERÐ 59.990

TÖLVULISTINN

tl.is

OPIÐ LAUGARDAG
11-16

TILBOÐ!

Heimilistækjum á Suðurlandsbraut



40"

PHILIPS

Philips 40PFT4319
Einfaltt en gott sjónvarp með háskerpupplausn 1920x1080 og 100Hz perfect motion rate. 2 Hdmi tengi og USB tengi.

JÓLATILBOÐ

99.995

FULLT VERÐ 124.995



FLOTT
RAMMALAUS
HÖNNUN

PHILIPS

Philips 47/55PFS7189
Frábært snjallsjónvarp úr 7000 línunni frá Philips. DualCore örgjörvi, Digital Natural Motion, PixelPreciseHD myndvinnsla, 800Hz Perfect Motion Rate, Ambilight baklýsing og fleira og fleira.

47"

JÓLATILBOÐ

209.995

FULLT VERÐ 299.995

55"

JÓLATILBOÐ

299.995

FULLT VERÐ 399.995

PHILIPS

Bluetooth

Philips HTL2160
Heimabíó með 60w RMS 80cm Soundbar hátalara. Dolby Digital og Virtual Surround Sound. MP3 Link, AUX in, coaxial/optical in og USB. Práðlaus Bluetooth tenging. Basshátalari fylgir. Hægt að festa á vegg.



JÓLATILBOÐ

29.995

FULLT VERÐ 49.995



Ariete 635
1,2 lítra ís- og jógúrtgerðarvél. Hraðfrystandi skál með tvöfalda einangrun. Auðvelt að taka í sundur og hreinsa.

HELGARTILBOÐ

7.995

FULLT VERÐ 9.995



PRINCESS

Princess 232147
2200W Roma hraðsuðukanna með vatnsmæli. 1,7 lítrar. Stál.

HELGARTILBOÐ

3.995

FULLT VERÐ 5.995

HUROM SAFAPRESSUR
20% AFSLÁTTUR

HUROM
Slow Juicer



Philips D1503B
Práðlausir DECT símar með baklýstum 1,6" LCD skjá. 50 nafna símaskrá. Birtir 10 númer og endurval í síðustu 10. 3 töl.

HELGARTILBOÐ

6.995

FULLT VERÐ 13.995

PHILIPS



DeLonghi

DeLonghi UH700
260w rakatæki með stillanlegu rakastigi og hreinni gufu. Bæta má við ilmi. Slekkur sjálfvirk á sér.

HELGARTILBOÐ

9.995

FULLT VERÐ 14.995

Panasonic

RAKVÉLAR
SKEGGSNYRTAR
HÁRKLIPPUR



20% AFSLÁTTUR



MONSTER

HEYRNARTÓL
30% AFSLÁTTUR

DNA / INCREDIBLE / INSPIRATION



Ariete

Sjálfvirk ryksuguvélmenni sem fer sjálf í hleðslu. 3 kerfi. Má stilla til að hreinsa á ákveðnum tímum. Fallskynjari. Öhreinindaskynjari. Hepa filter. Fjarstýring og tveir auka burstar fylgja.

HELGARTILBOÐ

29.995

FULLT VERÐ 39.995



OPIÐ SUNNUDAG
13-17



Heimilistæki

ht.is

Litlu skrefin skipta öllu máli

Víða í borgum heims er ofbeldi gegn konum daglegt brauð. Hægt væri að bæta þar úr með frekar einföldum lausnum, en ólíkum eftir aðstæðum á hverjum stað. Reykjavík hefur nú bæst í hóp átján borga sem taka þátt í átaki á vegum UN Women.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Þessa dagana stendur yfir alþjóðlegt átak samtakanna UN Women til að tryggja öryggi kvenna og barna í borgum heims. Reykjavík hefur nú bæst í hóp borgaryfirvalda í átján löndum sem hafa heitið því að vinna að bættu öryggi kvenna og barna í almenningsrymum. Flestar eru þessar borgir á fátækari svæðum heimsins, en auk Reykjavíkur hafa þrjár aðrar velmegunarborgir ákveðið að taka þátt í þessu verkefni: Winnipeg í Kanada, Dublin á Írlandi og Sakai í Japan.

„Þetta átak er alveg einstakt,“ segir Inga Dóra Pétursdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi. „Það eru bara átján borgir sem hafa tekið þátt í þessu. Og verkefnið er unnið á ákveðinni hugmyndafræði, sem er sú sama um allan heim. Hún gengur út á það að leiða saman ólíka aðila, borgaryfirvöld, lögreglu, frjáls félagasamtök og svo hóp kvenna á hverjum stað. Síðan er gerð grunnkönnun, með þátttöku allra þessara aðila, á því hvar vandamálin liggja, hvar þau birtast og hvernig væri hægt að uppræta þau.“

Vandamál í borgarskipulagi

Samtökin hafa birt sláandi tölur um ástandið í nokkrum borgum heims, þar á meðal hér í Reykjavík. Þótt tölur þessar sýni hversu yfirþyrmandi ástandið er, þá hafa samtökin jafnframt lagt áherslu á að með til-
tölulega einföldum hætti væri víða hægt að lagfæra ástandið töluvert.



INGA DÓRA PÉTURSDÓTTIR

Einfaldar tæknilausnir á borð við götulýsingu, smáforrit í síma og rafrænt bankakerfi hafi reynst byltingarkenndar lausnir í forvörnum kynbundins ofbeldis. Þá hafi aukin lög-gæsla, betra borgarskipulag og aukin vitund borgara um kynferðis-
ofbeldi einnig skipt sköpum fyrir betri og öruggari borgir.

Nokkurra ára reynsla er komin á þetta verkefni í borgum á borð við Nýju-Delí, Kaíró og Port Moresby.

„Til dæmis í Nýju-Delí var það í fyrsta skipti sem konur í fátækra-
hverfunum fengu rödd þar sem þær voru spurðar hvar það væri helst sem þær yrðu fyrir ofbeldi, hvar þeim liði verst og hvað þær myndu vilja gera. Allt í einu var farið að líta á þetta brjálæðislega algenga ofbeldi gegn konum sem borgarskipulag, og konurnar eru partur af lausninni. Þetta er það sem mér finnst sjálfri mjög spennandi við þessa hugmyndafræði, sem er að leiða saman ólíka aðila til að greina hver vandinn er og koma síðan með staðbundnar lausnir.“

Ólíkar lausnir á hverjum stað

„Þar eru það litlu skrefin sem skipta öllu máli,“ segir Inga Dóra. „En af því birtingarmyndir ofbeldis gagnvart konum og börnum og unglingum í borgum er ólíkt, þá eru lausnirnar líka ólíkar.“

Hún nefnir dæmi frá Port Moresby í Papúa Nýju-Gíneu, þar sem markaðskonur hafa verið í mikilli hættu.

„Þar er það þannig að 85 prósent þeirra sem selja á mörkuðum eru konur. Hins vegar var mjög sjaldgæft að þær hefðu aðgang að eigin bankareikningi, þannig að öll viðskiptin fóru fram með lausafé. Þær settu sig í mikla hættu þegar þær voru að fara gangandi á óupplýstum göngustígum til að komast í strætisvagn, og biðu eftir strætó á óupplýstum stöðum. Þær voru með fulla vasa af peningum, engin lögga



MÓTMÆLI Á INDLANDI Konur í Siliguri komu saman til að mótmæla kynferðisofbeldi og öðrum glæpum gegn konum sumarið 2013. Indverska þjóðþingið hafði þá samþykkt strangar refsingar fyrir kynferðisafbrot, en enn hefur það litlu breytt í raun.

NORDICPHOTOS/AFP

nálæg og það var svo algengt að það væri ráðist á þær.“

UN Women greip því til þess ráðs að koma með ferðabanka í sendiferðabíl. Þær gátu þá lagt peningana inn á banka og þurftu ekki að ganga með féð á sér.

„Maður gerir sér ekki grein fyrir því hvað bara debetkortið gefur manni mikið öryggi. Bara það eitt að ganga með peninga á sér setur mann í mikla hættu,“ segir Inga Dóra.

Reykjavík bætist í hópinn

„Það segir sig svo sjálft að ef maður er með ólíkar borgir eins og Reykjavík og Port Moresby, þá eru vandamálin mjög ólík. Samt eru þau í grunninn þau sömu,“ segir Inga Dóra. „Það eru ákveðin staðir þar sem konum annaðhvort líður mjög illa eða verða fyrir grófu ofbeldi.“

Reykjavíkurborg hafði sjálf frumkvæði að því að taka þátt í þessu verkefni, leitaði til UN Women og varð formlega hluti af því á þriðjudaginn, á alþjóðadegi gegn kynbundnu ofbeldi.

„Þau eru að fara að einbeita sér að því að uppræta kynferðislegt ofbeldi, bæði heimilisofbeldi og svo líka ofbeldi gegn konum í almenningsrymum. Þau höfðu heyrð um þetta alþjóðlega verkefni og sóttust eftir því að taka þátt. Og þá þarf Reykjavíkurborg núna að fara að gera svona könnun.“

Vítahringur

Þetta átak UN Women hefur töluverða sérstöðu, en bæði aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og ýms alþjóðleg mannréttindasamtök hafa lengi beitt sér fyrir því að draga úr kynbundnu ofbeldi.

Amnesty International hefur til dæmis reglulega bent stjórnvöldum ríkja heims á alþjóðlegar skyldur þeirra til þess að standa vörð um réttindi kvenna, koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi og refsa þeim sem slíkt fremja. Ofbeldi gegn konum geri konum erfiðara fyrir að leita réttar síns, og þar með sé kominn vítahringur því réttlæsið yti undir ofbeldi og mismunun.

Árið 1993 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna yfirlýsingu um útrýmingu ofbeldis gegn konum. Þremur árum síðar var svo stofnaður styrktarsjóður Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum. Sá sjóður hefur styrkt á fjórða hundrað verkefni í nærri 130 löndum og er rekin undir hatti UN Women. Þetta mun vera eini sjóðurinn í heiminum sem vinnur eingöngu að því að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum.

ÖRYGGISLEYSI

Í öllum borgum heims verða konur fyrir ofbeldi af ýmsu tagi. Víða er slíkt ofbeldi daglegt brauð.

Reykjavík
70% íslenskra kvenna upplifa sig ööruggar í miðborg Reykjavíkur að næturlagi.

London
43% kvenna í London höfðu upplifað kynferðislega áreitni á götum úti á síðastliðnu ári.

Nýja-Delí
95% kvenna í Nýju-Delí á Indlandi finnst þær ekki öruggar á götum úti. 73 prósent þessara kvenna upplifa ekki einu sinni öryggi í sínu nánasta umhverfi.

3/4 karlmanna í sömu rannsókn telja að konur eigi sjálfar sök á ofbeldinu þar sem þær bjóði upp á það með tilteknum klæðnaði.

2/5 karlmanna í Nýju-Delí telja að konur sem eru á ferli eftir myrkur beri sjálfar ábyrgð á því að vera áreitnar.


Kígálí
42% kvenna í Kígálí óttast að sækja skóla í dagsbirtu og 55 prósent eftir myrkur. Ótti við áreitni hefur áhrif á daglegt líf kvenna og skerðir lífsgæði þeirra verulega.

Egyptaland
99,3% kvenna og stúlkna á þéttbýlis-svæðum í Egyptalandi hafa upplifað kynferðislega áreitni og um helmingur þeirra verður fyrir áreitni daglega.

S-Afríka
Konu er nauðgað á 90 sekúndna fresti í Suður Afríku.

HÆGT MIÐAR ENN

Mikið vantar upp á að þriðja þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna náist árið 2015, eins og að var stefnt um aldamótin síðustu.



Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Um aldamótin síðustu settu Sameinuðu þjóðirnar sér svokölluð þúsaldarmarkmið og stefndu á að þau næðust árið 2015. Á næsta ári sem sagt.

Alls eru þetta átta markmið, en hið þriðja þeirra lýtur að bættri stöðu kvenna: Vinna átti að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna. Undirmerkið þar var að ná fullu jafnrétti í

grunnskólum fyrir árið 2005 og á öllum menntunarsögum fyrir árið 2015.

Á kortinu hér að ofan má sjá gróft yfirlit yfir það hvernig til hefur tekist í þróunarlöndum í þremur meginatriðum: skólagöngu, atvinnuþátttöku og hlutfalli kvenna á þjóðþingum.

Nokkuð vel virðist hafa tekist til við menntun á grunnskólastigi.

Það markmið hefur náðst í flestum heimshlutum, en dugur þó ekki til því stefnt var að því að jafnrétti næðist á öllum skólastigum á næsta ári.

Nokkur árangur hefur náðst í atvinnuþátttöku, þótt langt sé enn í land víðast hvar.

Jafnt hlutfall kynjanna á þjóðþingum hefur hins vegar hvergi náðst.

→ Átakið á Íslandi

UN Women á Íslandi hafa látið gera fyrir sig myndbönd, sem sjá má á síðunni oruggborg.is. Þar er hægt að sjá reynslu-
sögur þriggja kvenna á ólíkum aldri, og eru atburðirirnir sýndir frá sjónarhorni bæði geranda og polanda.

Þessu myndbandi er nú um helgina varpað á vegg Héraðsdóms við Lækjartorg. Þá er hægt að styrkja alþjóðlega átakið um 1.900 krónur með því að senda textaskilaboðin „oruggborg“ í síma 1900. Sá peningur rennur til þeirra verkefna sem mest eru fjárþurfi hverju sinni, en það eru nú um stundir verkefni í Nýju-Delí, Kaíró og Port Moresby.

Við hugum að umhverfinu

þess vegna notum við fjölnota innkaupapoka

SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Höfum dregið úr plastnotkun um 95% á 5 árum.



Nú koma allar vörur í fjölnota umbúðum — fyrir þig og umhverfið



SANNGIRNI

Viðskiptavinir okkar fá fjölnota innkaupapoka án endurgjalds.

ÁBYRGÐ

Bómullarvörur Lín Design eru framleiddar án eitrefna. Bómullarlitunin er unnin með húðvingjarnlegum efnum sem er gott fyrir fólk og náttúruna. Allur dúnn er hitahreinsaður án kemískra efna. Á þennan hátt tryggjum við vandaðar vörur og ábyrga framleiðslu.

UMHVERFISVERND

Á undanförunum árum hefur hlutfall endurnýtanlegra & fjölnota innkaupapoka verið um 60%. Nú er markmið okkar að auka hlutfallið enn frekar með nýjum fjölnotapokum sem viðskiptavinir fá endurgjaldslaust.

ENDURNÝTING



Í samstarfi við Rauða krossinn tókum við á móti notuðum vörum frá Lín Design. Við skil á eldri vöru frá Lín Design bjóðum við þér 20% afslátt af nýrri vöru. Rauði krossinn kemur notaðri vöru áfram til þeirra sem þarfnast hennar. Þannig vinnum við saman að endurnýtingu og minni endurvinnslu.

Lín
DESIGN



ATHÖFNIN VAR HÁTÍÐLEG Brúðarkjöll Stelli þótti látlaus en mjög glæsilegur.



Í LAGINU EINS OG 5 Giftingarhringur Stelli þótti nýstárlegur og var jafnvel fjallað um hann í ensku dagblaði.



DAGSFERÐ UM BORGARFJÖRD

Myndin er tekin daginn eftir að Arthur og Stella hittust á Hótel Borg. Hér eru þau ásamt yngstu systur Stelli.

HIN ÍSLENSKA GARBO

Helga Guðrún Johnson segir sögu þriggja kynslóða sjálfstæðra kvenna í bókinni *Saga þeirra*, sagan mín. Ein þeirra er heimsborgarinn Ingibjörg Briem, sem kölluð var Stella og festi hvergi rætur.

Saga þeirra, sagan mín
Höfundur **Helga Guðrún Johnson**
Útgáfa **JPV**
Fjöldi síðna **404**

Stella þurfti ekki að hugsa sig tvisvar um. Hún var varla búin að ganga frá ferðatöskunum eftir Danmerkurferðina þegar bréfið barst svo að hún þakkaði niður í hvelli og sigldi til London með fyrstu ferð. Hún var að nálgast þrítugt og henni fannst komið nóg af rótleysinu og flökkulífinu. Það var orðið tímabært að ungrú Briem yrði Mrs. Cotton.

Stella og Arthur opinberuðu trúlofun sína um miðjan nóvember 1930. Samkvæmt hefð birtust tilkynningar um trúlofunina í íslensku blöðunum og jafnvel þeim dönsku en það segir sína

sögu um stöðu Cotton-fjölskyldunnar að frásagnir af tilvonandi brúðkaupi Arthurs og Stelli voru birtar í mörgum helstu blöðunum á Englandi, s.s. Daily Mirror, The Telegraph, Morning Post, Daily Sketch og fleiri. Stella naut athyglinnar til að byrja með og ekki þótti henni verri aðdáunin sem kom fram í mörgum blaðgreinanna. Í tímaritinu The Bystander var feegurð Stelli rómud og haft eftir Veru, systur Arthurs, að henni væri gjarnan ruglað saman við fræga kvikmyndastjörnu:

Unnusta bróður míns er stödd á Englandi og býr hjá okkur. Hún er yndisleg stúlka og hefur henni oftast en einu sinni verið ruglað saman við Gretu Garbo. Hún er ljós yfirlitum, afar norræn og glæsi-

leg. Í leikhúsi í New York lenti hún í vandræðalegum aðstæðum því hún var talin vera Greta Garbo. Þá er hún svo „chic“ að í samanburði við enskar stúlkur virðist hún frekar líkjast bandarískum stúlkum.

Kanda man eftir annarri frásögn móður sinnar sem tengdist leikkonunni. Hún hafði einhverju sinni verið stödd í verslun í New York að máta hatt. Afgreiðslustúlkunum varð starsýnt á hana og báðust afsökunar á glápinu en sögðu að þeim hefði sýnt að þarna færi Greta Garbo. Stella sneri upp á sig og sagði hvasst um leið og hún rigsaði fram hjá þeim: „Hvað vitið þið nema ég sé hún?“ Og hló svo innilega að uppákomunni þegar hún var komin út á götu.

Fyrir brúðkaupið sýndi og sannaði Arthur að hann gat hannað eitthvað annað og rómantískara en grammófóna og flugskeyti. Stella hafði óskað eftir því að fá giftingarhring úr hvítagulli sem færi vel með trúlofunarhringnum. Arthur vildi hins vegar hafa giftingarhringana úr gulli, en sem málamiðlun hannaði hann hring úr skíragulli en lét húða með hvítagulli. Í miðju hringsins var rauður rúbín en í kring var raðað litlum, flöngum demöntum sem mynduðu „S“. Að auki lét Arthur útbúa fallega nælu úr hnappi af sjóliðsbúningi sínum þannig að umhverfis akkerið í miðjunni var krans úr demöntum.

Arthur efndi til fjörugrar veislu skömmu fyrir brúðkaupið þar sem hann kynnti Stelli fyrir vinum og ættingjum. Það

var væntanlega eina veislan sem tengdist hjónavígslunni því að á boðskortinu segir að þar sem fjölskylda brúðarinnar búi erlendis verði engin móttaka. Vinir og ættingjar séu þó velkomnir við athöfnina. Stella hafði meira að segja gerst svo frökk að senda kunningja sínum, Friðriki krónprinsi, boðskort. Hann skrifaði henni frá Amalíuborg þar sem hann þakkar boðið en segist ekki eiga heimangengt þennan dag og óskar henni alls hins besta.

Þótt Stella teldi sig veraldarvana átti hún bág með að laga sig að ýmsum breskum hefðum. Hún vissi að það væri tími til kominn að festa rætur eftir margra ára flakk og ístöðuleysi. En formfestan í bresku yfirstéttarsamfélagi var henni nánast um megn. Það þyrmdi yfir hana af og til þegar hún hugsaði til brúðkaupsins. Voru það rætur eða hlekkir sem hún kallaði yfir sig?

Fyrir brúðkaupið bjó Stella í íbúð sem foreldrar Arthurs tóku á leigu fyrir hana. Párið varði flestum dögum saman en fljótlega fór að bera á alls kyns uppákomum í samskiptum þeirra. Bæði voru skapstór og þótt þau tækjust stundum á um heims málin, þurfti tilefni rifrildanna ekki að vera merkilegt. Arthur var sannarlega ekki vanur því úr sinni sveit að stúlka léti skoðanir sínar svo rækilega í ljós. Honum fannst stundum nóg um sjálfstæði íslensku valkyrjunnar. Stelli fannst aftur á móti Arthur taka lífinu allt of alvarlega og var á köflum mjög ósátt við fjölskyldu hans, fannst hún afturhaldssöm og óspennandi. Þau spöruðu ekki stór orð í rifrildum sínum sem oft voru krydduð

dramatískum tilþrifum og innan-tómum hótunum.

Þegar aðeins tveir dagar voru til brúðkaupsins stefndi allt í voða. Arthur boðsendi þá bréf til Stelli og baðst afsökunar. Kvöldið áður höfðu þau rifist heiftarlega, líklega eftir að hafa fengið sér aðeins of mikið neðan í því. Stella hafði meira að segja sagt með miklum tilþrifum að sér væri nokk sama hvort hún lifði eða létist – hún elskaði hann ekki lengur og vildi hætta við brúðkaupið. Í bréfinu játaði Arthur henni ást sína en sagðist jafnframt hafa af henni áhyggjur. Honum var mjög í mun að unnusta hans anaði ekki út í einhverja vitleysu svo skömmu fyrir brúðkaupið og það hana að fara vel með sig. Kannski myndi Guð blessa þau síðar með barninu sem þau þráðu bæði svo mikið. Eftirskriftin var reyndar ekki jafn hástemmd. Arthur bað Stelli um að láta sendiboðann taka með sér ýmsa hluti sem hann vanhagaði um, svo sem rakspírann sinn.

Þau náðu sáttum enda voru þau ástfangin hvort af öðru þrátt fyrir allt. Rifrildin breyttu þar engu. Brúðhjónin tilvonandi voru um margt afar ólíkir einstaklingar. Arthur var grúskari, vísindamaður sem hlotið hafði strangt uppeldi. Það sást best á því að hann sleppti aldrei fram af sér beislinu, lét aldrei bara vaða, eins og Stelli einni var lagið. Hún kaus hraðari takt. Dans, skemmtanir, fólk og fjör. Hennar staður var í miðjum fjöldanum í háværu samkvæmi. Hann hefði heldur kosið að fara einn í rannsóknarleiðangur á hjara veraldar.

LANGGAR ÞIG TIL ORLANDO



KAUPTU 1KG ÖSKJU
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
FERÐ FYRIR 4*

Merktu kassakvittunina og sendu hana til Nóa Sírius, Hesthálsi 2-4, 110 Reykjavík
eða taktu mynd af kvittuninni og sendu á konfektleikur@noi.is.

*Fjórir vinna ferð fyrir 2 fullorðna og 2 börn.

DREGIÐ ALLA SUNNUDAGA Á AÐVENTUNNI

30. nóvember:
ORLANDO
FERÐ FYRIR 4

7. desember:
ORLANDO
FERÐ FYRIR 4

14. desember:
ORLANDO
FERÐ FYRIR 4

21. desember:
ORLANDO
FERÐ FYRIR 4



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Nóa konfekt er QPP framleitt. QPP (Quality Partner Program) gerir kaköræktendum kleift að rækta og framleiða kakóið á sjálfbæran og ábyrgan hátt. QPP ferlið tryggir fræðslu til kakóbænda varðandi ræktunaraðferðir sem og aðbúnað starfsfólks sem gerir þeim kleift að auka framleiðni sína á ábyrgan hátt. Auk þess kemur QPP að fræðslumálum, heilsugæslu og aðgengi að hreinu vatni í kaköræktarsamfélögum og stuðlar þannig að betri lífsskilyrðum þeirra sem þar búa.

NÓA
Konfekt

FYRSTI SUNNUDAGUR Í AÐVENTU HANN KALLAR Á SKREYTINGAR



Ólafur Borgar Heiðarsson hárgreiðslumaður

„Í ár langaði mig að breyta um stíl á aðventuskreytingunni, ég er ekkert mikið fyrir að hafa alltaf allt eins og þar sem ég rakst á svo falleg blá kerti fékk ég hugmynd að þessari uppröðun,“ segir Ólafur Borgar Heiðarsson, betur þekktur sem Óli Boggi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hanna Dóra Sturludóttir söngkona

„Mér finnst það einfalda fallegast. Setti snúru utan um kertin með númerunum og fannst gaman að hafa legjólásveininn með af því strákarnir voru með mér í þessu. Svo er einn austur-rískur karl til að poppa þetta upp.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Pórunn Högnadóttir förðunar-meistari

„Ég er lítið fyrir að flækja hlutina, vil frekar gera eitthvað einfalt og hlýlegt svo ég fékk mér fjóra potta, ísís, mosa og slaufur. Svo límdi ég stjórnur á kertin til að gera þau aðeins hátíðlegri.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



MEÐ KRANSINN Hjördís Reykdal tfnir lerkigreinar og könglana í skóginum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýtir náttúruna og það sem til fellur

Greinar og könglar úr garðinum, gamall leðurjakki, fúaspýta og fittings. Allt verður það **Hjördísi Reykdal Jónsdóttur** að skreytingarefni.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Mér finnst gaman að búa til aðventuskreytingar og legg áherslu á náttúrulegt efni, endurnýtingu og svolítið hrátt yfirbragð,“ segir Hjördís Reykdal Jónsdóttir. „En auðvitað verður líka að taka tillit til stílsins á heimilinu. Þó geta náttúruleg efni passað alls staðar og hægt að vera með silfurlit, hvít eða svört kerti við eða poppa skreytingarnar upp á annan hátt með hverju sem er.“

Hjördís hefur stundað blómaskreytingar í fjölda ára og vinnur frílans núna.

Aðventukrans Hjördísar

Hálmhringur

Leðurskjöpp

Greni

Lerkigreinar úr garðinum

Könglar úr garðinum

Kerti

Þetta er einfaldur krans. Grunnurinn er hálmhringur sem vafinn er með leðri. Svona getur maður notað



SKREYTING Á ARINHILLU Fúaspýta, fittings og hreindýrastytta ásamt greni og könglum.

gamla leðurjakka eða eitthvert efni úr taukórfunni. Ég er með greni af tegundinni kryptomeria [keisara-viður] sem ég keypti. Það er úfið og fallegt og stendur vel. Ég valdi greinar með litlum knúbbum á endunum sem minna á krækiberjalang.

Svo er ég með lerkigreinar og köngla sem ég tóni í íslenskum skógi. Allar fínlegar greinar er hægt að vinna með meðan þær eru nýjar og blautar og sveigja þær eins og maður vill. Síðan festi ég könglana í með blómavir. Kertin eru með

mattri áferð. Ég hita annan endann á þykkum vírstubbum og sting upp í kertin, hinum endanum sting ég ofan í hálmkransinn.

Pegar maður vefur kransa er kúntin sú að láta vírana ekki sjást. Maður leggur fallegan topp fyrst og vírar yfir stilkinn. Svo leggur maður annan fallegan topp yfir vírinn og fer þannig allan hringinn og fixar þetta aðeins til í lokin.

Hitt er bara fúaspýta, fittings og hreindýrastytta. Passar vel á arinhillu.

Gaman að gera eitthvað villt

Ómar Ellertsson í versluninni Upplifun, bækur og blóm í anddyri Hörpunnar aðhyllist fremur óhefðbundnar skreytingar á aðventunni.

Ég fer svolítið mínar leiðir í skreytingum. Kántrí- og náttúruskreytingar eru flottar en mér finnst líka gaman að gera eitthvað villt, kannski af því ég er svo villtur sjálfur,“ segir Ómar Ellertsson blómaskreytir glæðlega.

Skreyting Ómars

2 glervasar, mismunandi stórir

Koparlítar greinar

Spike-kúlur, koparlítar


Skrautfugl með pallfettum

Kerti

Ómar kveðst gera talsvert af því að nota form ofan í form. „Ég set einn glervasa ofan í annan og lími kertið ofan á þann innri með kennaratyggjó. Greinum og kúlum sting ég ofan í þann ytri og festi kúlurnar og fuglinn. Svo hef ég eina spike-kúlu utan við. Mér finnst þær svo skemmtilegar þessar kúlur. Það er svo mikil stemning í þeim.“



BLÓMASKREYTIÐ „Ég flyt skreytingarefnið inn sjálfur,“ segir Ómar.



MEÐ FERSKUM BLÓMUM Ómar hefur vatn í ytri vasanum og stingur ilmandi fresíum og silfurlitum greinum í hann. Límir svo kertið ofan á þann innri og hefur það fjólublátt í tilefni aðventunnar.



KOPARLITT OG VILLT Fagur fugl með pallfettum og kúlur með broddum setja svip á þessa aðventuskreytingu.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RISA

ÍPRÓTTA- OG LEIKFANGAMARKAÐUR

Í Laugardagshöll dagana 21-30. nóvember. Stærsti markaðurinn hingað til.
Nú hefur LEIKBÆR bæst í hópinn með úrval leikfanga á frábæru verði.

FULLT AF
NÝJUM VÖRUM



Laugardalshöll

Erum búin að fylla höllina aftur með íþróttavörum og leikföngum og verðum með enn meira úrval og betri verð. Opíð föstudag frá kl. 14.00-20.00 og laugardag/sunnudag frá kl. 12.00-18.00

Dæmi um frábær verð á Íþróttavörum

Nike og Adidas fótboltaskór, körfuboltaskór og handboltaskór kr. 3.900,-
Arena sundfatnaður barna og herra kr. 2.000,-
Gervigrasskór barna og innanhússkór kr. 1.000,-

Allt að 60% afsláttur af leikföngum

Komdu og gerðu frábær kaup fyrir alla fjölskylduna





SKÁLDIÐ „Alpahúfan var talsvert notuð sem yfirlýsing um eitthvert val sem menn skömmuðust sín ekki fyrir.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Varð að gefa forsjóninni tækifæri

Táningabók eftir **Sigurð Pálsson** er millikaflinn í endurminningabókum hans þremur, lýsir árunum á milli Bernskubókar og Minnisbókar. Þar segir hann frá því þegar hann kom til Reykjavíkur, nýorðinn fjórtán ára, og hvernig hann skapaði sjálfan sig sem skáld, bæði hið innra og ytra. Hann segir bækurnar hjálpa til við að gæta hins huglæga samhengis persónunnar.



Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Sigurður segir sig aldrei hafa langað til að skrifa hefðbundna endurminningabók þar sem atburðir ævinnar eru tíundaðir skipulega, frásagnarmátinn hafi alltaf verið meginatriði. Hver bók hafi afmarkaðan stað og tíma; Minnisbók um Parísarárin, Bernskubók um uppvaxtarárin á Norðausturhorninu og nú Táningabók þar sem sveitastrákurinn kemur til Reykjavíkur og hefst handa við að skapa skáldið Sigurð Pálsson. „Það sem mig langaði verulega til að vinna með í upphafi voru Frakklandsárin en síðan sá ég að ég þyrfti að skrifa tvær í viðbót. Það er ákveðin lína í gegnum hverja bók þannig að lesandanum finnst hann vera á vegi, en höfundurinn hins vegar veður út og suður og það er þessi lína sem leyfir honum að fara í hugrenningatengsl og alls kyns vangaveltur. Mest um skáldskap, skiljanlega, og þá sérstaklega í Táningabók sem fjallar um þann mikilvæga tíma þegar kviknar á þeim áhuga hjá unga mannum. En það eru þarna líka vangaveltur um aðrar listgreinar, um samfélagsmál og hvaðeina.“

Tiltölulega varnarlaus

Lýsingin á því þegar Sigurður ákveður að verða skáld er sérlega skemmtileg og ekki síst hvernig allt sem hann gerði upp frá því miðaði að því. „Það var skref yfir einhverjum þröskuld þegar maður byrjaði að birta ljóð. Þótt það væri „bara“ í skólablaði M.R. þá var langt frá því að þessi skóli væri einhver lítill og sak-

laus félagsskapur. Það voru þarna 1.100 manns þannig að þetta var ekkert lítið samhengi. Það var enginn rosalegur munur á því að birta ljóð í skólablaði M.R. eða í Morgunblaðinu. Stigsmunur, auðvitað, maður var í skjóli skólans, en það skjól var ekki mikið. Allt í einu var maður lesinn af einhverju fólki sem maður þekkti ekki neitt, tiltölulega varnarlaus og búinn að missa alla stjórn á því hvernig textinn var skilinn. Í framhaldinu heldur þetta áform, að verða skáld, áfram og er síðan útfært nánar með alpahúfu, trefli og knarrarkoti sem var auðvitað yfirhöfnin sem Þorsteinn frá Hamri var í utan á í svörtum kuffli.“

Alpahúfan yfirlýsing

Var það virkilega nauðsynlegur liður í því að staðfesta sig sem skáld að breyta klæðnaðinum? „Já, ég held að það sé nauðsynlegt. Það er eitthvert frávik sem maður lýsir yfir. Sem hefur kosti og galla, auðvitað. En á þessum árum þurfti frávikid ekki að vera meira en þetta, það er erfiðara núna þegar viðmiðin hafa breyst og listamenn eiga ekkert únnorm. Frávikid mátti hins vegar ekki vera of mikið. Dagur Sigurðarson fór algjörlega yfir strikið þegar hann mætti til að taka við stúdentsskírteininu húfulaus, í stígvélum og lopapeysu, það var alltof langt frá norminu.“

Listamenn þurftu sem sagt líka að passa inn í fyrirframgefið mót? „Já, og alpahúfan var talsvert notuð sem yfirlýsing um eitthvert val sem menn skömmuðust sín ekki fyrir.“

Þá komum við inn á þá heilögu vandlætingu sem ungskáldið fyllist yfir þessum mönnum sem eru að birta ljóð í skólablaðinu án þess að ætla sér að verða skáld, sem

þú lýsir í Táningabók. „Já, það var dálítið sjokk þegar ég komst að því að menn voru ekki í þessu af alvöru. Ég var algjörlega fastur í því frá upphafi að annaðhvort gæfi maður sig allan í skáldskap eða ekki, það væri enginn milli-vegur.“

Stones, Bach og djassinn

Árin sem Táningabók spannar eru mikil umbrotaár, ekki síst í tónlist, og auk ljóðskáldanna erlendu sem Sigurður les af áfergju eru helstu goðin Mick Jagger, Jim Morrison og Bob Dylan, hvarflaði aldrei að honum að veita skáldskapnum farveg sem roksöngvari? „Nei, ég hélt mig við upplestur og „happening“, það fór aldrei út í söng. Ég er því miður ekki tónlistarmenntaður, nota bara eyrun, en er rosalega mikill tónlistarhlustandi og hef verið alla tíð. Samsetning tónlistarmatseðils míns þykir mönnum hins vegar dálítið furðuleg. Ég hef sagt að Rolling Stones séu góðir fyrir hádegi, til þess að vakna almennilega, síðan er Bach alveg nauðsynlegur á daginn eða kvöldin og svo tekur djassinn við þegar liður á nóttina.“

Eitt af því sem vekur athygli og aðdau í bókunum þínum er þetta óttaleysi gagnvart nýjum og óþekktum aðstæðum. Ekki nóg með það að þú búir einn í herbergi í Reykjavík nýorðinn fjórtán ára heldur ertu nokkrum árum síðar kominn aleinn til Parísar án þess að hafa fastan samastað eða vita yfirhöfuð nokkuð um París. Óx þér aldrei neitt í augum? „Nei, mér fannst einhverjum veginn að ég yrði að gefa forsjóninni tækifæri til að koma með einhverjar tilviljanir og óvænta hluti. Eftir á að hyggja var ég þó þínu hissa sjálfur á þessari ævintýramennsku, en ég hef aldrei séð eftir henni.“

Bara þessir þrír

Þú lýsir því líka í Táningabók hvað þér finnst Ísland óþolandi þegar þú kemur heim eftir einn vetur í París ... „Já, ég hef aldrei, hvorki fyrr né síðar verið í eins svakalegu ástar/haturssambandi við land og þjóð. Úr því að ég var byrjaður að skrifa var íslenska það eina sem kom til greina, ég efast um að það sé hægt að vera ljóðskáld á öðru tungumáli en því sem maður mótaðist á. Þannig að ég var ekkert á leiðinni eitthvert annað og auðvitað skiptir það mann máli hvernig umhverfið er. Ísland á þessum tíma var mér einfaldlega ekki að skapi.“

Það kemur líka glögglega fram í Minnisbók hversu mikill borgarþúi þú ert og ég held það hafi komið mörgum mjög á óvart við lestur Bernskubókar að þú skyldir vera alinn upp í sveit norður í landi. „Já, menn komu af fjöllum. En ég er rosalega mikill sveitastrákur í mér, síðan er ég rosalega mikill Reykvikingur, mótaður þar á unglingsárum af miðborginni og byggingunum á Hagatorgi, og síðast en ekki síst er ég rosalega mikill Parísarþúi og þessar þrjár bækur eru vettvangsgreinagerð fyrir þessum stöðum á þessum þremur tímabilum. Mér finnst þetta ekkert skrytið, ég er bara þessir þrír menn, ekkert fleiri sko.“

Svakalegt að vera táningur

Táningabók er algjörlega nauðsynlegur hlekkur í þessa keðju til að skilja hvernig drengurinn í Axarfirðinum þróast yfir í heimsborgara í París, en Sigurður segist þó muna minnst eftir þeim árum sem hann lýsir í henni. „Það er svakalegt að vera fjórtán, fimmtán, sextán ára. Það ætti ekki að leggja það á nokkurn mann. Það fer strax að skána á tján-árunum og nítján ára ertu virkilega orðinn drög að ein-

“Ég hef sagt að Rolling Stones séu góðir fyrir hádegi, til þess að vakna almennilega, síðan er Bach alveg nauðsynlegur á daginn eða kvöldin og svo tekur djassinn við þegar liður á nóttina.“

hverju. Það ertu ekki á tán-árunum. Þá ertu hvorki barn né fullorðinn, þú ert bara ekki neitt. Bara eitthvert fátíðlegt apparat í biðstöðu, hvatvís og séró jafnharðan eftir öllu sem þú segir og gerir. Einhver varnarmekanismi sálfrókans sér sem betur fer til þess að maður gleymir þessum árum að mestu. Það hefur mér tekist en sem betur fer á ég nokkur mómment sem ég kemst inn í, auk þess sem dagbækur mínar frá þessum árum komu að miklum notum við skrif bókarinnar.“

Ertu einhverju nær um það hver Sigurður Pálsson er eftir skrif þessara þriggja bóka? „Já, ég held ég átti mig miklu betur á því hvernig ég varð til og hvernig ég mótaðist. Það skiptir held ég miklu máli. Það hjálpar til við að gæta hins huglæga samhengis persónu okkar, eins og Fernando Pessoa sagði að væri hlutverk ljóðlistarinnar. Hið huglæga samhengi sýnir ekki bara þá persónu sem við erum heldur líka þá persónu sem er til í draumum okkar og þá persónu sem við vorum sem börn og unglingar. Ég held það sé mjög mikilvægt og nauðsynlegt að gæta að þessu huglæga samhengi, bæði að hafa aðgang að því og ná einhverju jafnvægi. Þessar bækur snúast á þá sveif, ekki bara gagnvart mér heldur segja viðbrögðin mér að það er eitthvað mikilvægt sem þær gera fyrir lesendur.“



GÆÐAKONUR
STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR
3.989 KR



DNA
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
3.899 KR



ÁSTARMEISTARINN
ODDNY EIR AEVARSDÓTTIR
3.964 KR

FRÁBÆAT ÚRVAL BÓKATILTLA



GÆÐAKONUR
STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR
4.874 KR



HÁLSNERT STÚLKA
BJARNI BJARNASON
4.549 KR



SVEITASÆLA
INGA ELSA BERGÞÓRSDÓTTIR /
GISLI EGIILL HRAFNSSON
4.969 KR




HALLGERÐUR
GUÐNI AGUSTSSON
3.959 KR




CHINEASY
SAHOLÁN
4.409 KR




VEEDURFRÆÐI EYFELLINGS
ÞÓÐUR TOMASSON
4.874 KR



MATARGATIÐ
THEODÓRA J. SIGURÐARDÓTTIR
3.749 KR



I KÖLDU STRÍÐI
STYRMIR GUNNARSSON
4.549 KR




8 UPPÁHALDS-ÖPPIN

Atli Fannar Bjarkason ritstjóri Nútímans



- TWITTER**
Opnasti og skemmtilegasti samfélagsmiðillinn. Appið er gott og býður upp á fleiri möguleika en vefurinn. T.d. að nota tvo reikninga í einu.
- SPOTIFY**
Er reyndar þjakaður af samviskubiti í hvert skipti sem ég orna Spotify þessa dagana en ég væri alveg til í að borga meira ef tónlistarmenn fengju meira.
- GOOGLE ANALYTICS**
Þegar maður rekur vef fær maður þráhyggjukenndan áhuga á að vita hversu margir eru að skoða hann. Alltaf.
- LEGGJA**
Ótrúlega þægileg þjónusta fyrir fólk eins og mig sem vinnur í miðbænum en mætir bara stundum á bíl.



- DOMINOS**
Ég vil ekki þurfa að hringja í fólk og segja því að ég sé gráðugt svín. Þess vegna hentar appið einstaklega vel.
- GOOGLE MAPS**
Ég rata ekki neitt og ég myndi aldrei kaupa GPS-tæki. Til hvers ætti ég annars að gera það? Ég á síma.
- GOOGLE DRIVE**
Á ég kannski bara að segja allt Google? Er með allt mitt þar, vista gögn á Drive, nota Docs og hvað þetta allt heitir. Google á mig.
- FACEBOOK**
Get ekki sett saman svona lista án þess að nefna appið sem ég nota allt of mikið.

FIFA er búíð að stinga PES af

2004 sagði Thierry Henry, sem var þá einn besti leikmaður heims, að hann hefði samþykkt að vera framan á knattspyrnu-leiknum Pro Evolution 4 því hann væri mikill aðdáandi leiksins. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og hafa FIFA-leikirnir nú yfirhöndina, með fyrrverandi aðdáendum PES í stjórnunarstöðum, á meðan PES veldur mörgum vonbrigðum.

Kjartan Atli Kjartansson
kjartanatli@365.is

Minningar margra spilara sem ólust upp við að spila PES, eru einmitt minningar. Leikurinn er góður í þáttid. Síðan árið 2008 hefur FIFA haft yfirhöndina; hefur sölsoð undir sig markaðinn og þótt mun raunverulegri en PES. EA Sports breytti þá framleiðsluferli sínu og var maður að nafni David Rutter ráðinn sem yfirmaður framleiðslunnar. Rutter, sem hafði unnið að framleiðslu Championship Manager, fékk forritarann Gary Paterson með sér í lið. Saman breyttu þeir leikjavélinni í FIFA og gerðu leikinn að því sem hann er í dag.

Jay-Z og Nas; línan og lagið
Hægt er að finna margar samlíkingar á milli baráttunnar á milli Konami og EA Sports. Til dæmis má líta til rapparanna Jay-Z og Nas sem börðust um að vera besta rappari New Yorkrétt eftir aldarmótin. Nas benti á að Jay-Z hefði notað línu úr sínu lagi í einu af sínum lögum. Þóti Nas það sönnun að hann væri betri. Jay-Z svaraði: „Þú gerðir þetta að góðri línu, ég gerði þetta að góðu lagi.“ Þannig vildi Jay-Z sýna að hann gæti tekið hugmynd Nas og gert hana vinsælli.
Þetta er svipað og baráttan á milli EA Sports og Konami. Bæði Rutter og Paterson vidurkenna að þeir spiluðu PES áður en þeir gengu til liðs við EA Sports og Framleiðendur Konami hafa sakað þá um að stela frá sér hugmyndum. En í raun má



PES GEGN FIFA Á meðan FIFA vinnur á og tekur skref áfram á nýrri kynslóð leikjatölva, nær PES ekki að komast á flug.

segja að framleiðslulið FIFA hafi tekið hugmyndir frá Konami og gert þær vinsælli.
Sparkaðu í rassinn á honum
Barátta EA Sports og Konami hefur verið í gangi í rúmlega 20 ár. Á þessum tíma hefur Konami gefið út leikina Konami Hyper Soccer, International Superstar Soccer og síðar Pro Evolution Soccer. Þegar PES fór í framleiðslu var nýr yfirmaður

ráðinn, sem gengur undir nafninu Seabass. Nafn sem margir tengja væntanlega við gamanmyndina Dumb and Dumber. Pro Evolution var um árabíl langbesti fótboleikurinn sem kom út ár hvert. Konami nýtti sér hugvit Seabass og annarra starfsmanna, PES var fullur af skemmtilegum lausnum á flóknum málum. Ýmsar nýjungar voru kynntar í leiknum, sem EA Sports apaði upp eftir framleiðsluliði PES.

Mikill munur
Ár hvert er beðið eftir PES-leikjunum með mikilli eftirvæntingu, því alltaf er búist við því að leikurinn nái fyrri hæðum. En ár hvert verða margir fyrir vonbrigðum. Mikill munur er á nýjstu útgáfu leikjanna. Á meðan FIFA tekur skref áfram á nýrri kynslóð leikjatölva, nær PES ekki að komast á flug. Sérgrein Konami var að líkja eftir sjón-

varpsútsendingu í hvert sinn sem spilarar hófu leik. FIFA-liðið hefur nú yfirhöndina þegar það kemur að því. Konami heldur áfram að reyna að þróa PES-leikinn, en EA Sports gerir alla réttu hlutina til að halda þeirri yfirburðastöðu sem það er með á markaðnum; og með því að ná í PES-aðdáendum í Rutter og Paterson er fyrirtækið nú með styrk Gólfats en hugvit Davíðs.

RISTAÐU BRAUÐIÐ
• með Dualit •

Dualit.
Dualit vörurnar eru margverðlaunaðar og hafa fengið m.a. stimpilinn frá Good Housekeeping Institute.

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Siðumúla. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Siðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

Ég sakna PES
PRO EVOLUTION SOCCER
★★★★★
Playstation 4 FÓTBOLTALEIKUR

Nýjasta útgáfan af PES er hvorki sú versta né sú besta. Að spila leikinn er eins og að keyra Ferrari-bíl sem kemst ekki upp úr þriðja gír. Leikurinn kemst aldrei á flug. Grafíkin er gullfalleg og greinilegur skilningur á fótbolta en það vantar eitthvað. Enn er stuðst við sömu, gömlu þulina, það skortir dypt og einhver tengsl við raunveruleikann. Þegar upp er staðið er þessi leikur eins og hann sé ekki fullkláraður og maður saknar gömlu góðu daganna þegar PES olli manni hjartsláttatrufnunum af spennu. -kak

Lendingarfarið Philae finnur flókin efnasambönd á 67P

Lendingarfarið Philae, sem lenti á halastjörnunni 67P fyrir tæpum þremur vikum eftir 10 ára ferðalag um sólkerfið, sefur nú værum blundi enda sólarrafhlöður þess því miður í skugga halastjörunnar.

Engu að síður liggur fyrir að Philae tókst á lokametrunum að senda gríðarlegt magn upplýsinga um yfirborð halastjörunnar. Vísindamenn ESA vinna nú úr þessum gögnum sem eru þau fyrstu sinnar tegundar.

Stjórnandi verkefnisins, prófessor Ian Wright, sagði í samtali við BBC að traustar vísbendingar væru um að flókin, lífræn efnasambönd væri að finna á halastjörnunni. Þetta sætir miklum tíðindum enda hafa vísindamenn hingað til talið að aðeins einfaldari kolefnissameindir væru til staðar á halastjörnum eins og 67P. Philae hefur einnig staðfest að yfirborð 67P er úr ís og þakið þunnu ryklagi.

Uppgötvunin er mikilvæg viðbót í vopnabúr þeirra sem telja að hala-

FAGNAÐ Vísindamenn ESA fögnuðu ákaft þegar Philae lenti á halastjörnunni.

stjórnur séu eins konar sendiþjónusta fyrir líf og að halastjörnur hafi þeytt lífsnauðsynlegum efnum um jörðina þegar þær skulu á plánetunni fyrir milljörðum ára.

Erfitt er að áætla um hvað tekur við hjá Philae. Farið húkkar nú far með 67P sem æðir í átt að sólinni á 70 þúsund kílómetra hraða á klukkustund. Vísindamenn ESA eru sannfærðir um að Philae vakni til lífsins þegar halastjarnan nálgast sólina.

- khn

Jólablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2014

Margt smátt ...



Hreint vatn breytir öllu

Vatn eða skóli? Þegar brunnur er kominn í þorpið gefst börnum tími til að fara í skólann í stað þess að sækja vatn um langan veg. Mynd: Paul Jeffrey / Act Alliance

Með aðgengi að hreinu vatni hefur allt líf möguleika á að vaxa og dafna. Fæðan verður næringarríkari með fjölbreyttari jarðyrkju og búfjárrækt. Hreinlæti eykst og það leiðir aftur til aukins heilbrigðis. Börn geta farið í skólann í stað þess að sækja vatn um langan veg og konum gefst tími til að afla tekna með því að selja afurðir. Allt leiðir þetta til virkari þátttöku fólks í samfélaginu og til sjálfbærrar þróunar samfélaga. Með aðgengi að hreinu vatni gefst sem sé möguleiki á að jákvæður spirall fari af stað sem endar með velferð samfélaga og friði þeirra á milli.

Samt er það svo að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin áætlað að nú hafi 748 milljónir jarðarbúa ekki aðgang að hreinu vatni og 2,5 milljarðar manna hafi ekki

aðgang að salerni. Fólk sem ekki hefur aðgang að vatni sem er hæft til drykkjar, matargerðar og til að gæta hreinlætis er útsett fyrir sjúkdómum sem berast með óhreinu vatni eins og kóleru og öðrum niðurgangspesum. Í heiminum látast á degi hverjum um tvö þúsund börn yngri en fimm ára af völdum niðurgangspesta sem þau fá vegna skorts á hreinu drykkjarvatni og hreinlætisaðstöðu. Þar sem það er oft í verkahring stúlka og kvenna að fara eftir vatni í fjarlæg vatnsból gefst stúlkunum lítil tími til sækja skólann og konunum lítil tími til þess að yrkja jörðina og afla fæðu og tekna.

Tryggjum aðgang að hreinu vatni!

Markmið Hjálparstarfs kirkjunnar er að létta undir með fólki sem býr við fátækt og efla virðingu fyrir mannréttindum þeirra. Við höfum að leiðarljósi að starfið leiði til sjálfhjálpar, virkni og sjálfbærrar þróunar í samfélagunum sem við störfum með. Stærsti þátturinn í verkefnum okkar í Úganda og Eþíópíu er að byggja brunna, grafa vatnsþræ og reisa vatnssöfnunartanka. Þannig tryggjum við fólkinu aðgang að hreinu vatni. Þú getur lagt starfinu lið með því að greiða valgreiðslu Hjálparstarfsins í heimabankanum, með því að hringja í síma 907 2003 (2.500 krónur) eða með framlagi á www.framlag.is. **Þinn stuðningur gerir kraftaverk!**

HREINT VATN BREYTIR ÖLLU

Þinn stuðningur gerir kraftaverk

actalliance



Hjálparstarf
kirkjunnar



Þú getur haft áhrif

Fyrsta þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna var að eyða fátækt og hungri í heiminum. Undirmerkið númer eitt var að lækka hlutfall þess fólks sem lifði í örbirgð árið 1990 um helming fyrir árið 2015. Markmiðinu var þegar náð árið 2010 en þrátt fyrir það er áætlað að um einn milljarður jarðarbúa eða einn af hverjum sjö í heiminum lifi enn á minna en 1,25 Bandaríkjadöllum á dag árið 2015. Í Afríku sunnan Sahara býr enn nær helmingur íbúanna eða um 400 milljónir manns við sára fátækt.

Að búa við fátækt, hvort sem hún er algild eða afstæð, þýðir í raun að búa við skertan möguleika á mannsæm- andi lífi. Undirrót fátæktar getur verið margslungin en á starfssvæðum Hjálparstarfsins í Úganda og Eþíópíu er takmarkaður aðgangur að hreinu vatni ástæða þess að erfitt er að fá aðrar grunnþarfir

uppfylltar. Erfitt verður að yrkja jörðina og að halda búfé og þannig verður fæðuöflun ótrygg. Vinnuálag við vatnsburð kemur í veg fyrir skólagöngu stúlkna og að konur nýti tímann til framleiðslu. Skortur á vatni hefur neikvæð áhrif á hreinlæti sem aftur leiðir til sjúkdóma.

Hér heima, þar sem 2% landsmanna eða um sex þúsund einstaklingar bjuggu við verulegan skort á efnislegum gæðum árið 2013, er hætta á að fátækir einangrist félagslega og festist í fátæktargildru vegna takmarkaðs aðgangs að félagsstarfi og menntun vegna efnaleysis.

Samkennd og samfélagsleg ábyrgð eiga ekki bara að vera falleg orð sem við notum í ræðum á hátíðar- stundum. Við berum öll ábyrgð á meðbræðrum okkar og -systur, í nærsamfélaginu og í fjarlægum löndum.

Við búum í hnattrænu samfélagi þar sem ekkert er utan áhrifasvæðis hvers og eins. Þú getur haft áhrif til hins betra með því að taka þátt í jólasöfnun Hjálparstarfsins fyrir vatnsverkefni í Afríku. Það gerir þú með því að greiða valgreiðslu í heimabankanum þínum (2.500 kr), hringja í söfnunarsíma 907 2003 (2.500 kr) eða leggja inn á söfnunarreikning: 334-26-50886, kt. 450670-0499. Hreint vatn breytir öllu, þú getur átt þátt í því. Takk fyrir stuðninginn; margt smátt gerir eitt stórt!

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar



Fermingarbörnin sýna samkennd í verki

Á hverju hausti fræðast tilvonandi fermingarbörn um hlutverk og verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar hér heima og í útlöndum. Í haust voru það Irene og Ronald frá Úganda sem fræddu krakkana um aðstæður heima hjá sér. Fulltrúi Hjálparstarfsins fylgdi gestunum til krakkanna og hafði gaman af því að sjá og heyra hversu áhugasamir krakkarnir voru og ekki síður að heyra hversu vel unga kynslóðin er að sér um umheiminn. Í kjölfar fræðslunnar ganga fermingarbörnin í hús og safna

fé til vatnsverkefna Hjálparstarfsins og hefur framlag þeirra undanfarin ár verið risastórt. Þegar Margt smátt ... fór í prentun höfðu um sjö milljónir króna verið lagðar inn á reikning fyrir vatnsverkefni en endanleg niðurstaða söfnunarinnar nú í haust mun liggja fyrir í janúar. Hjálparstarfið þakkar tilvonandi fermingarbörnum sem og almenningi sem tók svo vel á móti þeim fyrir ómetanlegan stuðning.



Hjálparstarf
kirkjunnar

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason
Margt smátt, 4 tbl. 26. árg. 2014
Ábyrgðarmaður: Kristín Ólafsdóttir

Prentvinnsla:
Umbrot: PIPAR\TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja





„Við komum fyrst og fremst til að segja takk,“ sagði Ronald Karamuzi en hann og Irene Kwagala komu í október frá starfssvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda til að heimsækja tilvonandi fermingarbörn um land allt og fræða þau um aðstæður heima fyrir.

Irene er tvítug og Ronald er 25 ára. Þau búa á verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Lyantonde og Sembabule. Irene hefur lokið námi í framhaldsskóla og kennt í grunnskóla í Sembabule en Ronald hefur lokið tveggja ára háskólanámi í félagsráðgjöf og

starfað sem sjálfbóðaliði að verkefnum okkar í þágu alnæmissjúkra og aðstandenda þeirra í Lyantonde.

Irene á þrjá yngri bræður og er höfuð fjölskyldunnar. Pabbi hennar lést af völdum alnæmis árið 2001 og mamma hennar dó eftir langvarandi veikindi árið 2011. Irene sér um að elda, fara eftir vatni og eldiviði ásamt því að þvo þvotta og þrifa heimili sitt og bræðra sinna. Ronald á þrjár systur og bróður. Mamma Ronalds er ekkja sem er HIV-smituð og við slæma heilsu. Það hefur því komið í hlut Ronalds og systkina hans að sjá um heimilið á uppvaxtarárunum.






„Hvar er Úganda,“ spurði Ronald og Ari í Neskirkjusókn var ekki lengi að finna landið á kortinu.



Steinaleikurinn sem Irene kenndi krökkunum var mun erfiðari en hann leit út fyrir. Hér eru það krakkar í Neskirkjusókn sem fá að spreyta sig.

Í fræðsluerindum sínum til fermingarbarna nú í október lýstu Irene og Ronald því hvernig vatnsskortur tafði fyrir skólagöngu þeirra. Þau eru hins vegar heppin þar sem þau búa á starfssvæðum Hjálparstarfsins. Irene lauk grunnskólanámi í skóla samstarfsaðila okkar og fjölskylda Ronalds fór úr moldarhreysi í múrsteinshús með vatnssöfnunartanki með fjárstuðningi frá íslenskum almenningi. „Við erum þakklát og við vonum að við höfum endurgoldið stuðninginn með því að fræða fólk um aðstæðurnar heima þannig að verkefnið haldi áfram,“ sagði Ronald í lok heimsóknarinnar.





Við gamla hreysið: Beatrice Kyomuhangi er 29 ára gömul ekkja með fjögur börn á framfæri en eiginmaður hennar er látinn vegna alnæmis. Þorpsráðið í Rakai í Úganda ákvað í fyrra að Beatrice, börnin hennar og tengdamamma skyldu vera næst í röðinni til að fá nýtt hús með útielhúsi og vatnssöfnunartanki frá Hjalparstarfinu.

Hjalparstarf kirkjunnar í Úganda ...

Í Rakai, Lyantonde og Sembabule í Úganda vinnum við að því að bæta lífskjör HIV-smitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda en fátækt, vatnsskortur og vannæring hrjáir hina verst settu sem eru skjólstæðingar verkefnisins. Stuðningsnet samfélagsins er grísjótt þar sem margir eru fallnir frá vegna alnæmis og hver hefur nóg með sig. Langt er að sækja vatn þó ekki sé nema til lágmarksneyslu daglega og vatnsskorturinn kemur í veg fyrir persónulegt hreinlæti og að áhöld og híbýli séu þrífín.

Óhreinlætið ýtir svo undir að þeir sem hafa skert ónæmiskerfi eins og alnæmissjúkir fái umgangspæstir og sýkist af sjúkdómum sem berast með óhreinu vatni.

Þetta gerum við með fólki í Úganda:

- Byggjum múrsteinshús fyrir munaðarlaus börn og ekkjur
- Reisum útielhús með sparhlóðum og útvegum áhöld
- Útvegum moskítónet og grunnhúsbúnað

- Reisum söfnunartanka fyrir rigningavatn
- Reisum kamra
- Búum til handþvottaáðstöðu og aðstöðu til þvotta
- Fræðum um nauðsyn hreinlætis og smitleiðir sjúkdóma
- Útvegum geitur og hænur til fæðu og tekjuöflunar
- Veitum þjálfun í viðhaldi og stjórn vatnsbóla



Hér er nýja húsið hennar Beatrice, það er hlaðið úr múrsteinum og múrað innan og utan. Húsið er viðhaldsfrítt fyrstu árin og heldur úti hita, kulda og óboðnum gestum úr dýraríkinu.



Rennur eru á tveimur hliðum húsanna sem byggð eru og rennur vatn úr þeim í tanka sem reistir eru við hlið húsanna. Vatnið í tönkunum dugar fjölskyldunum langt inn í þurrkatímann.



Kamrarnir sem eru reistir eru með steypu gólfi og hlaðnir úr múrsteini.



Fólkið býr til handþvottaáðstöðu hjá kömrunum. Sérstakt fótstig kemur bununni af stað úr tankinum og kemur í veg fyrir að fólk snerti stútinn fyrir handþvott.



Þvottagrindur halda óhreinindum frá áhöldunum og það skilar sér í bættu heilsufari.



Með geitum og hænum má fá fjölbreyttari fæðu en ella. Kjöt, egg og mjólk bæta heilsuna og svo er hægt að selja umframafurðir en það bætir afkomuna.

... og Eþíópíu

Þrátt fyrir hagvöxt undanfarin ár er Eþíópía númer 173 af 207 ríkjum og landsvæðum á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna á meðan Ísland er þar í þrettánda sæti. Íbúar Eþíópíu telja um 90 milljónir en 80% þeirra búa í dreifbýli og hafa lífsviðurværi af landbúnaði sem er háður úrkomu sem aftur er takmörkuð. Samkvæmt IRIN, fréttaveitu Sameinuðu þjóðanna, höfðu aðeins 42% íbúa í dreifbýli nægan aðgang að hreinu vatni árið 2011 sem þýðir að 42 milljónir íbúanna njóta ekki þessarar grundvallarmannréttinda. Vopnuð átök og óstöðugleiki í nágrennlöndum hefur haft í för með sér að fólk hefur flúið yfir landamæri til Eþíópíu og það hefur haft áhrif á efnahag í landinu og getu til sjálfshjálpar í dreifbýli. Sómalífylki er eitt hrjóstrugasta og fátækasta fylki Eþíópíu. Þar vinnum við að því að tryggja lífsviðurværi um 75.000 íbúa sem búa við sára fátækt. Stærsta verkefnið er að tryggja aðgang að hreinu vatni til neyslu, ræktunar og skepnuhalds. Við vinnum með heimafólki að því að þróa jarð- og búfjárrækt til að bæta efnahag. Við vinnum jafnframt að því að efla virðingu fyrir réttindum kvenna og gegn skaðlegum venjum sem fela í sér limlestingar á kynfærum stúlkna. Við veitum konum þjálfun og styrki til að hefja eigin atvinnurekstur til að efla völd þeirra og áhrif í samfélaginu, vinnum að forvörnum til að koma í veg fyrir HIV-smit og veitum aðstoð við rekstur skóla til að stuðla að menntun barna.



Grafnar eru vatnsþrær sem safna rigningavatni á svæðum þar sem ekki er hægt að grafa brunna. Töflur sem settar eru í vatnsbrúsana og hreinsa vatnið fást gegn vægu verði.



Frá ræktunarstöð verkefnisins fást græðlingar sem gróðursettir eru til að binda jarðveg og skapa skugga. Ekki er hefð fyrir því að rækta grænmeti í Jijigahéraði og því er fræðsla veitt um grænmetisgarða og fræ útvegð.



Brunnur í Aroaska í Jijigahéraði breytir miklu fyrir mörg hundruð manns. Stúlkur sem áður fóru langa leið til að sækja vatn komast nú í skóla, heilsan verður betri og hreinlæti meira.

Þetta gerum við með fólki í Eþíópíu:

- Gröfum vatnsþrær
- Byggjum brunna
- Reisum kamra
- Stofnum vatnsnefndir

- Veitum þjálfun í viðhaldi og stjórn vatnsbóla
- Fræðum um áveitu og nýtingu vatns til fæðuöryggis
- Fræðum um nauðsyn hreinlætis og smitleiðir sjúkdóma



Með því að nota sparhlóðir er hægt að nýta eldiviðinn allt að 50% betur en áður. Það sparar vinnu fyrir stúlkurnar og konurnar sem langoftast sjá um að sækja eldivið og verndar umhverfið.



Á fundum með þorpsbúum er frætt um smitleiðir sjúkdóma og mikilvægi hreinlætis. Þar er einnig rætt um umhverfisvernd, jafnrétti kynjanna og nauðsyn þess að láta af skaðlegum venjum eins og umskurði kvenna.

Hátíðarmessa í Hallgrímskirkju

fyrsta sunnudag í aðventu, 30. nóvember kl. 11



Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir
prédikar. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, sr. Birgir
Ásgeirsson og sr. Sigurður Árni Þórðarson þjóna
fyrir altari ásamt messuþjónum og fulltrúum
Hjálparstarfs kirkjunnar.

Schola cantorum syngur undir stjórn Harðar
Áskelssonar.
Organisti: Björn Steinar Sólberg.
Gjöfum til Hjálparstarfs kirkunnar veitt móttaka.

 Hjálparstarf
kirkjunnar

Sjálfstyrkingarnámskeið slær í gegn

„Það versta við námskeiðið er að nú er það búið,“ svaraði Khadija Labyad spurningu blaðamanns um gæði sjálfstyrkingarnámskeiðsins „Bara fyrir þig“ sem haldið var nú á haustönn. „Það var mjög margt skemmtilegt á námskeiðinu eins og skartgripagerðin og förðunin en svo hef ég líka mætt hingað tvisvar í viku til að sauma og það hefur verið mjög gagnlegt að læra,“ bætti hún við.

Sjálfstyrkingarnámskeiðið er samvinnuverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins á Íslandi og fór fram einu sinni í viku í tíu vikur en því lauk síðastliðinn mánudag. Tuttugu konur tóku þátt í námskeiðinu og fengu fræðslu um snyrtingu og umhirðu húðar, föndur og skartgripagerð og fjármála-

stjórn heimilisins. Þá var sjálfstyrkingarþátturinn stór með hópefli og sjálfsvinnu undir leiðsögn séra Irmu Sjafnar Óskarsdóttur og Ragnheiðar Sverrisdóttur djákna.

Eitt af meginmarkmiðum Hjálparstarfsins er að draga úr hættunni á félagslegri einangrun þeirra sem til stofnunarinnar leita með því að bjóða upp á námskeið, skipulögð sumarfrí, styrki vegna skólagöngu barna, unglinga og fólks í endurhæfingu og vegna íþróttaiðkunar barna og tómstundastarfs. Langtíamarkmið Hjálparstarfsins er að stuðla að félagslegri virkni og vellíðan þeirra sem til stofnunarinnar leita. Í því skyni er leitast við að efla fólkið sjálft til að stíga næstu skref í átt að betra lífi.



Sjálfstyrkingarþáttur námskeiðsins var stór en konurnar 20 unnu í hópefli undir leiðsögn séra Irmu Sjafnar Óskarsdóttur og Ragnheiðar Sverrisdóttur djákna.



„Ég get ekki gert upp á milli atriða, þetta hefur allt verið frábært og það er verst að nú er námskeiðið búið,“ sagði Khadija Labyad sem er ein af 20 þátttakendum á námskeiðinu.



Jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar

Tekið er við umsóknum frá barnafjölskyldum í Reykjavík dagana 2., 3., 8. og 9. desember kl. 11-15.

Þú átt nú þegar virkt inneignarkort í matvöruverslanir frá Hjálparstarfinu getur þú sótt um á www.help.is

Á landsbyggðinni taka prestar við umsóknum til 9. desember.

 **Hjálparstarf
kirkjunnar**
www.help.is

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400

Með kvíðahnút fyrir jólin

Fátækum barnafjölskyldum getur reynst afar erfitt að standa undir væntingum umhverfisins um jólagjafir. Auglýsingar sem stöðugt dynja á okkur um „jólagjöfina í ár“ geta verið ansi þrúgandi þar sem kröfurnar eru um að gefa stórt og gefa mikið. Jólin geta þá orðið erfiður tími fyrir foreldra sem ekki hafa efni á dýrum gjöfum eins og spjaldtölvu og snjallsíma. Flestir foreldrar reyna hvað þeir geta til að börn þeirra upplifi ekki fátækt en börn eru næm og mörg þeirra gera sér grein fyrir bágunum kjörum fjölskyldunnar.

Þau geta hins vegar verið flink að dylja vonbrigði sín með að fá ekki sambærilega gjöf og vinirnir sem spyrja: „hvað fékkst þú?“

En hver er það sem býr til þessar miklu kröfur og viðmið um góðar gjafir? Hafa markaðsöflin kannski stolið frá okkur jólonum? Það er gaman að fá gjöf og yndislegt að fylgjast með barni opna pakka og sjá langbráð leikfang en væri okkur ekki hollt að stefna fyrst og fremst að því að eiga ánægjuleg jól saman í stað þess að láta þau snúast um efnisleg gæði? Að stefna að því að slökkva á símanum, tölvunni og sjónvarpinu í smá stund og spila saman á spil, fara í göngutúr og í heimsóknir? Slíkar stundir leiða til samkenndar, gleði og hamingju okkar sjálfra og fólksins í kringum okkur.

Vilborg Oddsdóttir,
umsjónarmaður innanlandsstarfs Hjálparstarfs kirkjunnar



FERÐIR

LAUGARDAGUR 29. NÓVEMBER 2014

Kynningarblað

Jólamarkaðir, Sérhæfðir ferðahópar Íslenskra fjallaleiðsögumanna, ferðasaga og fróðleikur.



Þýsku jólaþorpin gleðja augað

Jólin nálgast og glæsilegir jólamarkaðir eru opnaðir um þessa helgi víða um heiminn. Þjóðverjar eru mikil jólabörn. Þar í landi eru markaðir í öllum bæjum og borgum. Hver þeirra hefur sínar hefðir. Skemmtilegt er að heimsækja markaðina og finna jólaandann.

Frægur jólamarkaður er í **Berlín**. Þar er margt fallegt í boði til jólasakrauts og jólagjafa. Fjölbreytt handverk, hönnun, jólabakstur, sætindi, pylsur og jólabjór. Stemning er fjörug, Þjóðverjar kunna að njóta lífsins. Nokkrir ólíkir jólamarkaðir eru í Berlín, stór markaður er á Gendarmenmarkt þar sem hægt er að fylgjast með handverksmönnum. Annar þekktur jólamarkaður er við Weihnachtsmarkt am Charlottenburger Schloss. Sumir segja að hann sé sá flottasti og ævintýri heim að sækja. Þar er hægt að detta niður á jólatónleika utanhúss þar sem listamenn klæða sig í búninga. Jólamarkaðir eru einnig við Potsdamer Platz og Alexanderplatz.

Leipzig

Þar eru glæsilegir jólamarkaðir og tekur einn og hálfan tíma að fara þangað með lest frá Berlín. Þar í borg er einn stærsti jólamarkaður Þýskalands. Um 250 básar bjóða upp á varning til jólanna í þessum fallega og sögufræga bæ. Margt er gert fyrir börn á þessum jólamarkaði. Þá ættu allir að skoða gamla miðbæinn í Leipzig sem er ákaflega fallega skreyttur fyrir jólin.

Stuttgart

Hægt er að setjast niður á falletum jólamarkaði með heitt kaffi eða jólaglög. Margir súkkulaðiframleiðendur eru á þessum markaði með vörur sínar og þar má líka skoða stórt og fallegt piparkökuhús.

Hamburg

Tignarlegur jólamarkaður er við ráðhúsið í borginni og á nokkrum torgum. Á Ráðhústorginu er jólasakrautið byggt upp eins og smá-

kökur. Þarna er hægt að skoða handsmíðuð leikföng og annað listrænt handverk.

Lübeck

Þar eru sjö ólíkir jólamarkaðir. Sögulegur markaður er til dæmis við Marienkirche. Allt er fallega skreytt og bent er á jólastemninguna í gamla bænum.

Köln

Jólamarkaður við allra hæfi. Ferðamenn hvaðanæva flykkjast til Kölnar um þetta leyti árs til að líta dýrðina augum. Að minnsta kosti sjö jólamarkaðir eru í borginni. Fjölskyldu- og barnamarkaður er við Rudolfplatz. Á kvöldin er miðbærinn fallega upplýstur.

München

Í München er glæsilegur jólamarkaður við gamla ráðhúsið. Þar er sett upp ævintýraland fyrir börn með hringekjum og öðrum skemmtilegum tækjum. Borðin svigna undan kræsingum, grillmat og jólaglög. Falleg jólatónlist heyrir um bæinn og mikilfenglegt handverk er í boði.

Erfurt

Borgin liggur á milli Dortmund og Dresden, og þar er einn af flottustu jólamörkuðum Þýskalands. Í gamla bænum eru sögulegar byggingar eins og St. Mary-dómkirkjan og St. Severus-kirkjan sem standa nálægt hvor annarri en umhverfið þar er gríðarlega fallega skreytt með alls kyns ljósum og jólasakrauti. Meðal þess sem sjá má er 25 metra há skreyttur pýramídi. Fyrir utan allar falletu skreytingarnar er hægt að gera góð kaup í alls kyns góðgæti á jólaborðunum. Jólasveinninn býður upp á leiðsögn um Erfurt-jólaþorpið.



Einstaklega fallegur jólamarkaður í Erfurt í Þýskalandi. Það þykir ævintýri líkast að koma þangað.



Fólk flykkist á jólamarkaði í Þýskalandi í desember, enda margt skemmtilegt að sjá og gera.



Listafólk og handverksmenn selja gripi sína á jólamörkuðum. Þar fæst margt fallegt.

Hreinsum dúnúlpur



Háaleitisbraut 58-60, 108 Rvk - Sími 5531380

Götumaturinn var æðislegur

Magnús Ingi Magnússon veitingamaður og kona hans eru nýkomin úr reisu til Filippseyja og Taílands. Fjölskylda konu hans býr á Filippseyjum og ferðuðust þau víða um landið. Taíland var síðan stór bónus en Magnús hreifst mjög af götumatnum og lífinu þar.

Meistarakokkurinn Magnús Ingi Magnússon, sem iðulega er kenndur við veitingastaðina Texasborgara og Sjávarbarinn, er giftur Analisu Basallo Monticello frá Filippseyjum. Þau reyna að ferðast til heimahaga hennar á nokkurra ára fresti og eru nú nýlega komin heim úr sex vikna ferðalagi til bæði Filippseyja og Taílands. Fimm ár eru síðan hjónin heimsóttu fjölskyldu Analisu síðast og fannst Magnúsi upplagt að lengja ferðina aðeins, fyrst þau voru á annað borð að ferðast um hálfan hnöttinn.

„Maður vinnur tvöfalt starf á sumrin og er þar að auki eigin herra í veitingabransanum. Þetta var því langþráð frí. Við vildum bæta öðru landi við og fyrst fannst mér Singapur heillandi. Svo var mér bent á að ein nótt þar væri jafndýr tíu nóttum í Taílandi. Við enduðum því á því að fljúga til Stokkhólms og flugum þangað beint til Bangkok þar sem við stoppuðum í átta nætur.“

Dvölin á Taílandi var virkilega eftirminnileg að sögn Magnúsar. „Ég sé svo sannarlega ekki eftir að hafa heimsótt Taíland. Við dvöldum á Pattaya-ströndinni sem er að mínu mati algjör toppstaður. Þar er svo mikið líf, fallegar strendur og mjög stutt út í margar fallegar eyjar. Og ekki má gleyma götumatnum, hann var rosalega góður þar sem finna mátti til dæmis ferskan humar og rækjur á mannsæmandi verði en sams konar veitingar kosta skrilljónir í Evrópu.“

Að átta dögum liðnum var haldið til Filippseyja þar sem hjónin dvöldu í rúmlega fjórar vikur. „Fyrsta stopp var á eyjunni Mindanao þar sem mamma hennar, stórbóndinn, býr og starfar.



Fimm ár eru síðan hjónin Magnús og Analisa heimsóttu síðast heimahaga Analisu.



Ljúffeng sjávarréttapítsa á Pattaya-ströndinni á Taílandi.

inn maður og kaftaði heillengi við liðið.“

Næst var ferðinni heitið til Cebu, sem er eyjaklasi sem samanstendur af Cebu og 167 eyjum og smáeyjum. Höfuðborg eyjaklasans er Cebu City sem einnig er elsta borg Filippseyja. „Fjölskylda konu minnar er þaðan. Þar var töluvert meira um ferðamenn og við ferðuðumst heimlíkið um. Einn daginn leigði ég mér líka skellinöðru og keyrði milli fiskiþorpanna. Það var virkilega gaman að kynna fólk þar en íbúar Filippseyja eru indælt og gott fólk.“

Síðustu fjórum dögum ferðarinnar var eytt í Bangkok, höfuðborg Taílands. „Ég var alveg rosalega hrifinn af borginni. Hún er mjög nýtískuleg og lífleg og þar er allt iðandi af lífi. Götumaturinn þar var æðislegur. Ég var svo heilladur af honum að ég sendi bara konuna í verslunarmiðstöðvarnar á meðan ég skoðaði matinn enda fannst mér hann vera einn af hápunktum ferðarinnar, vel kryddaður og blæbrigðaríkur. Við eigum örugglega eftir að koma þangað aftur og skoða meira. Kannski set ég bara upp Texasborgara í Bangkok? Maður þarf víst að hafa vinnu ef maður vill dvelja þar lengi.“



Frá giftingarveislu ættingja Önulisu á Filippseyjum.

Eyjan er önnur stærsta eyja Filippseyja, fjöllott og með marga

eldgíga. Hún þykir frekar ótryggur staður, þar er mikið um mannrán

“Ég var alveg rosalega hrifinn af Bangkok, höfuðborg Taílands. Hún er mjög nýtískuleg og lífleg og þar er allt iðandi af lífi.

og ég mátti aldrei vera einn á vissum svæðum. Það var ekki mikið um ferðamenn þarna og þegar ég fór upp í fjallahéruðin hitti ég börn sem höfðu aldrei séð hvítan mann og konur sem höfðu aldrei séð bláeygðan mann áður. En ég er nú ekki þekktur fyrir að vera feim-

Frábær upplifun í góðum hópi

Bjarney M. Jónsdóttir skellti sér á kynningarfund hjá gönguhópum Íslenskra fjallaleiðsögumanna fyrir fimm árum og sér ekki eftir því. Hún segir gönguhópinn Fjallafólk frábæran félagsskap og ómetanlegt að geta ferðast um hálendi Íslands undir stjórn fagmanna.

Ég er að upplifa vetrarferðamennsku sem ég hefði aldrei gert öðruvísi en að ferðast í hópi með fagmönnum,“ segir Bjarney M. Jónsdóttir, en hún gengur reglulega á fjöll með Fjallafólki og Fjallagenginu, sérhæfðum fjallgönguhópum hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum. „Það er frábært að ganga á fjöll með fólk úr ólíkum áttum, úr öllum starfsstéttum og á öllum aldri. Bæði gefandi og lærdómsríkt en við sækjum námskeið í vetrarferðamennsku þar sem okkur er kennt á allan búnað og um öryggi á fjöllum,“ segir Bjarney en fimm ár eru síðan hún dreif sig á kynningarfund hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum.

„Ég átti eftir að klára Hvannadalshnúk en það nennti enginn að fara með mér. Þá sá ég auglýsingu frá Fjallaleiðsögumönnum og skellti mér á kynningarfund. Þegar ganga á með vinahópnum fylgir meira umstang, það þarf að

finna dag og tíma sem allir komast. Í Fjallafólki get ég bara drifið mig ein, sem er frábært.“

Góður undirbúningur

Vikulega eru haldnar þrekæfingar, í Öskjuhlíðinni eða í fjöllum í nágrenni Reykjavíkur og hópurinn undirbúinn undir fjallgöngur. Einu sinni í mánuði eru farnar dagsferðir á fjöll eða á jökul. Bjarney segir það mikið öryggi að ferðast undir stjórn leiðsögumanna.

„Við förum í alls konar veðri. Fjöldi leiðsögumanna með hópnum fer eftir því hve hópurinn er stór, hvernig ferð á að fara og hvert. Við lærum mikið í hverri ferð sem er svo skemmtilegt.“

Kynning á starfinu

Fleiri sérhæfðir hópar eru starfræktir hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum, svo sem Skíðagengið, sem hugsað er fyrir vant svigskíðafólk sem langar að vikka



Kynningarfundur á starfi Íslenskra fjallaleiðsögumanna verður haldinn þriðjudaginn 2. desember klukkan 20 að Stórhöfða 33.

MYND/VILHJÁLMMUR ÁRNASON

sjóndeildarhringinn og komast út fyrir troðnar brautir skíðasvæðanna, Brattgengið er síðan fjallamennskuhópur sem ætlaður er

þeim sem öðlast hafa reynslu af göngum og útivist en langar að auka færni sína.

Kynningarfundur á starfi Ís-

lenskra fjallaleiðsögumanna verður haldinn þriðjudaginn 2. desember klukkan 20 að Stórhöfða 33. Nánar á fjallaleidsogumenn.is.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

HANDVERK Í KÓPAVOGI

Hönnun og handverk verður til sýnis í safnaðarheimili Kópavogskirkju í dag frá klukkan 11 til 17. Þar koma hönnuðir og handverksfólk saman og sýna listið sína. Þar má kaupa fót, skart, listgrip og ýmislegt annað fallegt og fá um leið tækifæri til að spjalla við listamennina sjálfa.



20 kíló farin

„Það eina sem hefur virkað fyrir mig!“

Jóhanna Sverrisdóttir



Útsölustaðir: flest apótek heilsubúðir og verslanir.

OptiBac probiotics

„For Women“

gegn sveppasýkingu, bakteríusýkingu og þvagfærasýkingu



Fæst í apótekum og heilsubúðum



STANDA SAMAN
Regína og Skúli eru sammála um mikilvægi öflugra eldvarna fyrir samfélagið á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit. MYND/GUÐNI HANNESSON

ELDVARNAÁTAKIÐ Á AKRANESI

LSS KYNNIR Bæjarstjórinn á Akranesi fræddi skólabörn um eldvarnir en Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar er 80 ára í ár.

Rúmlega hundrað nemendur úr þriðja bekk Brekkubæjarskóla, Grundaskóla og Heiðarskóla heimsóttu Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar í vikunni og fengu fræðslu um eldvarnir. Heimsóknin var liður í Eldvarnaátaki Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sem farið hefur fram um allt land að undanförunu. Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri á Akranesi, sá um að fræða börnin ásamt Þráni Ólafssyni slökkviliðsstjóra. Hún segir átakið hafa mikla þýðingu. „Við töluðum við börnin um reykskynjara og annan nauðsynlegan búnað, hvað bæri að varast og hvernig á að bregðast við ef upp kemur eldur. Síðan fengum við öll að prófa tæki slökkviliðsins. Þannig sameinuðum við leik og fræðslu sem ég held að hafi skilað sér vel. Það er flott framtak hjá landssambandinu að standa árlega að fræðslu um eldvarnir,“ segir Regína.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar, tekur í sama streng. „Þessi fræðsla skilar sér vel inn í skólana og á heimilin. Þegar börnin koma heim spyrja þau um eldvarnir og hvort reykskynjarar og slökkvitæki séu í lagi. Það er sérstaklega

brýnt að huga að þessu nú fyrir hátíðirnar,“ segir Skúli.

Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar er 80 ára um þessar mundir en Slökkvilið Akraness var stofnað 1934 og sameinaðist Slökkviliði Hvalfjarðarsveitar 2008. Regína og Skúli eru sammála um mikilvægi öflugra eldvarna fyrir samfélagið. „Það er ómetanlegt fyrir samfélag okkar að eiga jafn öflugt slökkvilið og raun ber vitni. Það mikilvæga og óeigingjarna starf sem slökkviliðsmennirnir okkar sinna verður seint fullþakkað. Að sjálfsögðu hefur margt breyst á síðastliðnum árum og má í því sambengi nefna aukið eldvarnaeftirlit, fræðslu og fyrirbyggjandi starf slökkviliðsins. Tækjabúnaður slökkviliðsins hefur einnig eflst og er auðvitað gríðarlega mikilvægur,“ segir Skúli.

Regína segir kröfur um eldvarnir hafa aukist á undanförunum árum. „Við hjá sveitarfélögunum erum meðvitund um þá áskorun. Það er mjög mikilvægt að kenna fólki og þá börnum og unglingum, þar sem það á við, rétt viðbrögð við eldsvoða. Meðvitund um eldvarnir er sífellt að aukast og fræðslan skiptir æ meira máli,“ segir hún.

VIÐ ÓSKUM ÞÉR GÓÐRAR MELTINGAR!



www.gengurvel.is

2 hylki fyrir stóra máltíð léttir á meltingunni!

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmakaðanna



SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



100% náttúrulegt OFURFÆÐI

Viltu bæta blóðflæðið?

Yfir hátíðirnar borðum við oft of mikinn mat sem getur haft slæm áhrif á hjarta- og æðakerfið, blóðþrýstinginn og kólesterólið.



GMP vottað hráefni

Rauðrófu „extrakt“

- í hylkjum -

Vissir þú að:

Rannsóknir hafa sýnt að neysla á rauðrófu getur bætt blóðflæði og haft góð áhrif á blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- og æðakerfi.

www.gengurvel.is

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og verslanir

**PÚ VELUR
NÁTTÚRULEGA**



Án Parabena og SLS



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Bryndís Hauksdóttir,
bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson,
kkolbeins@365.is, s. 512 5447



Vissir þú að...
Það er bannað að trissanna börnum eftir liur hött.



LISTAMAÐUR
Halla Birgisdóttir, listamaður og baðvörður, fagnar útgáfu bókverks í kvöld og opnar myndlistarsýningu á mánudaginn í Norræna húsinu en hún teiknar Jóladaatal Norræna hússins í ár.
MYND/STEFÁN



Heimilistæki



FÖNIX

fonix.is • Hátúni 6a • 105 Reykjavík • S. 552 4420

BRUCE WILLIS Á AÐFANGADAG

HELGIN Listamaðurinn Halla Birgisdóttir fagnar útgáfu bókverksins *Speglar inn í framtíðina, í dag*. Þá verður opnuð sýning á verkum hennar í Norræna húsinu á mánudag en hún teiknar jóladaatal Norræna hússins í ár. Á aðfangadag finnst henni gott að gleyma sér yfir bók með Bruce Willis í bakgrunninum.

Við kærastinn og dóttir okkar höfum haldið okkar eigin jól síðustu þrjú ár og við bæði haldið í ákveðnar jólahæðir frá okkar æskujólum. Hans hefur er að horfa á Die Hard eftir matinn og mín er að lesa bókina sem ég fékk í jólagjöf,“ segir Halla Birgisdóttir, listamaður og baðvörður, þegar hún er spurð út í jólahæðirnar. Hún segir Bruce Willis og bóklestur fara vel saman. „Hans hefur er óvenjulegri en mín en mér finnst hún mjög skemmtileg. Ég les bara með Die Hard í bakgrunninum. Ég fæ mér líka alltaf ristað brauð með graflaxi í morgunmat, eitthvað sem ég vildi aldrei smakka sem barn. Nú sé ég mikið eftir öllum þeim skiptum sem ég neitaði brauðinu, því þegar ég loksins smakkaði finnst mér það svo gott.“

Halla er ein sex systra og segist gjarnan nýta helgarnar til að hitta fjölskylduna. Foreldrar hennar búa á bóndabæ á Kjalarnesi og þar hittist hópurinn oft í mat og tekur í spil um helgar. Hún segist í raun talsvert jólabarn og vilja halda í fleiri jólahæðir úr æsku.

„Heima hjá mömmu og pabba var alltaf möndlugrautur fyrir matinn og mig langaði til að halda í þann sið. Ég prófaði það í fyrri en fannst það ekki það sama. Nú ætla ég að finna eitthvað annað til að setja möndluna í og búa til eigin hefð. Ég hef mjög gaman af öllum tyllidögum og lít á jólin sem eitthvað til að brjóta upp skammdegið,“ segir Halla.

MYRKUR UNDIRTÓNN AÐVENTUNNAR

Jólin hafa reyndar verið í huga Höllu frá því snemma í sumar en hún teiknar jóladaatal Norræna hússins í ár.

Á mánudaginn, 1. desember, verður einnig

opnuð sýning á verkum Höllu í Norræna húsinu í tengslum við jóladaatalið, þar sem hún veltir upp mannlegri hlíð aðventunnar og jafnvel aðeins myrkri.

„Þegar ég fékk verkefnið fór ég að hugsa um fólk og hvernig það hagar sér á jölunum. Mig langaði að fjalla um fólk sem ætti erfitt og hvernig það tekst á við jólin. Það er alvarlegur undirtónn í myndunum en þó líka bjartsýni,“ útskýrir Halla. „Þetta eru teikningar og stuttur texti með. Á fyrstu myndinni er teikning af húsi og textinn segir: „Í þessu húsi hefur enginn hug á því að flagga.“ Á annarri er teikning af móður með barn í fanginu og textinn segir: „Hún er glöð því þau eru örugg saman.“ Það eru falleg orð en þegar betur er að gáð er konan með glóðarauga. Ég er líka að brjóta upp staðalmyndir og teikna til dæmis gamlan mann að þrjóna jólagjafirnar sem mótvægi við ömmuna sem alltaf er að þrjóna. Teikningarnar munu birtast daglega í Fréttablaðinu. Fólk getur til dæmis klippt þær út og raðað í myndasögu.“

ÆTLAÐI AÐ SKRIFA VÍSINDASKÁLDSÖGU

Halla starfar sem baðvörður í Íþróttahúsinu í Breiðholtsskóla á kvöldin en á daginn sinnir hún listinni á vinnustofu sinni í Súðarvogi. Undanfarna mánuði hefur hún unnið að bókverki samhliða jóladaatalinu.

„Ég ætlaði að skrifa vísindaskáldsögu en bjó í staðinn til teikningar sem sýna framtíðina. Verkið heitir Speglar inn í framtíðina og er byggt á teikningum og texta,“ segir Halla.

Speglar inn í framtíðina kemur út hjá Kunstschlager, Rauðarárstíg 1, í dag. Útgáfunni verður fagnað þar í kvöld klukkan 20.

LÉTT
BYLGJAN
967

- JÓLASTÖÐIN ÞÍN!



Létt Bylgjan er í Útvappinu
Útvappið má nálgast á Google Play eða App Store
undir leitaraðinu "Bylgjan"



FITUBRENNSLA Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

ICECARE KYNNIR Chili Burn-töflurnar auka brennslu, örva meltingu og minnka sykurlöngun. Sævar Guðmundsson hefur lést eftir að hann fór að taka Chili Burn. „Mér finnst þörfin í sykur hafa minnkað, mig langar ekki eins mikið að fá mér gos eða nammi og áður.“

Chili Burn-töflurnar eru byltingarkenndar töflur sem hjálpa til við fitubrennslu á náttúrulegan hátt. Töflurnar innihalda chili-jurtina sem eykur brennslu, grænt te sem örvar meltinguna, króm sem minnkar sykurlöngun, piparmintuolíu sem dregur úr uppþembu og vindgangi ásamt B-vítamíni og magnesíum. Chili Burn virkar þannig á þrefaldan hátt; það eykur brennslu, örvar meltinguna og minnkar sykurlöngunina.

HJÁLPAR TIL VIÐ AÐ LÉTTAST

Sævar Már Guðmundsson hefur lengi átt í baráttu við aukakílóin og hefur hreyfing verið helsta ástæða þess að hann hefur ekki verið í ofþyngd. „Fyrir nákvæmlega ári síðan var ég í mjög góðum málum og búinn að vera að léttast töluvert á hálfu ári á undan. Þá hafði ég tekið mataræðið í gegn svo um munaði og hreyfði mig mikið. Álag í vinnunni gerði það svo að verkum að í upphafi þessa árs fór ég að hafa minni tíma til að æfa og borða rétt og fór þá að þyngjast aftur,“ segir Sævar.

Í lok ágúst fór Sævar aftur að mæta í ræktina. „Þetta snýst allt um sjálfsgætu og ég fann það á fyrstu skiptunum mínum að ég þurfti breytingu í öllu. Ég skráði mig í fasta tíma í ræktinni og æfi í það heila fimm sinnum í viku. Eftir að ég sá auglýsingu um Chili Burn í byrjun september ákvað ég að prófa það. Tæpum tveimur mánuðum síðar hafði ég lést um rúm fjögur kíló og fituprósentu lækkað um tæp fjögur prósentustig.“



MINNI SYKURÞÖRF
Sævar langar síður í sælgæti og gos eftir að hann byrjaði að taka Chili Burn.
MYND/STEFÁN

SYKURÞÖRFIN MINNI

Sævar tekur Chili Burn-töfluna kvöld og morgna og hann telur það hjálpa til við að halda bruna gangandi allan daginn. „Með réttu mataræði hjálpar þetta mikið. Auk þess finnst mér þörfin í sykur hafa minnkað, mig langar ekki eins mikið að fá mér gosdrykki eða nammi eins og áður. Ég leyfi mér það þó einu sinni í viku.“

Hann segir það lyklatríði að hafa trú á þessu öllu saman. „Hreyfing skiptir mig miklu máli og rækt á líkamanum til að viðhalda hraustlegu útliti. Chili Burn hjálpar til við að halda niðri sykurlöngun og mataræðinu í lagi auk þess sem það er vatnslosandi,“ segir Sævar.

FRAMLEITT Í SKANDINAVÍU

Sænskir sérfræðingar hjá New Nordic hafa þróað þessar nýju töflur byggðar á efnum úr chili-plöntunni. Þykkunin hefur verið blandað saman við önnur náttúruleg efni sem innihalda katekín-andoxunarefni. Klínískar rannsóknir, sem hafa verið birtar í vísindatímaritum Obesity, sýna fram á að sama magn af þeim innihaldsefnum og er í töflunum getur dregið úr líkamssítu. Sérfræðingarnir bættu piparmintuolíu við töfluna, sem dregur úr uppþembu og vindgangi.

Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að hámarka gæðin bæði úr chili-plöntunni og öðrum innihaldsefnum, allt frá vinnslu þar til neytandinn tekur við þeim.



CHILI BURN TÖFLURNAR

eru ekki ætlaðar fólk með skerta lífrarstarfsemi eða lífrarsjúkdóma. Chili Burn skal taka með mat. Ætlað eldri en 12 ára.

LIFIR ÞÚ LÍFINU TIL FULLS?

Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin og fita í lifrinni getur haft slæm áhrif á líðanina.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólk í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

NÝTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?

Pegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólk. Nú má fá hjálp til þess að minnka það að sögn Birnu Gísladóttur, sölu- og markaðsstjóra hjá IceCare, sem flytur inn Active Liver. „Active Liver styður við niðurbrot fitunnar í þörmunum, bætir meltinguna og stuðlar að eðlilegri lífrarstarfsemi. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins.“



KIRSTEN

Kirsten var með dæmigerð einkenni þess að fita hefði safnast upp í lifrinni. Hún var í ofþyngd, oft uppþembd, með meltingarvandamál og „svampkennda“ húð. Auk þess var hún oft þreytt. Kirsten fékk tækifæri til að prófa nýju Active Liver-töflurnar og eftir þriggja vikna notkun varð hún undrandi. „Húðin á mér er betri og pokarnir undir augunum hafa minnkað. Ég geisla og lít heilbrigðari út. Ég er mjög ánægð og hef ekki sömu löngunina í óhollan mat, áfengi, sætindi og kaffi. Það leikur enginn vafi á því að mér líður miklu betur. Ég er í náttúrulegri vímu. Jurtaöflurnar eru góðar fyrir lifrina og meltinguna. Áður fyrr fann ég að meltingin var ekki í lagi en maður finnur ekki eins mikið fyrir því ef lifrin starfar ekki eðlilega. Þess vegna hafði ég ekki leitt hugann að því hversu mikilvæg lífrarstarfsemi er fyrir aukna vellíðan.“

„Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegri efnaskiptingu og niðurbroti á fitu. Sem betur fer er það ekki einungis prótein sem getur örvað lífrarstarfsemi,“ segir Birna.

LEYNARMÁLID UM ACTIVE LIVER

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtaþykkni, sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar og



BYLTINGARKENNDAR TÖFLUR Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsfulltrúi hjá IceCare, segir Active Liver-töflurnar bæta meltinguna og stuðla að eðlilegri lífrarstarfsemi.
MYND/ANTON

gallsins og efnid kólín sem er mikilvægt fyrir fitubrennslu og hjálpar til við að minnka fitu sem getur safnast fyrir í lifrinni.

LÉTTIST UM TVÆR FATASTÆRÐIR

„Eftir að ég tileinkaði mér heilbrigðari lífsstíl, með því að taka inn Active Liver-töflurnar með kvöldmatnum, finn ég fyrir aukinni vellíðan. Ég hef farið niður um tvær fatastærðir og skipt út fataskápnunum. Það er frábært,“ segir Kirsten.

SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverzlunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.

JÓLASVEINAR Á FERÐ Í JÓLAÞORPI

AÐVENTAN Jólaborpið í Hafnarfirði verður opnað í dag, tólfta árið í röð. Skemmtikraftar koma fram, jólaböll verða haldin og jólatré skreytt. Á Þorláksmessu verður Jólagaanga Hafnarfjarðar farin frá Ásvallalaug að Jólaborpinu þar sem tónleikar verða haldnir.

Jólaborpið í Hafnarfirði verður opnað í dag og verður opið allar helgar fram að jólum auk þess sem þar verður opið 22. desember og á Þorláksmessu. Marín Guðrún Hrafnadóttir, menningarmálafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar, segir ýmsar nýjungar vera í gangi í Jólaborpinu í ár. „Til dæmis verðum við með hafnirska jólatréð sem við Hafnfirðingar ætlum að hjálpa að við að skreyta. Tréð er óskreytt og geta allir komið með sitt jólaskraut og hengt á tréð. Einhver heppinn skreytari verður svo dreginn út og fær verðlaun,“ segir Marín.

Önnur nýjung í ár eru jólaálfar sem verða á sveimi í Jólaborpinu. „Þetta eru nokkrir hópar sem klæða sig upp og leika ýmsar listir, til dæmis verður parkour-hópur þann 13. desember. Við verðum líka með jólaævintýri í Helliggerði um kvöld þar sem Felix Bergsson verður kynnrir, fjölbreytt skemmtidagskrá verður á sviði þar sem Pollapönk spilar meðal annarra góðra gesta, Lína Langsokkur kemur í heimsókn og svo verða jólasveinar á ferð í þorpinu alla daga á milli klukkan tvö og fjögur. Auk þess verða vinsælu útjóláböllin alla laugardaga á aðventunni sem Leikhópurinn Lotta mun stjórna.“

Jólaborpið samanstendur af tuttugu jólalegum söluhúsum



JÓLAMARKAÐUR Tuttugu söluhús eru í Jólaborpinu þar sem finna má fallett handverk og jólaskraut. AÐSENDAR MYNDIR

sem koma frá Þýskalandi. Þar má fá alls kyns jólaskraut og handverk keypt. „Í Jólaborpinu er verið að vinna með öll skilningarvit, þar er hægt að smakka ýmsan mat og drykk og margt að sjá og heyra á sviðinu,“ útskýrir Marín.

Á Þorláksmessu verður jólaganga Hafnarfjarðar en þá verður

safnast saman við Ásvallalaug og gengið sem leið liggur í Jólaborpið. Þar verða svo haldnir Þorláksmessutónleikar Jólaborpsins þar sem verður fjöldasöngur og skötusmakk.

Nánari upplýsingar um Jólaborp Hafnarfjarðar má finna á hafnarfjordur.is.



STEMNING Jólaböll verða haldin í Jólaborpinu alla laugardaga fram að jólum.



JÓLAGLEÐI Jólásveinar verða á sveimi í Jólaborpinu.

ÁTAK GEGN EINELTI

Barnaheill hóf fjáröflunarátakið Jólapeysan síðastliðinn þriðjudag en ágóðinn í ár rennur til forvarnarverkefnis á vegum samtakanna gegn einelti.

Fjáröflunin byggir á áskorunum fyrir almenning og hafa fjölmargir skráð sig til leiks og ákveðið áskoranir sem margar ná út fyrir þægindarammann.

Hér má sjá yfirlit yfir áskoranir sem vert er að fylgjast með á næstu dögum og vikum.

2.12. Telma les fréttir í jólapeysu

2.12. Stefán Karl Stefánsson klæðir Grinch í jólapeysu

3.12. Eygló Harðardóttir verður í jólapeysu á þinginu

4.12. Dagur B. Eggertsson stýrir borginni í jólapeysu

5.12. Harpa Þorsteinsdóttir rekur bolta niður Laugavegin

7.12. Með okkar augum fara á skauta í jólapeysum

9.12. Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, fer í hotjoga í jólapeysu

10.12. Már Guðmundsson seðlabankastjóri tilkynnir vaxtaákvörðun Seðlabankans í jólapeysu

11.12. Vilborg Arna gengur afturábak upp Esjuna í jólapeysu.

12.12. Hraðfréttastrákar verða í jólapeysum í þættinum sínum

12.12. Logi Bergmann Eiddsson verður í jólapeysu í Loga í beinni

13.12. Björgvin Halldórsson verður í jólapeysu á jólatónleikum sínum



JÓLALEGUR Í VINNUNNI Már Guðmundsson tilkynnir vaxtaákvörðun Seðlabankans í jólapeysu 10. desember.

24.12. Hildur Eir Bolladóttir messar í miðnæturmessu í jólapeysu

Verkefnið sem safnað er fyrir nefnist Vinátta og er forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum, þangað sem gjarnan má rekja rætur þess. Það er danskt að uppruna, hefur reynst afar vel og byggir á nýjustu rannsóknum um einelti.

Hægt er að heita á einstaklinga á jólapeysan.is Eins er hægt að styrkja átakið um 1.000-5.000 krónur með því að senda SMS með textanum jol í eftirfarandi númer:

903 1510 (1.000 kr.)
903 1520 (2.000 kr.)
903 1550 (5.000 kr.)



Fullkomnaðu jólamatinn með niðursoðnum ávöxtum frá Del Monte



Ómissandi í forréttinn, aðalréttinn, eftirréttinn og baksturinn

Fallegar Jólagjafir



Rains Regnkápur frá
15.500,-



Úrval af bókum



Viðarúr frá
25.900,-



Marshall hátalari
99.900,-



Lesgleraugu
7.500,-



Plötuspilari
39.900,-



Úrval af hnöttum



Rúmföt
14.900,-



Loðkragar frá
10.900,-



Mikið úrval af
skartgripum



Marshall Headphone
24.900,-



Fallegir loftbelgir



Púði 60x60
19.900,-



Teppi
14.900,-



Rains Töskur frá
12.900,-



Glerbox frá
4.900

MYCONCEPTSTORE

Verslun: Laugavegur 45 / Sími: 519 66 99 / Vefverslun: www.myconceptstore.is

STÆRÐIR 42-56

NÝ SENDING AF JÓLAKJÓLUM

Pantaðu á www.curvy.is eða komdu við í Fákafen 9

Afgreiðslutímar
Mán-Fös frá kl. 11-18
Laug. frá kl. 11-16



Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



BLACK FRIDAY Í Tvö Líf, föstudag og laugardag!

Pils frá 3000,
Buxur frá 4000,
Bolir frá 2000,
Kjolar frá 4000,
Stuðningsbelti frá 2500,
Meðgöngutoppar frá 2000,
Sundbolir frá 4000,
Einnig troðfull slá af vörum á 50% afslætti!

tvö líf

Holtasmári 1

© 517 8500

Sendum frítt um allt land

Opið virka daga 11-18 laugardaga 12-17

www.tvolif.is
/barnshafandi

FYRIR



EFTIR



MYNDIR/PJETUR

FATASKÁPURINN TEKINN Í GEGN

TEKIÐ TIL FYRIR JÓLIN Mæðgurnar Jódís Hlöðversdóttir hönnuður og Tinna Róbertsdóttir lögfræðingur stofnuðu nýverið vistvæna fyrirtækið GreenClean. Þær bjóða upp á heimilisþrif og skipulagsráðgjöf. Eitt af því sem Jódís tekur að sér er að hjálpa fólki að koma skipulagi á skápna sína og skreyta fyrir jólin.

Við höfum fengið afar góð viðbrögð og finnum fyrir mikilli jákvæðni enda nýtt af nálinni að vera með græna línu í þrifum," segir Jódís um hreingerningafyrirtækið sem hún stofnaði með dóttur sinni í síðasta mánuði. „Við höfum mest sinnt venjulegum heimilisþrifum hingað til en tókum einnig að okkur sérstök skipulagsverkefni. Þannig hef ég til dæmis tekið í gegn búr, fataskápa, barnaherbergi, stofur og geymslur," segir hún glaðlega.

Innt eftir því hvort fólk sé almennt í vandræðum með skipulagið á heimilinu svarar hún; „Aðalvandamálið sem flestir eiga við er að þegar þeir kaupa eitthvað er ekkert tekið út í staðinn. Þannig safnast hlutirnir saman og það endar í einu allsherjar kaosi.“ Jódís segir mikilvægt

að taka geymslur, skápa og önnur rými reglulega í gegn þar sem safnast upp dót sem sjaldan er notað.

Jódís segir misjafnt hvort fólk vilji vera með henni í ferlinu. „Sumir segja mér að ráða þessu sjálf en yfirleitt er betra að fólk sé á staðnum meðan ég flokka hverju megi henda, hvað má gefa og geyma.“

SKREYTA FYRIR JÓLIN

Þær mæðgur bjóða fólki einnig upp á að skreyta hjá því fyrir jólin. „Það eru mjög margir sem vilja losna undan þessari kvöð. Þá ræðum við um hvaða hugmyndir fólkíð sjálf hefur, hvort við eigum að nota það dót sem er til eða hvort kaupa þurfi nýtt. Svo setjum við það upp og komum síðan eftir þrettándann og tókum það niður," segir Jódís.



JÓDÍS HLOÐVERSDÓTTIR HÖNNUÐUR

Nánari upplýsingar má finna á green-clean.is og Facebook-síðu GreenClean.

JÓDÍS TÓK SKÁP Í GEGN Á DÖGUNUM. SVONA FÓR FERLIÐ FRAM:

- Jódís mætti daginn áður til að skoða skápinn og ákveða hvað þyrfti að kaupa til að skipulagið héldist sem best áfram eftir að ráðgjöfinni væri lokið.
- Daginn eftir tók hún allt út úr skápnum og flokkaði ásamt húsráðanda niður í þrjá flokka; það sem má gefa, það sem má geyma og það sem er enn í notkun.
- Í flokkinn „það sem má gefa“ fór allur fatnaður og skór sem einfaldlega voru ekki í notkun eða of lítið fyrir heimilisfólkið. Sá flokkur fór í Rauða krossinn.
- Í flokkinn „það sem má geyma“ fór til dæmis fatnaður sem er árstíðabundinn líkt og sumarjakkar (sem settir voru í rennda fatapoka) og sumarskór (sem fóru í glæra plastkassa). Allir sumarskór, golf-skór, töskur og útileguteppi fóru í glæra kassa sem fór flokkað í geymslu.

- Allir aukahlutir á borð við húfur, vettlinga, slæður og trefla voru flokkaðir í sérstakan skópoka sem hengdur var upp á fataslánni inni í skápnum. Slíkt auðveldar aðgengi að þeim.
- Jódís flokkaði ullarpeysur, flísfatnað og íþróttaskó og sett í svarta skipulagskassa í efstu hilluna á skápnum. Tveir skipulagskassar voru settir á gólfíð í forstofuna, en þar eru útifötin aðgengileg fyrir yngsta fjölskyldumeðliminn.
- Þegar upp var staðið fór aðeins 40% af því sem áður var í skápnum aftur inn í hann.

Allur efniviður fyrir skipulagninguna var keyptur í IKEA. Mikil ánægja er meðal heimilismanna með þessa útkomu enda mun styttri tími sem fer í að finna útifatnað og annað á morgnana.



Í GEYMSLU OG RAUÐA KROSSINN
60 prósent þess sem var í skápnum fór ekki inn í hann aftur.

JÓLABAKSTUR

LAUGARDAGUR 29. NÓVEMBER 2014

Kynningarblað

Strásæta í stað sykurs

Prófaðu að skipta sykrinum út fyrir strásætu frá Via-Health. Hún er án hitaeininga. **SÍÐA 2**

Allt í baksturinn

IKEA býður upp á mikið úrval af bökunurvörum fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna. **SÍÐA 6-7**

Piparkökuhús Hvíta hússins

Árlega rís glæsilegt piparkökuhús í Hvíta húsinu. **SÍÐA 4**

Strásæta er galdurinn – náttúruleg sæta í stað sykurs

Via-Health sérhæfir sig í vörum sem sæta mat og bakstur. Vörurnar eru án hitaeininga og kolvetna. Þær hækka ekki blóðsykur og valda ekki tannskemmdum. Stevíudropar frá Via-Health komu fyrst á markað en síðan hefur bæst við vöruúrvalið jafnt og þétt. Nú síðast komu á markað þrjár tegundir af strásætu sem auðvelt er að skipta út fyrir sykur.

Via-Health sérhæfir sig í vörum sem sæta mat og bakstur. Vörurnar eru án hitaeininga og kolvetna. Þær hækka ekki blóðsykur og valda ekki tannskemmdum. Stevíudropar frá Via-Health komu fyrst á markað en síðan hefur bæst við vöruúrvalið jafnt og þétt. Nú síðast komu á markað þrjár tegundir af strásætu sem auðvelt er að skipta út fyrir sykur.

Stevíudroparnir frá Via-Health komu fyrst á markað í maí árið 2013. „Við höfum síðan bætt við vöruúrvalið jafnt og þétt,“ segir framkvæmdastjórnin, Bjarný Björg Arnórsdóttir. „Næst komu stevíutöflur og litlir „catering“-pokar sem eru hugsaðir út í te og kaffi. Nú erum við að byrja með þrjár nýjar tegundir af strásætu; erýtritol með stevíu, erýtritol og erýtritol fínmalad og höfum fengið frábærar viðtökur.

Stevía er notuð til að sæta mat og í bakstur. Um er að ræða jurtt sem vex villt í skógum Suður-Ameríku. Stevía er í dag ræktuð víða um heim. Via-Health notar einungis lífrænt ræktaða stevíu. Fjölskykrurnar í strásætu eru 250 til 300 sinnum sætari en sykur. Stevía er samt sem áður án allra hitaeininga og kolvetna. Hún veldur ekki tannskemmdum og er eiturefnalaus.

Strásætan frá Via-Health er náttúruleg vara án aukefna. Hún er byggð á sykuralcohólinu erýtritol. Það kemur náttúrulega fyrir í perum, melónum og sveppum svo dæmi séu nefnd. Rannsóknir sýna að erýtritol hefur hvorki áhrif á blóðsykur né insúlín. Það þýðir að fólk með sykursýki getur notað strásætuna frá Via-Health án vandkvæða. Strásætan er jafnframt vinsæl hjá þeim sem hafa tileinkað sér lágkolvetna mataræði og öðrum sem vilja takmarka sykurneyslu sína. Strásæt-

an inniheldur engar hitaeiningar. Strásætan með stevíu er jafn sæt og sykur og er því hægt að skipta henni jafnt út fyrir sykur í uppskriftum. Fínmalada strásætu er svo hægt að nota í stað flórsykurs.

Bjarný segir marga vilja takmarka sykurneyslu sína en hafa áhyggjur af því hvort öruggt sé að nota gervisykur. „Á síðustu árum hafa verið gerðar fjölmargar rannsóknir á stevíu sem sýna fram á að hvorki mönnum né dýrum stafi hætta af neyslu hennar. Strásætan með stevíu frá Via-Health er náttúruleg og án aukefna.“ Bjarný hvetur fólk til að prófa strásætuna í hjónabandsæluna, skúffukökuna eða annað sætmeti.

Via-Health stóð að sögn Bjarnýjar fyrir smákökukeppni í nóvember þar sem matarbloggararnir Ebba Guðný Guðmundsdóttir (pureebba.com) og Berglind Guðmundsdóttir (gulurrauðrgrænnogsalt.is) völdu, ásamt og Bjarnýju, þrjár vinningsuppskriftir og skipuðu þær í fyrsta til þriðja sæti. Kókosblúndur Rutar Þórisdóttur hrepptu fyrsta sætið. „Þá kemur jólabæklingur Via-Health í búið eftir helgi en þar má finna frábærar uppskriftir fyrir jólin, þar á meðal vinningsuppskriftirnar úr smákökukeppninni,“ upplýsir Bjarný. Meðfylgjandi er piparkökuppskrift frá Ebbu Guðnýju og vinningsuppskrift Rutar.

Allar nánari upplýsingar er að finna á via-health.is og á Facebook undir Viahealth.

Vörurnar frá Via-Health fást í öllum helstu matvöruverslunum. Má þar nefna Bónus, Krónuna, Hagkaup og Fjarðarkaup.



Bjarný hvetur fólk til að prófa strásætuna í allan hefðbundinn bakstur. Útkoman kemur á óvart. MYND/STEFAN

Strásæta með stevíu	Strásæta	Strásæta fínmaluð
Strásætan með stevíu inniheldur sama sætleika og sykur. Er náttúrulegur staðgengill sykurs án hitaeininga og hækkar ekki blóðsykurinn.	Strásætan hefur 70% sætleika sykurs. Er náttúrulegur staðgengill sykurs án hitaeininga og hækkar ekki blóðsykurinn.	Fínmalada strásætan er náttúrulegur staðgengill flórsykurs án hitaeininga og hækkar ekki blóðsykurinn.

PIPARKÖKUR EBBU GUÐNÝJAR GUÐMUNDSDÓTTUR

Matarbloggarinn, sjónvarpskokkurinn og matreiðslubókahöfundurinn **Ebba Guðný Guðmundsdóttir** hefur góða reynslu af vörum frá Via-Health og hefur notað þær mikið frá því þær komu á markað. Hún gefur hér uppskrift að piparkökum fyrir jólin þar sem hún notar bæði strásætu og stevíudropana frá Via-Health.

Piparkökur

- 2 dl gróft spelt
- 3 dl fínt spelt (og aðeins meira til að fletja út)
- 1 dl strásæta með stevíu frá Via-Health
- 1 tsk. kanill
- 1 tsk. negull
- 1 tsk. engifer
- 1/6 tsk. pipar (eða piparmix)
- 2 tsk. vínsteinslyftiduft
- 40 dropar (1 tsk.) kanilstevía frá Via-Health
- 90 g smjör í bitum
- 1/2 dl lífrænt hlynsíróp



Blandið þurrefnum saman. Bætið svo smjöri og hlynsírópi út í og hnoðið í deig með höndunum. Látið deigið bíða í kæli í um 20-30 mínútur ef þið hafið tíma. Hitið ofninn í 180°C. Skiptið deiginu í 4 bita (það er auðveldara þannig) og fletjið út varlega (um 0,5 cm á þykkt). Notið fínt spelt svo deigið festist ekki við borðið. Stingið út kökur og raðið á bökunarappír á bökunarplötu og bakið í um 10-12 mínútur.

*Piparkökur geymast best í frysti.



VERÐLAUNAUPPSKRIFTIN ÚR KÖKUKKEPPNI VIA-HEALTH

Kókosblúndur

- 260 g smjör, mjúkt
- 6 dl haframjöl
- 2 1/2 dl kókosmjöl
- 3 dl Via-Health strásæta með stevíu
- 2 egg
- 2 tsk. lyftiduft
- 2 msk. hveiti
- 150 g núggat, brætt
- 200 g suðusúkkulaði

Smjör og haframjöl er hrært saman. Þá er egg, kókosmjöl, strásætu, lyftidufti og hveiti blandað út í og hrært saman.

Setjið deigið á bökunarplötu, með teskeið. Passið að kökurnar verði ekki of stórar. Bakið við 190°C í 6-7 mínútur.

Uppskrift: Rut Þórisdóttir. 1. sæti í smákökukeppni Via-Health.

Bræðið núggat og smyrjið á kalda köku.

Takið álíka stóra köku og setjið ofan á svo úr verði samloka.

Súkkulaðið er því næst brætt og hálfri kökunni stingið ofan í. Látið storkna á bökunarappír.



Hrærivélin frá Bosch er margverðlaunuð enda falleg, kraftmikil og þýðgeng.

„Bestu kaupin“ hjá sænska neytendablaðinu Råd & Rön í apríl 2013.

Prófaðu hana í eldhúsinu þínu í 60 daga. 100% ánægja eða endurgreiðsla.



Råd & Rön
HÆSTA EINKUNN
April 2013



reddot design award




BOSCH

- BÚÐIN -

Hlíðasmára 3 • www.bosch.is • Sími 520 3090

TAPAS Í JÓLAMATINN?



Hvíta húsið búið til úr hvítu súkkulaði.

Hvíta húsið úr deigi

Allt frá árinu 1969 hefur ár hvert verið byggt veglegt piparkökuhús á glæsilegu heimili forseta Bandaríkjanna. Fyrstu árin voru húsin fremur hefðbundin en með tímanum hefur metnaður kökugerðarmeistara Hvíta hússins aukist, húsin hafa stækkað og orðið íburðarmeiri og flúraðri.

Pat Nixon, eiginkona Richards Nixon Bandaríkjaforseta, var upphafskona þessarar skemmtilegu hefðar en hún lét kokka Hvíta hússins byggja fallegt piparkökuhús árið 1969. Fyrsta húsið var A-laga og átti að endurspeglar skíðaskála. Í húsið voru notuð um átta kíló af piparkökudeigi og um þrjú kíló af kökukremi.

Hugmyndin þótti svo skemmtileg að hún varð að hefð. Með tímanum stækkuðu húsin og í fyrra jó listaverkið um 200 kíló.

Kokkar Hvíta hússins fylgja mismunandi þema á hverju ári. Síðustu ár hafa kökugerðarmeistararnir spreytt sig á því að túlka sjálft Hvíta húsið á mismunandi tímabilum. Á kjörtímabili Clinton-hjónanna urðu hins vegar æskuheimili þeirra hjóna fyrir valinu. Skreytingarnar hafa verið af ýmsum toga en gæluðyr forsetafjölskyldnanna hafa fengið sinn sess í gegnum tíðina.

Undirbúningurinn að verkinu hefst með hugmyndavinnu í júlí. Þegar í október er byrjað að baka fyrstu plöturnar þar sem þær þurfa að harðna í margar vikur. Þegar piparkökuplötturnar eru nógu harðar er sagað í þær með stingsög til að búa til glugga og hurðir. Síðustu dagana fyrir afhjúpunina vinnur kökumeistarinn og lið hans allan sólarhringinn við að fínþússa öll smáatriði. Húsið er síðan flutt í viðhafnarborðstofuna sem er ekki lítið verk enda verkið allt niðþungt.

Allt að níutíu þúsund gestir fá að skoða húsið meðan það stendur uppi. Þeir sem vilja koma og skoða þurfa að panta tíma sex mánuðum áður. Kökumeistarinn sinnir viðhaldi hússins á meðan það er til sýnis sem getur verið æði erfitt. Eitt árið hrundi til dæmis þakið og þá tók við vandasamt verk við að endurbyggja það án þess að spilla nokkru öðru.

Þótt húsið sé ekki ætlað til átu heldur einungis sem sýningargripur hafa ýmsir viðurkennt að hafa nartað í skreytingarnar. Til dæmis sást til Richards Nixon næla sér í bita aftan af húsinu þar sem hann hélt að enginn myndi taka eftir því. Jenna Bush viðurkendi að hafa séð systur sína, Barböru, narta í marsípan- og súkkulaðiskrautið. Amy Carter, Chelsea Clinton og jafnvel Hillary Clinton sjálf hafa viðurkennt að hafa nælt sér í bita af hinum forboðnu sætindum.



Kokkur Hvíta hússins við meistaverk sitt.



Hillary Clinton við æskuheimili sitt úr piparkökudeigi.



Laura Bush við hús ársins sem samanstóð af 40 kílóum af piparkökudeigi, 25 kílóum af súkkulaði og 10 kílóum af marsípani.



Alsett snjókornum og slaufum.



Ýmis dýr voru mótuð úr marsípani.



NESSKIP

Flutningastjóri (Chartering Manager)

Nesskip leitar að áreiðanlegum og traustum starfsmanni í starf flutningastjóra fyrirtækisins. Í boði er áhugavert og lifandi starf fyrir réttan aðila, mikil samskipti við innlenda sem erlenda viðskipta- og samstarfsaðila, tilboðs- og samningagerð ásamt þátttöku í stefnumótun og áætlanagerð. Starfið er liðsheildarvinna sem krefst mikillar athygli, góðrar samvinnu og sveigjanleika frá viðkomandi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun, s.s. á sviði viðskipta- og/eða markaðsfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla í sölu-, markaðs- og þjónustustörfum nauðsynleg. Starfsreynsla og/eða þekking á flutningatengdri atvinnustarfsemi er kostur í starfinu
- Mjög góðir þjónustu- og samstarfshæfileikar
- Góð almenn tölukunnátta
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti. Vald á norðurlandamáli er jafnframt mikill kostur í starfinu

Nesskip er flutningaþjónustufyrirtæki og er kjarnastarfsemi félagsins flutningur heilfarma á sjó (stórflutningar) til og frá Íslandi auk umboðsþjónustu við erlend skip. Hjá Nesskipum starfar samhentur hópur starfsmanna þar sem samvinna og liðsheild eru grundvallaratriði. Sjá nánar á www.nesskip.is.

Gert er ráð fyrir að ráðið verði í stöðuna á fyrsta ársfjórðungi 2015 eða eftir nánara samkomulagi. Nesskip hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 7. desember nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent



strætó.is

Framkvæmdastjóri

Stjórn Strætó bs. auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra. Leitað er eftir sterkum leiðtoga til að stýra rótgrónu og metnaðarfullu fyrirtæki á sviði almenningssamgangna. Framkvæmdastjóri starfar í umboði stjórnar og ber ábyrgð á að framfylgja stefnu og ákvörðunum eigenda.

Framkvæmdastjóri:

- Ber ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun félagsins
- Ber ábyrgð á innleiðingu, framkvæmd og eftirfylgni stefnu
- Ber ábyrgð á áætlanagerð og framkvæmd áætlana
- Vinnur náið með stjórn og framkvæmdastjórn félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á sviði rekstrar og/eða stjórnunar er kostur
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun
- Þekking og reynsla af stefnumótun og áætlanagerð
- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptafærni
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi


Strætó bs. er öflugt þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna þar sem starfa um 300 starfsmenn sem mynda sterka liðsheild. Strætó bs. er byggðasamlag, í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem hefur það meginmarkmið að veita viðskiptavinum góða þjónustu með öflugum og víðtæku leiðarkerfi og gefa þeim kost á að komast leiðar sinnar á hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Strætó starfar í anda gæðastjórnunar og er með vottað umhverfisstjórnkerfi samkvæmt ISO 14001 og öryggisstjórnkerfi samkvæmt OHSAS 18001.

Umsóknarfrestur er til og með 15. desember nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent



Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent

■ Hugbúnaðarprófanir - forritun sjálfvirkra prófana

■ Navision ráðgjafi - ferðalög erlendis hluti af starfi

Áhugaverð störf og mikil tækifæri í boði fyrir rétta einstaklinga.

Sjá www.intellecta.is

Síðumúla 5 ■ 108 Reykjavík ■ sími 511 1225 ■ www.intellecta.is

Starfsmaður á gröfu

566294

Björgun ehf. óskar eftir að ráða starfsmann á gröfu.

Leitað er að jákvæðum og drifandi einstaklingi sem er vanur gröfuvinnu og með reynslu af viðgerðum á vinnuvélum. Skilyrði er að viðkomandi hafi vinnuvélaréttindi.

Björgun ehf. sérhæfir sig í efnisvinnslu, hafnaryþkunum og landfyllingum.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW.VINNA.IS



Fjölbreytt og lifandi vinna í boði

Ég er 44 ára kona og óska eftir aðstoðarfólki aðra hvora helgi ásamt vöktum á virkum dögum. Um er að ræða 50 – 70 % stöðu.

Er gift og móðir 3 ára drengs. Mér finnst gaman að lesa bækur, ferðast, þjálfa hundinn okkar. Lifi lífinu lifandi. Starfið felur í sér aðstoð við athafnir daglegs lífs og heimilishald. Unnið er eftir hugmyndafræði um notenda-stýrða persónulega aðstoð.

Hæfniskröfur:

- Góð almenn menntun og íslenskukunnátta.
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, jákvæðni, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hreint sakavottorð skilyrði.
- Bílpróf.

Umsóknarfrestur er til 9. des.

Umsóknir og nánari upplýsingar berist í tölvupósti til Ásdísar Jennu: asdisjenna@npa.is
Símar 896 8911 / 561 1659



Lausar stöður á heilbrigðis- og upplýsingatæknideild (HUT)

Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild Landspítala (HUT) hefur umsjón með öllum tölvukerfum spítalans, lækningatækjum, tölum og öðrum tæknibúnaði. Á deildinni starfa rúmlega 70 starfsmenn. Hlutverk deildarinnar er að styðja við kjarnastarfsemi spítalans enda heilbrigðis- og upplýsingatækni ein megin forsenda hagræðingar og framþróunar í starfsemi hans.

Sérfræðingur

Leitum að öflugum liðsmanni til að sinna fjölbættum verkefnum á sviði heilbrigðis- og upplýsingatækni.

Meginhlutverk sérfræðings er að vinna í ráðgjafahópi Heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar Landspítala, sinna ráðgjöf til klínískra sviða um ferlaumbætur studdar af lausnum sem HUT ber ábyrgð á, veita deildum og sviðum þjónustu á sviði gæðamála auk þróunar innri ferla. Sérfræðingurinn hefur umsjón með öflun nýrra lækningatækja, annast rannsóknir og þróun á hagnýtingu heilbrigðis- og upplýsingatækni ásamt því að sinna verkefnastjórn innan HUT. Starfið laust frá 1. febrúar 2015 eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Ráðgjöf, verkefnastjórn og greiningarvinna fyrir starfsemi HUT
- » Verkefnastjórnun stærri verkefna, sem ná til fleiri eininga en rekstrareiningar HUT
- » Sinna daglegri starfsemi fyrir klínísk svið
- » Samskipti við birgja (seljendur og umboðsaðila þeirra) og verktaka fyrir starfssvið HUT

Hæfniskröfur

- » Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- » Reynsla sem nýtist í starfi æskileg
- » Faglegur metnaður
- » Hæfni í mannlegum samskiptum

Verkefnastjóri

Leitum að öflugum liðsmanni til að sinna fjölbættum verkefnum á sviði heilbrigðis- og upplýsingatækni.

Meðal verkefna eru þátttaka í áframhaldandi uppbyggingu og samræmingu viðbragða við bilunum og rekstrartruflunum. Viðkomandi vinnur náð með gæða- og öryggisstjóra og hefur mikið samstarf við allar starfseiningar HUT. Starfið er laust frá 1. febrúar 2015 eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna við samræmingu viðbragða við bilunum og rekstrartruflunum
- » Þróun og viðhald gæða- og öryggismála.
- » Verkefnastjórnun og greining nýrra tækifæra.


Hæfniskröfur

- » Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- » Reynsla sem nýtist í starfi æskileg
- » Faglegur metnaður
- » Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 22. desember 2014.
- » Starfshlutfall er 100%.
- » Upplýsingar veita Hjörleifur Halldórsson, hjorleih@landspitali.is, sími 825 5048 fyrir starf sérfræðings og Jóhann Bjarni Magnússon, johannb@landspitali.is, sími 825 5382 fyrir starf verkefnastjóra

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.



Sjúkraliðar óskast á smitsjúkdómadeild Landspítala

Laus eru til umsóknar störf sjúkraliða á smitsjúkdómadeild A7 Landspítala í Fossvogi. Störfin eru laus frá 1. janúar 2015 eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði, unnið er í vaktavinnu. Möguleiki er á föstum næturvöktum.

Deildin er 22 rúma sólarhringsdeild, ætluð sjúklingum með bráð lyflæknisvandamál. Deildin sérhæfir sig í smitsjúkdómum en sjúklingahópurinn er fjölbreyttur og gefast því góð tækifæri til starfsþróunar og að öðlast fjölbætta reynslu. Lögð er áhersla á að taka vel á móti nýju fólki og veita góða einstaklingshæfða aðlögun.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Hjúkrun einstaklinga í samvinnu við aðra fagaðila
- » Virk þátttaka í fjölskylduhjúkrun

Hæfniskröfur

- » Hjúkrun einstaklinga í samvinnu við aðra fagaðila
- » Virk þátttaka í fjölskylduhjúkrun

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 15. desember 2014.
- » Starfshlutfall er 50-100%.
- » Upplýsingar veita Stefania Arnardóttir, deildarstjóri, stefarn@landspitali.is, sími 825 3688 og Þórdís Ágústa Ingólfssdóttir, mannauðsráðgjafi, thoring@landspitali.is, sími 824 5480.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.



Lögmaður

Starf lögmans hjá embætti ríkislögmans er laust til umsóknar. Viðkomandi mun aðallega sinna málflytningastörfum fyrir hönd íslenska ríkisins, sbr. lög nr. 51/1985, um ríkislögmenn. Umsækjendur þurfa að hafa réttindi til málflytninga fyrir héraðsdómi. Um er að ræða fullt starf.

Launakjör eru miðuð við kjarasamning Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.

Umsóknum, með upplýsingum um menntun og starfsferil, þarf að skila til embættis ríkislögmans Hverfisgötu 6 í Reykjavík eigi síðar en **17. desember næstkomandi**. Miðað er við að ráðið verði í starfið frá og með miðjum janúar 2015.

Skrifstofa embættisins og ríkislögmaður veitir allar nánari upplýsingar í síma 545 8490.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Netfang; postur@rlm.stjr.is



Tæknimaður - Rafeindavirki

Friðrik A. Jónsson ehf leitar að framtíðar starfsmanni.

Starfslýsing:

Starfið felst í uppsetningu og viðhaldi á siglinga- og fiskileitartækjum ásamt bilanagreiningu og bilanaleit á verkstæði og um borð í skipum og bátum.

Hæfniskröfur:

Rafeindavirki eða sambærileg menntun. Jákvæðni og hæfileiki í mannlegum samskiptum. Áhugi til að læra og tileinka sér nýja tækni. Sjálfstæð vinnubrögð og góð þjónustulund.

Umsókn og ferilskrá með upplýsingum um menntun og reynslu sendist á faj@faj.is

Friðrik A. Jónsson býr yfir 70 ára viðskiptasögu og er leiðandi í rafeindatækni og þjónustu fyrir skip og báta. Helstu vörumerki okkar eru SIMRAD siglinga og fiskileitartæki. OLEX þrívíddarplotter, Vingtor síma- og kallkerfi. AquaSignal og Norselight ljósabúnaður. Sailor og ICOM fjarskiptabúnaður. Lowrance siglingatæki og dýptarmælur. SeaStar hafupplýsingakerfi ásamt fjölmörgum öðrum.

Friðrik A. Jónsson ehf – Miðhrauni 13
Garðabæ – www.faj.is - s. 552-2111

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar

- Leikskólakennari í Baug
- Aðstoð í eldhúsi á Urðarhóli
- Deildarstjóri á Sólhvörfum
- Leikskólakennari á Sólhvörfum
- Leikskólakennari m/stuðning á Sólhvörfum
- Leikskólakennari í Arnarsmára
- Sérkennari eða þroskaþjálfari í Fifusali

Velferðarsvið

- Forstöðumaður óskast í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



Umsjónarmaður birgða

Landsnet leitar að öflugum einstaklingi í nýtt starf umsjónarmanns birgða. Viðkomandi mun heyra undir innkaupastjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð og umsjón með daglegum rekstri birgðahalds
- Umsjón með birgðastýringu
- Þjónusta við viðskiptavinum lagars
- Skýrslugerð og greiningarvinna vegna birgðahalds
- Umsjón og ábyrgð á rekstri og umhirðu birgðasvæða

Landsnet

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öflugra liðsheid, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður.

Við leitum að einstaklingi sem býr yfir:

- Reynslu af birgðastýringu – skilyrði
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekkingu á birgðastýringarkerfum, þekking á Dynamics Ax er kostur
- Góðri tölvufærni
- Þekkingu á vörum tengdum háspennu – kostur
- Sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- Hæfni í samskiptum
- Hæfni í skýrslugerð og vinnu með tölugögn og texta
- Metnaði til að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til og með **14. desember nk**. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita **Helga Jónsdóttir** (helga.jonsdottir@capacent.is) og **Silja Jóhannesdóttir** (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.



Hjá Pacta Lögmennum starfa á þriðja tug reyndra lögmanna á 14 starfsstöðvum víða um land. Lögmenn Pacta búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á flestum sviðum lagaumhverfis sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Markmið Pacta er að veita viðskiptavinum um land allt gæða lögmennsþjónustu og ráðgjöf, byggða á þekkingu, trausti og áreiðanleika sem skilar faglegum og heiðarlegum vinnubrögðum. Með samræmdu upplýsingakerfi og samskiptalausnum hafa lögmenn Pacta einstakan aðgang að reynslu og sérþekkingu annarra lögmanna stofunnar, hvar sem þeir starfa á landinu.

Við viljum ráða lögmenn til starfa

Akranes og Vesturland

Við leitum að lögfræðingi til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu Pacta á Vesturlandi, með starfsstöð á Akranesi.

Meðal verkefna eru fjölbreytt viðfangsefni á sviði lögfræðilegrar ráðgjafar og samningagerðar, málflutningur, ábyrgð á mætingum í héraðsdóma og hjá Sýslumannsembættum. Við leitum eftir ákveðnum og drífandi einstaklingi sem er metnaðarfullur og sjálfstæður í starfi og býr yfir mikilli samskiptafærni. Æskilegt að viðkomandi hafi málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Vestmannaeyjar

Við leitum að lögfræðingi til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu Pacta stofunnar í Vestmannaeyjum.

Meðal verkefna eru fjölbreytt viðfangsefni á sviði lögfræðilegrar ráðgjafar og samningagerðar, málflutningur og umsjón og ábyrgð á fullnustugerðum, auk samskipta við mætingaraðila.

Við leitum eftir ákveðnum og drífandi einstaklingi sem er metnaðarfullur og sjálfstæður í starfi og býr yfir mikilli samskiptafærni. Æskilegt að viðkomandi hafi málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Nánari upplýsingar veitir Benjamín Axel Árnason, verkefnastjóri Pacta, í síma 440 7900 og á netfang benjamin@pacta.is. Umsóknarfrestur er til 10. desember 2014. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarupplýsingar. Ráðið verður í störfin samkvæmt nánara samkomulagi.

Pacta lögmenn | Laugavegi 99 | 101 Reykjavík | Sími 440 7900

Reykjavík | Hafnarfjörður | Akranes | Ísafjörður | Blönduós
Sauðárkrúkur | Siglufjörður | Dalvík | Akureyri | Húsavík
Egilsstaðir | Reyðarfjörður | Selfoss | Vestmannaeyjar

PACTA
L Ö G M E N N

miðlun

Miðlun óskar eftir kraftmiklum og metnaðarfullum sölufulltrúum.

Við erum að leita að fólki sem er jákvætt, vandvirkt, með góða tölvukunnáttu og góða íslenskukunnáttu.

Um hlutastarf á kvöldin er að ræða. Vinnutíminn er frá 17:30-21:45 en vaktafyrirkomulagið er sveigjanlegt. Það er gert ráð fyrir að starfsmenn vinni að minnsta kosti 2 vaktir á viku en frjálst er að vinna eins mikið og hver vill. Starfið hentar sérstaklega vel með námi.

Við bjóðum upp á skemmtilegt vinnuumhverfi, gefandi verkefni, góð laun fyrir gott fólk og frábær laun fyrir frábært fólk.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til **Júlíu Birgisdóttur, sölustjóra**, á julia@midlun.is

VIÐ ERUM
ALVEG
AÐ OPNA!

Apotek restaurant leitar að öflugum einstaklingum í spennandi störf á nýjan veitingastað í miðbæ Reykjavíkur.

Þjónar - hlutastarf

Leitum að brosmildu þjónustufólki á kvöldin og um helgar.

Morgunhanar - fullt starf og hlutastarf

Við leitum að morgunhressum starfsmönnum til að sjá um morgunverð.

Reynsla mikill kostur ásamt metnaði, þjónustulund og jákvæðni.

Vinsamlega sendu ferilskrá á apotek@apotekrestaurant.is fyrir 5. desember, ef þú vilt slást í hópinn. Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 551 0011.

APOTEK
RESTAURANT /

Austurstræti 16
101 Reykjavík
Sími 551 0011
apotekrestaurant.is

Sterk tengsl í
íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Hjúkrunarfræðingur á hjarta-, lungna- og augnskurðdeild 12E

Laust er til umsóknar starf hjúkrunarfræðings á hjarta-, lungna- og augnskurðdeild 12E. Á deildinni gefst gott tækifæri til að öðlast góða faglega færni í að sinna fjölbreyttri, krefjandi en spennandi hjúkrun.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Hjúkrunarfræðingur ákveður, skráir og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu.

Hæfnikröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Faglegur metnaður
- » Góð samskiptahæfni
- » Sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 15. desember 2014.
- » Starfshlutfall er 60-100%.
- » Umsón skal fylgja náms- og starfsferilskrá. Ákvörðun um ráðningu byggist á innsendum gögnum og viðtölum. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast skrifstofu framkvæmdastjóra skurðlækningasviðs, 13 A við Hringbraut.
- » Upplýsingar veitir Kolbrún Gísladóttir, deildarstjóri, kolbgisl@landspitali.is, sími 825 5292.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Verkfræðingur eða tæknifræðingur óskast til starfa á skrifstofu framkvæmda og viðhalds

Um er að ræða starf hjá byggingadeild skrifstofu en byggingadeild sér um áætlanagerð, hönnun, útbod, framkvæmd og eftirlit með stofnframkvæmdum ásamt viðhaldi fasteigna eignasjóðs. Meðal verkefna byggingadeildar eru nýbyggingar, endurgerð og viðhald leik- og grunnskóla, íþróttamannvirkja og sundlauga, frístundaheimila, ýmissa menningarstofnana og annarra stofnana og fasteigna í eigu Reykjavíkurborgar. Skrifstofan er til húsa í Borgartúni 12-14 og næsti yfirmaður er deildarstjóri byggingadeildar.

Starfssvið

- Verkefnastjórn við nýframkvæmdir og viðhald fasteigna þ.m.t. umsjón með aðkeyptu byggingaeftirliti og ráðgjöf við undirbúning, hönnun og öflun útbóðs- og verðfyrirspurnargagna vegna endurbóta- og viðhaldsverkefna deildar.
- Gerð viðhaldsáætlunar og eftirfylgd með framgangi hennar og uppfærslum og breytingum í samráði við deildarstjóra, fasteignastjóra og fleiri aðila.
- Umsjón með útbóðsverkum.
- Samræming á vinnuáætlun viðhalds og nýframkvæmda varðandi verklegar framkvæmdir.
- Umsjón með gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana og að kostnaður haldist innan fjárhagsáætlunar.
- Ráðgjöf um viðhaldsþörf og gerð viðhaldsáætlunar.
- Samskipti við íbúa, verkfræðistofur og verktaka og svara fyrirspurnum og erindum.
- Samstarf við skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar (SEA) um fjármögnunar- og framkvæmdaáætlanir vegna verkefna við viðhald og meiriháttar endurbætur á fasteignum borgarinnar.
- Skráning viðhaldsverkefna og kostnaðarstöðu þeirra í verkbókhald og yfirferð og samþykkt reikninga.
- Skráning í eignavef Reykjavíkurborgar og eftirfylgni með uppfærslum.
- Skráning upplýsingar um verkefni í Framkvæmdasjá.
- Halda fræðslufyrirlestra og kynningar fyrir samstarfsfólk, aðrar stofnanir, hagsmunaaðila og íbúa vegna framkvæmda í borg.
- Vettvangsferðir á vinnusvæði.
- Taka þátt í stjórnun ýmissa tilfallandi verkefna deildar og eftirfylgni þeirra.
- Staðgengill deildarstjóra byggingadeildar.

Menntun- og hæfniskröfur

- Menntun í verkfræði eða tæknifræði.
- Yfirgripsmikil starfsreynsla á starfssviði.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af og þekking á verkefnastjórnun á sambærilegu starfssviði.
- Reynsla af starfs- og fjárhagsáætlanagerð og almennri skýrslugerð.
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni.
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum og kostnaðarvitund.
- Frumkvæði, áráðni og röggsemi til verka.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist skrifstofustörfum og góð þekking á Word og Excel.
- Skilningur á verkbókhaldi.

Um er að ræða 100% starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélag. Nánari upplýsingar um starfið veitir Agnar Guðlaugsson deildarstjóri byggingadeildar í síma 411-1111.

Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is undir „Laus störf“ og „Verkefnisstjóri á byggingadeild“. Umsóknarfrestur er til og með 14. desember 2014.

Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegl þáð margbreytilega samfélag sem borgin er.



Barnaverndarstofa



Fjölkrafameðferð (Multisystemic Therapy – MST) er gagnreynd meðferð með fjölskyldum unglunga með alvarlegan hegðunarvanda og /eða vímuefnavanda sem annars þyrftu vistun utan heimilis. Meðferðin fer fram á heimili og í nærsamfélagi fjölskyldunnar í samstarfi við skóla og aðra lykilaðila. MST miðar að því að draga úr vandanum með því að efla bjargráð foreldra og bæta samheldni og samskipti í fjölskyldu. Aðgengi er að meðferðaraðilum (þerapistum) í síma allan sólarhringinn.

STARF ÆRPISTA Í FJÖLKERFAMEDFERÐ

Laus er til umsóknar staða MST þerapista. Um er að ræða fullt starf. Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi á sviði heilbrigðis- eða félagsgreina og hafa góða faglega þekkingu og reynslu af meðferðarvinnu. Þerapistar starfa undir stjórn sálfræðings sem er handleiðari og teymisstjóri, eftir meðferðarreglum og aðferðum MST, í samstarfi við erlendan MST sérfræðing. Í byrjun fá starfsmenn 5 daga grunnþjálfun í MST og reglulega þjálfun í framhaldi.

Nánari upplýsingar um starfið og ráðningarskilyrði er að finna á Starfatorgi (www.starfatorg.is)

Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Umsóknarfrestur er til og með 15. desember n.k.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Allar umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests ef starf losnar að nýju. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Barnaverndarstofu í síma 530 2600 (www.bvs.is). Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is.



1954
2014

60

TRÉSMIÐIR

ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins sem byggir á áratuga reynslu í mannvirkjagerð.

Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mannvirkjagerð sem og jarðgangagerð og jarðvinnuframkvæmdir bæði hérlendis og erlendis.

Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.

ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.



Vegna aukinna verkefna óskar ÍAV eftir að ráða öflugum trésmiði til starfa.

Helstu verkefni ÍAV eru á höfuðborgarsvæðinu, suðurnesjum.

Verkþættir eru af ýmsum toga m.a. uppsteypa, glugga- og hurðasetningar, utanhúsklæðningar, innanhúsfrágangur og margt fleira.

Fyrir rétta aðila eru í boði góð laun, góður starfsandi og góð starfsaðstaða.

Verkefnastaða ÍAV er mjög góð og má þar nefna m.a.

- Fangelsi á Hólmsheiði
- Uppbygging hjá HB Granda
- Stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar
- Aðveitustöð á Akranesi
- Kísilver í Helgúvík
- Ýmis smærri verkefni á sviði endurinnréttinga, gluggaísetninga og utanhúsklæðninga

Nánari upplýsingar veitir Magni Helgason mannauðsstjóri í síma 530-4200. Umsóknir má finna á heimasíðu ÍAV, www.iav.is

Við breytum vilja í verk



Störf á Akranesi

Vegna aukinna umsvifa hjá BM Vallá á Akranesi óskum við eftir að ráða starfsmenn til framtíðarstarfa á starfsstöð okkar á Akranesi.

Hjá BM Vallá á Akranesi eru framleiddar Smellinn húseiningar og þar er steypa framleidd og seld.

Umsækjendur þurfa að vera eldri en 19 ára.

Trésmiðir

Óskum eftir vandvirkum, duglegum og samviskusömum trésmiðum til starfa í húseiningaverksmiðju fyrirtækisins á Akranesi.

Verkamenn

Óskum eftir kraftmiklum, duglegum og samviskusömum verkamönnum til starfa í húseiningaverksmiðju fyrirtækisins á Akranesi.

Steypubilstjóri/lagermaður

Óskum eftir kraftmiklum, duglegum og samviskusömum steypubilstjóra og lagermanni til starfa við steypustöð og húseiningaverksmiðju fyrirtækisins á Akranesi.

Hæfniskröfur:

- Stundvísi, samviskusemi og reglusemi
- Góð mannleg samskipti og þjónustulipurð
- Meiraprófsréttindi

Umsóknarfrestur er til 10. desember 2014. Umsóknum skal skila á netfangið radningar@bmvalla.is eða á skrifstofu BM Vallá á Akranesi.

bmvalla.is



ALEFLI EHF

BYGGINGAVERKTAKAR

Húsasmiðir

Óskum eftir að ráða húsasmiði vana mótaupplætti

Kranamaður

Óskum eftir að ráða vanann kranamann

Verkamenn

Óskum eftir að ráða byggingaverkamenn

Upplýsingar gefur Magnús í síma 6604472

RAFEYRI

alltaf í stúdi!

RAFVIRKI ÓSKAST

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa á Þórshöfn.

Fjölbreytt starf, mikil vinna og gott húsnæði í boði.

Áhugasamir hafi samband við Kristinn Hreinsson, kristinn@rafeyri.is

RAFEYRI EHF
NORÐURTANGA 5
600 AKUREYRI
SÍMI 460 7800
rafeyri@rafeyri.is
www.rafeyri.is

EFTIRLITSMANNA Í TÆKNIMÁLUM ÖKUTÆKJA

Samgöngustofa er stjórnáslustofnun samgöngumála með um 160 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varða flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á heimasíðu www.samgongustofa.is.

Samgöngustofa
Ármúli 2
108 Reykjavík
Sími: 480 6000

Samgöngustofa

Samgöngustofa leitar að jákvæðum og duglegum starfsmanni í eftirlit og skráningar ökutækja. Starfið felst einkum í eftirliti með skoðunarstöðvum, bifreiðaumboðum sem og almennri skráningu á ökutækjum. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og hentar einstaklingi sem hefur áhuga og þekkingu á bíltæknimálum. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf eða sveinspróf í bifvélavirkjun skilyrði.
- Gott vald á íslensku er skilyrði.
- Starfsreynsla á sviði bíltækniþjónu og reynsla af skoðun ökutækja er kostur.
- Aukin ökuréttindi eru kostur.
- Gott vald á ensku og norðurlandamáli.
- Góð almenn tölvuþekking.
- Hæfileiki til að skrifa íslenskan texta og þróa hentugt verklag.
- Leitað er að einstaklingi sem er úrræðagóður, skipulagður og ábyrgur.

Umsóknarfrestur er til 15. desember 2014

Sótt er um starfið á www.samgongustofa.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Kristófer Ágúst Kristófersson, deildarstjóri tæknimála ökutækja í síma 480 6000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný.



Þjónustustjóri

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Samskipti við viðskiptavini og yfirumsjón með verkstæðismóttöku
- Samskipti við þjónustuaðila og birgja
- Samskipti við bílaframleiðendur
- Ábyrgð á rekstri þjónustuverkstæðis
- Ábyrgð á standsetningu nýrra og notaðra bíla
- Yfirumsjón með ábyrgðarmálum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýttist í starfi
- Reynsla úr sambærilegu starfi er kostur
- Mjög góð framkoma og hæfni í samskiptum
- Sölu- og markaðsþekking kostur
- Reynsla og þekking á bílum æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og framtíðarsýn
- Metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Ragnarsson. Umsóknum skal skila á tölvutæku formi til bjorn@benni.is. Umsóknarfrestur er til og með 8. desember n.k.

Bílabúð Benna

Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími: 590 2000 • Fax: 590 2099 • www.benni.is

www.vinna.is



Samtök áhugafólks
um áfengis- og
vímuefnavandann

SJÚKRAHÚSIÐ VOGUR

SÁÁ óskar eftir að ráða aðstoðarmann
hjúkrunarvaktar á Sjúkrahúsinu Vogu sem fyrst.

Tölvukunnátta skilyrði.
Vinnutími 09.00 – 13.00.

Upplýsingar veitir Þóra Björnsdóttir
824 7615 eða thora@saa.is

Verkstjóri

Matfugl ehf

.. óskar eftir að ráða verkstjóra
til starfa í kjötvinnslu fyrirtækisins.

Æskilegt er að viðkomandi sé menntaður á
sviði kjötiðnar eða matreiðslu og hafi góða
fagþekkingu á sínu sviði.

Við leitum að einstaklingi
sem er metnaðarfullur, hefur góða
þjónustulund, getur sýnt frumkvæði,
er sveigjanlegur og skipulagður og hefur
hæfileika í
mannlegum samskiptum.

Upplýsingar um starfið sendist á netfangið

gudmundur@matfugl.is

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á
gudmundur@matfugl.is



Matfugl ehf. - völuveg 2 - 270 Mosfellsbæ

SharePoint sérfræðingar

Við hjá **HUX Ráðgjöf** leitum að forriturum,
ráðgjöfum og kerfisstjórum til að slást í hópinn
með okkur. Við erum að leita að háskólamenntuð-
um einstaklingum með reynslu af SharePoint og
.NET forritun eða sambærilega reynslu.

HUX Ráðgjöf sérhæfir sig í innleiðingum og
aðlögunum á Microsoft SharePoint og þjónustar
mörg af stærri fyrirtækjum landsins.

Fyrirspurnir og umsóknir með starfsferilskrám
má senda á atvinna@hux.is fyrir 13. desember.



MATREIÐSLUMAÐUR ÓSKAST

Tapasbarinn óskar eftir
að ráða menntaðan
matreiðslumann í fullt starf

Viðkomandi þarf að vera metnaðarfullur,
jákvæður og með ástriðu fyrir matargerð.

Nánari upplýsingar eru veittar
í síma 895-7350

Ef þú vilt slást
í hópinn sendu
ferilskrá á
bjarki@tapas.is



www.tapas.is



Vantar UT verkefnastjóra

með reynslu (Experienced IT Project Manager)

WEDO ehf er upplýsingatæknifyrirtæki og býður krefjandi,
spennandi og opið vinnuumhverfi, frelsi til að skara framúr
á sinn hátt og hafa gaman í vinnunni.

Umsóknir ásamt CV skulu sendast á job@wedo.is fyrir 12
desember nk. Boðað verður til samtala hlaupandi á
ráðningartíma.

Sjá frekari upplýsingar um okkur og starfið á WEDO.is

Upplýsingar um starfið veitir Ingi Gauti Ragnarsson -

ingig@wedo.is / gsm 6995335

WEDO
Sóltún 26, 105 RVK
www.wedo.is

Við vöxum hratt þessa stundina og þurfum að bæta við
okkur framúrskarandi UT verkefnastjóra.

Meginverkefni:

- Bera ábyrgð á verkefnastjórnun verkefna á E-commerce sviði WEDO
- Halda lykilaðilum upplýstum um gang mála
- Bera ábyrgð á verkefnaskilum og samþykki verkkaupa

Lykilfærni:

- +3 ára reynsla af verkefnastjórnun í hugbúnaðargerð
- Reynsla af hugbúnaðargerð /forritun sem nýttist í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Hæfni til að hafa marga bolta í loftinu samtímis
- PMP (Project Management Professional) vottun er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta

SPENNANDI STÖRF HJÁ LEIÐANDI FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI

Vegna aukinna verkefna óska Terra Nova og Iceland Tours eftir starfsfólki

Um er að ræða eina stöðu við ráðgjöf og sölu til fólks sem hyggur á Íslandsferð.
Góð ensku- og frönskukunnátta er skilyrði (bæði tal og ritun).

- Mjög góð kunnátta í frönsku og ensku. Fleiri tungumál eru kostur.
- Þjónustulipurð, jákvæðni, skipulags- og samskiptahæfileikar, stundvísi og metnaður.
- Góð almenn tölvuþekking (þ.m.t. Excel) og reynsla af sambærilegum störfum.
- Þekking á Íslandi.
- Háskólamenntun er æskileg.

Einnig er um að ræða tvær til þrjár stöður í úrvinnslu hópa og einstaklinga sem og í bókhaldstengd
störf, s.s. úrvinnslu reikninga, innheimtu, kostnaðarbókhald, o.fl..

- Þjónustulipurð, jákvæðni, skipulags- og samskiptahæfileikar, stundvísi og metnaður.
- Góð almenn tölvuþekking (þ.m.t. Excel) og reynsla af sambærilegum störfum.
- Góð tungumálakunnátta. Hagnýt tungumál auk ensku og norðurlandamála eru t.d. franska, þýska, spænska og ítalska.
- Þekking á Íslandi.
- Háskólamenntun er æskileg.

Ráðning í allar ofangreindar stöður er tímabundin í 6-9 mánuði en möguleiki er á framlengingu í einhverjum tilvikum. Við
bjóðum þér spennandi starf og möguleika á starfsþróun innan eins öflugasta ferðaþjónustufyrirtækis landsins. Þú verður hluti
af frábærum hópi starfsfólks sem býr yfir afburðaþekkingu á sínu sviði. Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem fyrst en við
munum bíða eftir rétta fólkinu.

Eingöngu er tekið við skriflegum umsóknum með mynd ásamt upplýsingum um menntun, starfsreynslu, tungumálakunnáttu,
hvenær þú gætir hafið störf ef til kæmi og fleira. Upplýsingar eru ekki veittar í síma. Með allar umsóknir verður farið sem
trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til 7. desember, en farið verður yfir umsóknir og unnið úr þeim jafnóðum og þær berast.

Umsókn sendist á netfangið
starf@terranova.is



Skógarhlíð 18, 105 Reykjavík | www.terranova.is | www.icelandtours.is

www.vinna.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
MST þerapisti	Barnaverndarstofa	Reykjavík	201411/911
Geislafræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201411/910
Lögregluamaður	Lögreglustjórinn á Eskifirði	Neskaupst.	201411/909
Rannsakandi, kyn og loftsl.mál	Edda-öndvegissetur, Háskóli Íslands	Reykjavík	201411/908
Nýdoktor - alþjóðamál o.fl.	Edda-öndvegissetur, Háskóli Íslands	Reykjavík	201411/907
Framhaldsskólakennari	Menntaskólinn á Ísafirði	Ísafjörður	201411/906
Matráður	Fiskistofa	Hafnarfjörður	201411/905
Dýralæknir	Matvælastofnun	Egilsstaðir	201411/904
Hjúkrunarfræðingur	Sjúkradeild HSU	Vestm.eyjar	201411/903
Lögmaður	Embætti ríkislögmans	Reykjavík	201411/902
Hjúkrunarfræðingur	Hjarta-, lungna- og augnskurð. LSH	Reykjavík	201411/901
Læknakandidatar	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201411/900
Sérfræðingur	Heilbr.- og upplýsingatæknid. LSH	Reykjavík	201411/899
Verkefnastjóri	Heilbr.- og upplýsingatæknid. LSH	Reykjavík	201411/898
Sjúkraliðar	Smitsjúkdómadeild Landspítala	Reykjavík	201411/897
Sérfræðingur	Skrifstofa Þjóðgarðsins á Þingvöllum	Reykjavík	201411/896
Sjúkraliðar	Lungnadeild Landspítala	Reykjavík	201411/895
Lyfjatæknir - afleysing	Sjúkrahúsapótek Landspítala	Reykjavík	201411/894
Frágangur skjalasafna	Þjóðskjalasafn Íslands	Reykjavík	201411/893
Sérfræðingur	Þjóðskjalasafn Íslands	Reykjavík	201411/892
Skrifstofustjóri/ læknaritari	Landspítali Geislameðferð	Reykjavík	201411/891
Eftirlitsmaður	Samgöngustofa	Reykjavík	201411/890
Forvörður við handritasvið	Árnastofnun	Reykjavík	201411/889
Náttúru- eða lífeindafræðingur	Landspítali	Reykjavík	201411/888
Sérfræðingur	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201411/887
Sérfræðingur	Veðurstofa Íslands	Ísafjörður	201411/886



Framkvæmdastjóri rekstrar

Háskólinn í Reykjavík leitar að framkvæmdastjóra rekstrar til að leiða og hafa yfirumsjón með þeim sviðum er snúa að rekstri innviða HR, þ.m.t. almenna fjármálastjórn, fasteignausmjón og upplýsingatækni.

STARFSSVIÐ:

Yfirumsjón með fjármálum háskólans í heild, auk þess að stýra fjármála-, upplýsingatækni- og fasteignasviðum HR.

Meðal viðfangsefna eru:

- Fjármál: Áætlanagerð, fjármálastjórn, bókhald og greiðsla og innheimta reikninga.
- Upplýsingatækni: Rekstur tölvukerfa.
- Fasteignir: Yfirumsjón með rekstri ásamt viðhaldi fasteigna og þeirra kerfa sem notuð eru í skólanum.

Framkvæmdastjóri rekstrar tekur virkan þátt í stefnumótun og þróun HR og hefur leiðandi hlutverk í að tryggja fjárhagsstöðu og rekstrarhagkvæmni háskólans í heild. Framkvæmdastjóri rekstrar heyrir undir rektor og á sæti í framkvæmdastjórn HR.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða skyldum greinum.
- Viðtæk reynsla og þekking á fjármálum, bókhaldi og rekstri.
- Haldgód þekking á upplýsingatækni.
- Stjórnunarreynsla.
- Skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð enskukunnátta.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Kristinn Jónsson (ari@ru.is), rektor HR, og Sigríður Elín Guðlaugsdóttir (sigrigureg@ru.is), mannaússtjóri. Umsókn ásamt starfsferilskrá og afriti af viðeigandi prófskírteinum skal skilað á vef háskólans hr.is/lausstorf fyrir 15. desember 2014. Fylgigögn og almennar fyrirspurnir má senda á netfangið mannaudur@ru.is. Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir skólans eru fjórar: lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfaglega, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur háskólans eru um 3500 og starfa um 230 fastir starfsmenn við skólann auk fjölda stundakennara.



Kennari óskast

Menntaskóli Borgarfjarðar óskar eftir að ráða kennara á vorönn 2015.

Um er að ræða tvo áfanga í þýsku (8 kennslustundir á viku).

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðkomandi grein,
- Kennsluréttindi á framhaldsskólastigi,
- Hæfni í mannlegum samskiptum,
- Áhugi á að vinna með unglíngum.

Nánari upplýsingar veitir skólameistari, gudrunbjorg@menntaborg.is eða í síma 433-7701. Umsóknarfrestur er til 3. desember og senda skal umsóknir ásamt ferilskrá til Menntaskóla Borgarfjarðar, Borgarbraut 54, 310 Borgarnes eða á netfangið gudrunbjorg@menntaborg.is

GG VERK leitar að framúrskarandi smiðum og mönnum í mótauppplátt

GG verk ehf. er byggingafyrirtæki í örum vexti og vantar að bæta við sig smiðum og mönnum í mótauppplátt hið snarasta. **Hópar koma sterklega til greina.**



Sæktu um hjá okkur á ggverk.is eða sendu okkur ferilskrána þína á ggverk@ggverk.is merkt „starfsúmsókn“.

Askalind 3
517 1660
ggverk.is



SMIÐIR - PIPARAR - MÚRARAR


Verktakafyrirtæki með áratuga reynslu óskar eftir smiðum, múrurum og pípurum í vinnu, einungis full lærdir iðnaðarmenn koma til greina. Fyrirtækið vinnur í viðhaldsgeiranum og hefur sérhæft sig í tjónaþjónustu. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að taka að sér bakvaktir á 5-7 vikna fresti. Góður starfsandi.

Óskum eftir ferilskrá þar sem fram kemur:

- Námsferill í rauntíma.
 - Allir vinnustaðir frá því viðkomandi byrjaði að vinna almennt, sett í tímaröð.
 - Starfsaldur í faginu.
 - Hverskonar vinna liggur best fyrir þér.
 - Búseta.
 - Fjölskylduhagur osfv.
- 100% trúnaði heitið!**

Áhugasamir sendi póst á: retturmadur@gmail.com
Einnig hægt að hafa samband í síma 8977983

www.vinna.is



VILTU BÓKA NÆSTA ÍSLANDSMEISTARATITIL?

UMF Stjarnan leitar að reynslumiklum bókara í hlutastarf

MENNTUN, REYNSLA OG EIGINLEIKAR

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi er æskileg
- Mikil reynsla af bókhaldsmálum
- Yfirgripsmikil þekking á Dynamics NAV (Navision)
- Öguð vinnubrögð
- Kraftur og frumkvæði

MEÐAL VERKEFNA

- Færsla fjárhagsbókhalds og launabókhalds
- Skráning, útsending og innheimta reikninga
- Afstemmingar bókhalds og iðkendakerfis

Bókari Stjörnunnar mun starfa náið með framkvæmda- og fjármálastjóra félagsins.

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Egilsson, framkvæmdastjóri.

Umsókn með ferilskrá berist til johannes@stjarnan.is fyrir 7. desember 2014.

UMF Stjarnan er lifandi, skemmtilegur, faglegur og metnaðarfullur vinnustaður sem býr yfir blómlegu barna- og unglingsstarfi og á meistaraflokkslið í efstu deild í flestóllum deildum félagsins.

UMF Stjarnan · Stjórnuheimilið v. Ásgarð · 210 Garðabæ
565 1940 · stjarnan@stjarnan.is

Auglýsing frá Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum


Árið 2015 verða veittir úr Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum ferðastyrkir til að styðja íslenska þátttakendur í sænsk-íslenskum verkefnum. Markmið sjóðsins er að stuðla að auknu samstarfi Svíþjóðar og Íslands á sviði vísinda, menntunar og menningar. Um styrki þessa skal sótt á sérstökum eyðublöðum sem er að finna á vefslóðinni www.norden.se.

- Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2015 og skal skila umsóknum samkvæmt upplýsingum á heimasíðu sjóðsins.
- Styrkjum verður úthlutað í apríl nk.

Stjórn sænsk-íslenska samstarfssjóðsins,
29. nóvember 2014



Til Leigu í Sundaborginni



